

SHALDÖR
skoðun 20



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Föstudagur
Allt



NÝR
HAGKAUPSPÉSI
fylgir með fréttablaðinu
í dag!



FRÉTTABLAÐIÐ

FÖSTUDAGUR

PITT

16. apríl 2010 – 88. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

18.49



19.00



EDJAN VELLUR YFIR VEGINN Seigfljótandi jökulvatnið, blandað klakahröngli og aur, vall niður úr Gígjökli. Hlaupið var stærra í upphafi en hlaupið á miðvikudaginn, en dreifði sér og hafði sljákkað í því þegar það kom niður að Markarfljótsbrúnni á hringveginum. Sjónarvottur sagði það vella áfram á 10 kílómetra hraða. Ljósmyndari Fréttablaðsins fangaði stundina þegar hlaupið færði veginn inn að Fljótsdal í kaf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hlykkjaðist fram eins og ormur“

Skyndirýming var á flóðasvæði Markarfljóts undir kvöldmat í gær. Fólk var hvatt til að hlaupa upp í hlíðar til að forðast hlaupið. Búist var við stærra hlaupi en á miðvikudag en raunin varð önnur. Rýmingu var aflétt að hluta til á tíunda tímanum í gærkvöldi.

ELDGOS „Íbúar eru beðnir að rýma strax upp í hlíðar og á örugg svæði.“ Þannig hljóðaði tilkynning Almanna- og borgarinnisráðs klukkan 18.54 í gær. Þá hafði frést af miklu hlaupi á leið niður Markarfljót og gripíð var til skyndirýmingar.

Rúmlega 700 íbúar sveitanna undir jöklinum yfirgáfu heimili sín í skyndi. „Við vorum við fjárhúsið að gefa þegar við heyrðum drunur eins og það væri þota að lenda fyrir utan,“ segir Anna Runólfsdóttir, bóndi í Fljótsdal, innsta bænum í Fljótshlíð. Hún var innilokuð á bænum vegna hlaupsins, en sagðist ekki óttast um öryggi sitt eða fjölskyldu sinnar.

„Við hlupum bara upp í fjall og hringdum í Neyðarlínuna og sögðum þeim að fara að græja sig,“ segir Anna. Hún segist hafa séð upp á Gígjökul, þar sem hlaupið átti upptök sín. Jökullinn hafi verið svartur af drullu, sem þýði að hlaupið hafi komið yfir jökulinn, ekki meðfram honum eins og áður.

Við hlupum bara upp í fjall og hringdum í Neyðarlínuna og sögðum þeim að fara að græja sig.

ANNA RUNÓLFSDÓTTIR
BÓNDI Í FLJÓTSDAL

Runólfur Ólafsson, hjá almanna- og borgarinnisráði Ríkislögreglustjóra, sagði fyrstu upplýsingar frá sjónarvottum, bæði á jörðu niðri og úr flugvél Landhelgisgæslunnar, hafa bent til þess að hlaupið væri stærra en fyrsta hlaupið á miðvikudag. Í ljós hafi komið að það hafi verið mun minna.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir hlaupið í upphafi hafa verið mun kröftugra en það fyrra.

„Þetta hlaup kom með miklum látum niður jökulinn, þetta var miklu meira en fyrsta hlaupið á miðvikudaginn.“

Magnús var í flugvél Landhelgisgæslunnar þegar gosið braust fram. Hann segir að þó hlaupið hafi verið meira um sig við jökulinn hafi dreifst úr því þegar það kom í Markarfljót og mikið hafi dregið úr kraftinum.

Ekki var mikinn asa að sjá á þeim sem leituðu skjóls á Hvolsvelli, enda heimamenn orðnir nokkuð vanir; búnir að rýma heimili sín í þrígang. Þeir nutu góðs viðurgjörnings í Hvolsskóla og héldu flestir sáttir heim þegar rýmingu var aflétt. Þó var henni viðhaldið á tuttugu bæjum.

Ásgeir Árnason, bóndi í Stóru-Mörk III, fylgdist með þegar flóðið rann undir gömlu Markarfljótsbrúna án þess að rjúfa varnargarða.

„Það hlykkjaðist fram eins og ormur,“ sagði Ásgeir. Flóðið sagði hann minna en það í fyrrakvöld en meiri krapi væri í því og það hefði hegðað sér öðruvísi.

Búast má við fleiri hlaupum úr Gígjökli næstu daga. Þá hafa aðrar eldstöðvar gert




LÉTT YFIR FÓLKI Íbúar tóku umstanginu hæfilega alvarlega enda þaulvant fólk á ferð í þriðju rýmingu á skömmum tíma. MYND/EGILL BJARNASON

vart við sig. Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir jarðskjálfta hafa orðið í Grímsvötnum og smáskjálfta í Upp-typpingum. Þá megi ekki gleyma Heklu, sem sé virkasta eldstöð Íslands.

- kóp / sjá síðu 4 til 19

TENGI

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ



IFÖ Next Sturtuklefi

Verð frá 99.900,-

Smíðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000


Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

Milljónir flugfarþega um allan heim strandaglópar vegna ösku frá eldgosinu:

Mestu tafir frá árásinni á New York

ELDGOS Öskuna frá gosinu í Eyjafjallajökli lagði yfir norðurhluta Evrópu í gær og olli hún því að milljónir flugfarþega komust ekki á loft. Þetta eru mestu tafir á flugumferð síðan í kjölfar hryðjuverka-árásanna á World Trade Center í New York 11. september 2001.

Flugsamgöngur lágu niðri í Bretlandi, Írlandi, Belgíu, Hollandi Danmörku, Svíþjóð og Noregi.



Finnar lokuðu öllum flugvöllum nema í Helsinki. Frakkar lokuðu flugvöllum í norðurhluta landsins í gærkvöldi og sömuleiðis var tekið að loka flugvöllum í Þýskalandi, Póllandi og Rússlandi.

Verst var ástandið í Bretlandi, en þetta er mesta röskun á flugumferð á friðartímum þar í landi. Lokunin þar hafði áhrif á 800 þúsund flugfarþega. - kóp / sjá síðu 4

„MEISTARINN ER Í ESSINU SÍNU“

Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið

HEFUR ÞÚ LESIÐ SVÖRTULOFT?

Komin í kilju



Uppskriftnin að föstudagspizzunni er á gottmatinn.is



Björn, verður safnið í lagi?

„Það verður örugglega auðveldara að flokka lagasafnið en laga flokka-safnið.“

Dr. Björn Þór Jónsson, dósent við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, gerði nýverið samstarfssamning við netfyrirtækið D3 sem rekur vefinn tonlist.is um rannóknir á flokkun laga eftir innihaldi.

Meintur fjársvikari talinn hafa stolið 300 milljónum af ríflega 90 manns:

Bauðst til að ávaxta fé fólks

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem grunaður er um stórfelld fjársvik. Lögreglu grunar að maðurinn hafi svikið um 300 milljónir króna af að minnsta kosti 90 manns.

Verði maðurinn sakfelldur fyrir fjársvik er hámarksrefsing sem hann gæti beðið sex ára fangelsisvist. Þeir sem kært hafa manninn segja hann hafa boðist til að ávaxta fé fyrir það. Það hafi hann ætlað að gera ýmist með gjaldþrengingum eða með því að nota fé fólks til

að losa peninga sem hann sagðist eiga á erlendum bankareikningum. Talið er að þúsundir færslna á bankareikningum tengdum manningum tengist meintum fjársvikum.

Talið er að maðurinn eigi sér vitorðsmenn og hafi stundað fjársvikastarfsemi með þeirra aðstoð. Í úrskurði héraðsdóms kemur fram að við yfirheyrslur hafi maðurinn ekki vefengt að hann skuldaði fólki hundruð milljóna króna, og að fjöldi þeirra sem hann skuldi sé að minnsta kosti 90 manns. Hann



DÓMSTÓLAR Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð yfir meintum fjársvikara til 10. maí í gær.

hafi ekki kannast við að hafa brotið af sér, þótt hann hafi kannast við tilvik þar sem hann hafi beitt fólki blekkingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björgólfur Thor Björgólfsson:

Actavis-lán verði gert upp

VIÐSKIPTI Björgólfur Thor Björgólfsson segir Fréttablaðið fara rangt með þegar greint var frá lántökum hans, skömmu fyrir hrun, sem enginn fótur er fyrir. Annars vegar hafi verið um að ræða keypta kröfu af Landsbankanum og í hinu hafi hann fengið greidda kröfu og lagt það fé inn í Straum. Þá muni lán hans, vegna kaupa á Actavis, vera gerð upp að fullu. Fréttablaðið áréttar að fréttin hrun, á upplýsingum úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Yfirlýsingu Björgólfs má lesa á Vísi. - kóp



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON Hann sagði af sér sem þingflokksformaður Samfylkingarinnar eftir að skýrslan var kynnt á mánudag en vikun nú tímabundið úr sæti sínu á þingi.

Sýndi vanrækslu í starfi:

Víkur tíma-bundið úr sæti

ALÞINGI Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, víkur tímabundið úr sæti á Alþingi. Ástæðuna segir hann vera að hann geti truflað vinnu þingmannanefndar, sem tekur afstöðu til þess hvort Björgvin verður dreginn fyrir landsdóm, ásamt Geir H. Haarde og Árna M. Mathiesen.

Rannsóknarnefnd Alþingis komst að því að þeir þrír hefðu sýnt vanrækslu í starfi „með því að láta hjá líða að bregðast á við-eigandi hátt við hinni yfirvofandi hættu fyrir íslenskt efnahagslíf sem leiddi af versnandi stöðu bankanna“.

Bréf Björgvins verður lesið upp á þingfundi í dag og þá tekur varamaður hans við. Björgvin þiggur ekki laun á meðan hann er frá, en getur hyenær sem er komið inn aftur. Í raun er hann í leyfi af persónulegum ástæðum. Hann er enn þingmaður. - kóp

LEIÐRÉTTING

Í dálkinum Frá degi til dags í gær var farið rangt með skuldir Kristján Arasonar og félags hans, 7 hægri. Skuldir hans námu 1,8 milljörðum króna. Kristján segir persónulegar skuldir sínar hafa runnið inn í 7 hægri, sem nú sé farið í þrot. Hann sé því skuldlaus.

Snyrtifræðingur hélt lífinu í viðskiptavini

Ester Kristinsdóttir snyrtifræðingur blés lífi í aldraðan viðskiptavin sem virtist í fullu fjöri en hneig út af þegar hann var í fót snyrtingu. Maðurinn, sem orðinn var blár áður en kann komst aftur til lífs, dvelur enn á sjúkrahúsi að jafna sig.

FÓLK „Það var eins og hann rankaði við sér öðru hverju en um leið og ég hætti þá datt hann út aftur þannig að ég hélt bara áfram að blása,“ segir Ester Kristinsdóttir snyrtifræðingur, sem á þriðjudag bjargaði lífi manns sem fékk hjartastopp þegar hann var í fót snyrtingu.

Maðurinn, sem er 74 ára gamall Hafnfirðingur og bæði hjartveikur og með sykursýki samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, er fastur viðskiptavinur á Snyrtistofu Rósu í verslunarmiðstöðinni Firðinum.

„Hann sat bara hér í fót snyrtingu og í fullu fjöri þegar hann virtist syfja. Sú sem var að sinna honum ætlaði að halla honum aftur en í þeirri andrá lognaðist hann út af,“ lýsir Ester.

Að sögn Esterar þekkjja snyrtifræðingarnir á Rósu vel til mannsins. Hann sé hress og mikill húmoristi en eigi við veikindi að stríða. Þær hafi því strax áttað sig á að staðan væri alvarleg þegar hann hneig í ómegin.

„Hann var hættur að anda og orðinn blár. Við hringdum strax í 112 og það var hlupið hér upp á heilsugæslustöð á þriðju hæð og náð í lækni og hjúkrunarfræðing,“ segir Ester, sem ásamt Helgu Sigurðardóttur, starfsystur sinni, barðist við að halda lífi í manningum þar til önnur hjálp bærst. Sjálf lærði Ester til sjúkraliða á sínum tíma og starfaði lengi í Bláa lóninu þar sem hún sótti skyndihjálparnámskeið.

„Það voru eiginlega ósjálfráð viðbrögð að blása. Helga sem



ESTER KRISTINSDÓTTIR Gafst ekki upp og bjargaði lífi viðskiptavinar sem fékk hjartastopp síðastliðinn þriðjudag.

Hann sat bara hér í fót snyrtingu og í fullu fjöri þegar hann virtist syfja. Sú sem var að sinna honum ætlaði að halla honum aftur en í þeirri andrá lognaðist hann út af.

ESTER KRISTINSDÓTTIR
SNYRTIFRÆÐINGUR.

var með mér byrjaði að hnoða hann líka með leiðbeiningum frá Neyðarlífunni. Svo kom hjúkrunarfræðingurinn og lækurinn og

slógu hann harkalega í hjartastað eins og á að gera og komu honum í gang,“ segir Ester.

Veikindi mannsins eru eins og áður segir alvarleg. Hann fékk aftur hjartastopp í gær þar sem hann dvelur enn á spítala að jafna sig. „Stundum er eins og æðri máttarvöld grípi í taumana. Hann vildi vera í tíma hjá okkur klukkan eitt en fékk tíma klukkan tvö. Ef hann hefði fengið fyrri tímang og verið farinn frá okkur þegar þetta gerðist veit enginn hvernig farið hefði,“ segir Kristín Sigurrós Jónasdóttir, eigandi snyrtistofunnar Rósu.

gar@frettabladid.is

Porvaldur Garðar Kristjánsson látinn

Porvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrverandi alþingismaður, lést á heimili sínu á miðvikudag, nínæður að aldri.

Porvaldur Garðar fæddist á Kirkjubólí í Valbjófsdal í Öndurarfirði 10. október 1919. Hann varð stúdent frá MA 1944 og lauk laganámi við HÍ 1948.

Porvaldur var alþingismaður Sjálfstæðisflokksins 1959, 1963-1967 og 1971-1991. Samhliða þingmennsku var hann framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins 1961-1972 og framkvæmdastjóri þingflokks hans 1972-1983.

Eftir að Porvaldur hætti á þingi öðlaðist hann hæstaréttarlögmansréttindi, þá 72 ára.



Álfheiður skiptir um skoðun:

Steingrímur ekki áminntur

STJÓRNISYSLA Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra mun ekki áminna Steingrím Ara Arason, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, þrátt fyrir að hafa tilkynnt honum bréfleiddis um fyrirhugaða áminningu.

Ráðherra upplýsti á þingi í gær að tilefni til áminningar væri ekki lengur til staðar. Reglugerð um endurgreiðslu tannlækna-kostnaðar vegna alvarlegra galla í munnholi væri komin til framkvæmda.

Tilefni fyrirhugaðrar áminningar var að Steingrímur Ari og ríkisendurskoðandi ráðslöguðu um þá reglugerð. - kóp

Líkur á að stjórn AGS samþykki aðra endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands: Endurskoðun tekin fyrir ári of seint

EFNAHAGSMÁL Ekki kemur í ljós fyrr en að afloknum fundi stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) í dag hvort náðst hefur að tryggja fjármögnun á framgangi efnahagsáætlunar Íslands og AGS.

Þetta kom fram á reglubundnum upplýsingafundi sjóðsins í gær. Á fundinum sagði Caroline Atkinson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs AGS, hins vegar að úr ákvörðun framkvæmdastjórnar og starfslíðs AGS um að leggja málið fyrir stjórnina megi lesa trú þeirra á að málið sé fundartækt og líklegt til framgöngu.

AGS lýsti því yfir fyrir helgi að í dag yrði tekin fyrir á stjórnarfundum önnur endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að þessi endurskoðun ætti sér stað í maílok 2009, þannig að nærri ársdráttur hefur orðið á áætluninni.

Töfin skýrist á því að á meðan deilu Íslendinga við Breta og Hollendinga um lyktir Icesave-samkomulags er ólíkið hefur ekki verið hægt að tryggja fjármögnun áætlunarinnar. Heimildir Fréttablaðsins herma að ákvörðun sjóðsins um að taka málið fyrir ráðist af því að stjórnvöld hafi í viljayfirlýsingu stefnt að því að ljúka samningum um Icesave sem



GAMLIR GRIKKIR Umfjöllun um aðstoð AGS við Grikki vegna efnahagsþrenginga þar í landi var fyrirferðarmikil á kynningarfundum sjóðsins í gær.

fyrst, að því gefnu að viðunandi niðurstaða fengist. Verði endurskoðunin samþykkt verða afgreidd hingað lán í tengslum við efnahagsáætlunina frá AGS og Póllandi.

- óká

LGG+ STYRKIR VARNAR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnar líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

Hopp og hí
og allir fara í
Sumarfrí
á frábæru verði!



Úrval Útsýn býður upp á ferð til Portúgals á frábæru sértíloboðsverði. Misstu ekki af þessu tækifæri því **þetta sértíloboð rennur út á mánudaginn þann 19.apríl** Tryggðu þér ódýrustu sætin í tíma og bókaðu núna á urvalutsyn.is!

**PORTÚGAL
SÉRTÍLOBOÐ
76.900kr**

4 dagar þanga til að sértíloboðið rennur út!

Aparthotel Oceanus



Gott 3 stjörnu íbúðarhótel í ferðamannabænum Olhos D'Agua um 5 km frá miðbæ Albufeira. Hótel er allt nýuppgerpt með fallegum íbúðum og fyrirtaks aðstöðu. Aðeins 500m eru niður á ströndina og stræto stoppar 50 metra frá hótelinu. Veitingastaðir, barir og verslanir eru í göngufæri.

SÉRTÍLOBOÐ

Portúgal (Brottför: 17. júní - vika)
76.900 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu á Aparthotel Oceanus með 1 svefnherbergi.


Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrjá.

Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir brautryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannþjónustu héraðsins.



GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI



Afmæli Danadrottningar: Afmælisgestir verða færri

Mikið verður um dýrðir í Kaupmannahöfn í dag í tilefni af sjö-tugsafmæli Margrétar drottningar. Öskufallið frá Eyjafjallajökli setur þó strik í reikninginn því



MARGRÉT ÞÓRHILDUR

afmælisgestirnir verða færri en reiknað var með. Ljóst er að Ólafur Ragnar Grímsson forseti kemst ekki, en Dorrit forsetafrú var þegar komin til Kaupmannahafnar í gær.

Norsku og sænsku konungsfjölskyldurnar geta ekki flogið til Kaupmannahafnar og taka því lestina. Þá afboðuðu bæði Jóhann Karl Spánarkonungur og Beatrix Hollandsdrottning komu sína. -gb

Svifryk fjórðungur öskunnar: Fólk noti grímur í öskufalli

Almannavarnir mæla með notkun rykgríma þar sem öskufall frá Eyjafjallajökli er sýnilegt. Umhverfisstofnun segir að fjórðungur öskukornanna sé fínt svifryk sem geti farið niður í lungu og ert öndunarfæri og augu. Börn og fólk með öndunarfærasjúkdóma á að halda sig inni eða nota grímu.

Milljónir fastar vegna öskunnar

Milljónir ferðalanga í Norður-Evrópu sátu heima í gær eftir að flugsamgöngur lögðust af. Öskuna frá gosinu í Eyjafjallajökli lagði yfir norðurhluta Evrópu og var flugvöllum lokað hverjum af öðrum.

Aska úr Eyjafjallajökli olli mestu töfum á flugumferð í heiminum síðan 11. september 2001. Flugsamgöngur lágu niðri á Bretlandi, Írlandi, í Belgíu, Hollandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Finnar lokuðu öllum flugvöllum nema í Helsinki. Frakkar lokuðu flugvöllum í norðurhluta landsins í gærkvöldi og sömuleiðis var byrjað að loka flugvöllum í Þýskalandi, Pólandi og Rússlandi.

Ekki er hægt að segja til um nákvæmlega hversu margir farþegar urðu fyrir töfum en gera má ráð fyrir að talan laupi á milljónum. Bara í Bretlandi er talið að lokunin hafi haft áhrif á 800 þúsund manns. Fyrir utan þá sem sátu fastir í löndunum þar sem flug hafði verið bannað þá voru ferðalagarnir farþega á leið til Norður-Evrópu frá öðrum heimshlutum í uppnámi. Allt að fimm þúsund

flugum var aflýst. Talið er að í dag verði áfram gífurlegar truflanir á flugi yfir Atlantshafið milli Evrópu og Norður-Ameríku.

Mjög mikil aukning varð bókunum í lestarferðir eftir að ljóst varð að ekkert yrði flogið og að útlit yrði fyrir að flugbann gæti dregist á langinn.

Flug frá Íslandi til Norður-Ameríku gekk samkvæmt áætlun, eitt flug var til Norður-Evrópu fyrrihluta dags, einnig var flogið til Kanaríeyja og Alicante. Einstaklega rólegt var þannig í íslenskri lofthelgi í gær. Innanlandsflug gekk samkvæmt áætlun fyrir utan flug til Vestmannaeyja sem varð fyrir töfum.

Útlit er fyrir að meiriháttar tafir verði á flugi í dag annan daginn í röð. Icelandair og Iceland Express hafa frestað öllu flugi til Norður-Evrópu til hádegis. Samkvæmt spá öskudreifingarmiðstöðvarinnar í London heldur askan áfram að breiða úr sér yfir Norður-Evrópu og verður lofthelgi landanna því áfram lokað. Að sögn Hjördísar Guðmundsdóttur hjá Flugstöðum fylgjast flugmálafyrirvöld í Evrópulöndum grannt með spánni og haga flugleyfum í samræmi við hana. Spáin er gefin út á sex tíma fresti. sigridur@frettabladid.is



BEIÐI Á HEATHROW Farþegar sem komnir voru á Heathrow-flugvöll við London í gær komust hvorki lönd né strönd eftir að flugvöllinum var lokað klukkan ellefu fyrir hádegi að íslenskum tíma. 180.000 farþegar fara að meðaltali um flugvöllinn ár hvert. Að sögn breskra fjölmiðla hefur það ekki gerst áður á friðartímum að allt flug hafi stöðvast í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Gosið á Twitter

Umræður um öskuskýið frá Eyjafjallajökli, sem lamaði flugsamgöngur í norðanverðri Evrópu, voru lífligar á samskiptavefnum Twitter í gær. Hér eru nokkrir punktar úr þeirri umræðu:

Losunarheimild?

„Hvaða áhrif hefur þetta á losunarheimildir Íslendinga?“ spurði einn Bretinn. „Þurfa þeir að borga alheiminum gjald fyrir þessa kol-efnismengun?“

Cash, not ash!

„Frá Bretum til Íslendinga: Við sögðum reiðufé, ekki ösku (We said: Send cash, not ash!)“ var brandari sem sást margsinnis á #ashtag þar sem málið var til umræðu.

Fróðleikur um Skaftárelda

Margvíslegum fróðleik og staðhæfingum um Skaftárelda árið 1783 var miðlað á Twitter í gær, til dæmis þessum: „Gosið árið 1783 dró úr rennsli Nílar og olli þriðju verstu hungursneyð í sögu Japans.“

Nýr Nicorette plástur fæst nú 25 mg og hálf gagnsær

Nýtt!

Nicorette Invisi 25 mg Er að hærrí styrkleika en fyrri foróplástar frá Nicorette

Nicorette® nikotínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notað til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tobaki með því að draga úr nikotínþörf og fráfráværðiskennum. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reykt. Notá má foróplásturinn einan og sér eða samtímis 2mg Nicorette lyfjatyggjum eða Nicorette innsogislyfi. Hámarksdagsskammtur er 1 stk. foróplástur og annað hvort 24 stk. lyfjatyggjum eða 12 hlök af innsogislyfi. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leiðli til læknis eða lyfjafráðgjafar ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfi. Þeir sem fengið hafa ónæmi fyrir nikotíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlgi hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsing eða nýlgt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungabær konur og konur með barn á brjósti skulu einngöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfi. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Utbúið á Íslandi: Vísitor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

NORÐANÁTT SYÐRA Í KVÖLD Það snýst smám saman í norðanátt á landinu í dag og í kvöld verður áttin orðin norðlæg á Eyjafjallajökli. Það dregur úr vindi og úrkomu eftir því sem líður á kvöldið og á morgun verður víða bjartviðri vestanlands.

Á MORGUN 5-10 m/s. Snýst í norðanátt um kvöldið með eljum.

SUNNUDAGUR 5 Snýst í norðanátt um kvöldið með eljum.

HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	15°
Berlín	13°
Billund	10°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	13°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	20°
London	12°
Mallorca	18°
New York	16°
Orlando	27°
Ósló	9°
París	15°
San Francisco	17°
Stokkholmur	7°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Buon appetito!



KJÚKLINGUR
HEILL, FERSKUR

593 kr/kg.

Merkt verð 859.-

KJÚKLINGUR KÖLSKA - POLLO AL DIAVOLO

1 kjúklingur
1 dl mulinn svartur pipar
2 matskeiðar Dijon-sinnep
SALAT:
2 öskjur kirsuberjatómatar,
skornir í bita
1 búnt steinselja, söxuð
1 rauðlaukur, skornir í finar
sneiðar
sérriedik eða vínedik
ólífuolía

KRYDDOLÍA:
3 dl ólífuolía
5 grænir chiliparbelgir,
fræhreinsaðir og grófsaxaðir
1 msk þurrkaður rauður chilipipar
1 msk af paprikukryddi

KRYDDOLÍA: Setjið allt í pott og hitið þar til olían fer rétt að krauma, tekur örfáar mínútur. Takið af hitanum og látið standa í um sólarhring. Síið þá olíuna frá. Geymið hana síðan í lokuðu íláti í ísskáp. Hún er einnig frábær með ýmsu öðru, t.d. nautasteik og ofnbökuðum kartöflubátum.

KJÚKLINGUR: Kryddið hann að innan og utan með salti og pipar. Penslið með ólífuolíu og eldið í 200 gráðu heitum ofni í um hálf tíma. Blandið saman piparum, sinnepinu, smá salti og matskeið af ólífuolíu í skál. Takið þá kjúklinginn út og smyrjið kryddblöndunni á hann. Eldið í um hálf tíma í viðbót.

Búið til salat úr tómötunum, steinseljunni og rauðlauknum og dressingu úr ólífuolíu og sérriediki ásamt smá salti og pipar. Berið kjúklinginn fram með salatinu og hellið kryddolíunni yfir.

Frekari fróðleik er að finna á www.vinotek.is



Lambprime



Lambalæri
kryddlegið



Folaldalund
grillkrydduð



Kjúklingavængir
ferskir

matur
fyrir 4



TILBOÐ

4 ungnauta hamborgarar m/brauði
og 1 pk af Cavendish frönskum

998 kr.

Verð áður 1.347.-

Tilvalið á grillið!



Beikonfylltar kartöflur

Balsamikmarinerað grænmeti



CROISSANT
NÝBAKAD
199 kr/stk.



KNORR
LASAGNE
498 kr/pk.



CHEERIOS
518g
515 kr/pk.



16" PIZZUR
FERSKAR
998 kr/stk.



SMEKKUR FYLGIR
MED EF KEYPTAR ERU
6 KRUKKUR



HEIMA
ÖRBYLGJUOPP
229 kr/pk.



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 18. apríl á meðan birgðir endast.



50 ára fyrir Íslendinga í 50 ár

GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir:

Askan ógnar ekki dýrum

Öskufall á ekki að ógna öryggi og heilsu búfjár, ef bændur bregðast rétt við, segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir.

Sauðburður er almennt ekki byrjaður, en þrátt fyrir að allt fé yrði látið bera í fjárhúsunum ætti að vera nægilegt pláss, segir Halldór.

Ekki er komið að því að sleppa kúnum út til sumarbeitar, og auð-

velt að fresta því, segir Halldór.

Hann segir ekki til húsaskjól fyrir nærri öll hross í landinu, og þar sem þannig háttar til þurfa bændur að fyrirbyggja að þau drekki vatn úr tjörnum eða pollum og gefa þeim mikið af heyi.

Öllum er bent á að halda gælu-dýrum innandyra falli aska í nágrenninu.

Átti eftir að mjólka 20 kýr þegar kallið kom og allir þurftu að rýma hættusvæðið: Í miðju kafi við mjaltirnar

„Ég var á miðju kafi við mjaltir þegar aðvörungur barst í gemsann,“ segir Hafsteinn Jónsson. Hann var staddur í fjöldahjálparstöðinni í Hvolsskóla um klukkan hálf ný í gærkvöldi. Hann var strax farinn að búa sig til farar aftur heim í Akureyri í Vestur-Landeyjum.

Hafsteinn og fjölskylda hans taka hamförum með ró. „Maður er við þessu búinn. Auðvitað væri betra að þurfa ekki alltaf að yfirgefa bæ að kvöldi eða nóttu,“ segir Hafsteinn.

Hann sagðist ekki koma til með að notfæra sér áfallahjálpar Rauða krossins í Hvolsskóla. „Kannski seinna, þegar ég hef tíma. Einmitt núna verð ég að drífa mig aftur í mjaltir, ég á tuttugu kýr eftir.“



Á HEIMLEIÐ Hafsteinn Jónsson var í fjöldahjálparmiðstöðinni í Hvolsvelli ásamt Magneu Ósk, 17 mánaða dóttur sinni. Hann beið þess að geta komist heim aftur, enda biðu 20 kýr þess að vera mjólkaðar.

MYND/EGILL BJARNASON



HLAUPIÐ KEMUR Flóðið virtist gríðarstórt við Gígjökul í gærkvöldi en mestur kraftur hafði farið úr því þegar það náði niður á þjóðveginn og olli það litlum skemmdum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hlaupið ruddist fram með miklum látum

Um 700 manns þurftu aftur að rýma heimili sín í sveitunum við Markarfljót þegar jökullinn hljóp á ný um kvöldmatarleytið í gær. Rýmingu var aflétt hjá flestum á tíunda tímanum í gærkvöldi. Jarðfræðingur reiknar með hlaupum í fljótinu næstu daga.

Um 700 manns þurftu að rýma heimili sín í skyndingu um kvöldmatarleytið í gær þegar bóndi innst í Fljótshlíð varð var við að nýtt hlaup væri í uppsiglingu í Markarfljóti.

Rýmingu var aflétt á tíunda tím-anum í gærkvöldi á öllum bæjum nema tuttugu.

„Þetta hlaup kom með miklum látum niður jökullinn, þetta var

miklu meira en fyrsta hlaupið á miðvikudaginn,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Magnús var í flugvél Landhelgisgæslunnar þegar gosið braust fram. Hann segir að þó hlaupið hafi verið meira um sig við jökullinn hafi dreifst úr því þegar það kom í Markarfljót og mikið dregið úr kraftinum.

Búast má við jökulhlaupum næstu daga þar sem eldgosíð í Eyjafjallajökli heldur áfram að bræða jökullinn. Magnús sagði í gærkvöldi litlar breytingar hafa orðið á gosinu í gær, það markverðasta væru hlaupin.

Ekki sást til eldgossins í flugi Landhelgisgæslunnar, en með ratsjá flugvélarinnar var hægt að taka myndir af gosstöðinni. Á þeim mátti sjá að gosið hefur brætt fjögur gót á jökullinn.

Hlaupið í gær var öðruvísi en fyrri hlaup. Það tók með sér meiri krapa og ísjakar sáust efst í flóðinu þó það tæki þá ekki með sér niður að þjóðvegnum, segir Rögnvaldur Ólafsson hjá almanna-varnadeild Ríkislögreglustjóra.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Hvolsvelli stóðust bæði gamla og nýja brúin yfir Markarfljót álagið. Talið er að skörð sem rofin voru í þjóðveg 1 við nýju brúna fyrir fyrsta hlaupið á miðvikudag hafi aftur bjargað brúnni.

Ásgeir Árnason, bóndi í Stóru-Mörk III, fylgdist með þegar flóðið rann undir gömlu brúna yfir fljótið án þess að rjúfa varnargarða. „Það hlykkjast fram eins og ormur,“ sagði Ásgeir. Hann sagði augljóst að flóðið væri minna við brúna, en meiri krapa í vatninu og það hafi hegðað sér öðruvísi en hið fyrri.

brjann@frettabladid.is

Hljóp upp á fjall þegar hlaup kom úr Gígjökli um klukkan 19 í gærkvöldi:

Drunurnar eins og í þotu að lenda

„Við vorum við fjárhúsið að gefa þegar við heyrðum drunur eins og það væri þota að lenda fyrir utan,“ segir Anna Runólfsdóttir, bóndi í Fljótshlíð. Hún var innilokuð á bænum vegna hlaups í Markarfljóti um klukkan 19 í gærkvöldi, en sagðist ekki óttast um öryggi sitt eða fjölskyldu sinnar.

„Við hlupum bara upp í fjall og hringdum í Neyðarlínuna og sögðum þeim að fara að græja sig,“ segir Anna. Anna segist hafa séð upp á Gígjökul, þar sem hlaupið átti upp-

tök sín. Jökullinn hafi verið svartur af drullu, sem þýði að hlaupið hafi komið niður yfir jökullinn, ekki meðfram honum eins og áður.

Auk fjölskyldunnar voru tveir erlendir ferðamenn innlyksa. Annar hafði gisti á farfuglaheimili í Fljótshlíð en hinn var á ferð um Fljótshlíðina og komst ekki í burtu eftir að vegurinn fór í sundur.

Fjárhúsið stendur nærri fljótinu. Sauðburður er hafinn, og var ákveðið að hleypa fénu út þar sem óttast var að vatn gæti náð að fjárhúsinu.

- bj



JÖKULLINN SVARTUR Hlaupið kom niður Gígjökul en ekki meðfram honum eins og áður segir, Anna Runólfsdóttir, bóndi í Fljótshlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Góður Kostur á góðum afslætti



-30% afsláttur

Gourmet Roast beef

1.945 kr/kg

Kjúklingabringur frá Móum

1.794 kr/kg



-40% afsláttur

Aro Kaffi 400 g

199 kr/pk



Heilhveitibrauð frá Kostu

175 kr/stk



Nýmjólk/Léttmjólk

75 kr/L



Dalveggi 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Ópið virka daga 11-18.30 | laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18

kostur
Styðjum heilbrigða samkeppni

OPIÐ HÚS

laugardaginn 17. apríl kl. 10.00-12.00

BAÐHÚSIÐ



Ljósmyndari Vera Pálisd.

Baðhúsið hefur þjónað konum í 16 ár. Af því tilefni verðum við með opið hús og bjóðum öllum konum að koma, þiggja léttar veitingar og taka þátt í skemmtilegri dagskrá. Takið börnin endilega með!

DAGSKRÁ:

10.00 Húsið verður opnað.

Kynningar frá fjölmörgum fyrirtækjum, ráðgjöf og tilboð.

Brjóstahaldararáðgjöf, fótgreining, frí förðun, húðgreining o.s.frv.

Dessu máttu ekki missa af!

10.00-12.00 Opinn þolfimitími fyrir allar konur.

10.30 Sögustund í Kroppakoti fyrir börnin.

11.00 Tískusýning frá E-label.

11.15 Tískusýning frá Next. Sumarklæðnaður fyrir konur og kríli.

Sýningarstúlkurnar eru þjálfaðar hjá okkur í Baðhúsinu.

12.00 Happdrætti. Dregið um fjölmarga glæsilega vinninga.

Komdu í heimsókn og þú færð veglega gjöf



Við gefum þér:

Litun & plokkun

5 tíma ljósakort

Vikupassa í heilsurækt

Taktu vinkonurnar með. Og systur þínar. Og mömmu þína.

Dær eiga það skilið!

Kynning frá eftirfarandi fyrirtækjum: Stop-age, ComfortZone, Nyx, E-label, Debenhams, MS, Flexor, Sollu í Gló, Vífilfelli o.fl, Happdrættisvinningar frá Hamborgarafabrickunni, Gló, Baðhúsinu, Ruby Tuesday, Next, Pottinum & pönnunni, Debenhams o.fl.


Viðskiptaveldi Existu í hnotskurn

Exista keypti Símann fyrir rúma sextíu milljarða króna síðla árs 2005 og Lýsingu um mitt ár 2006. Exista átti jafnframt um fjórðungshlut í Kaupþingi, allt í VÍS, auk stórra hluta í norrænu fjármála- og tryggingafyrirtækjunum Sampo og Storebrand. Þá er eignarhlutur félagsins í Bakkavör ótalinn. Myndin hér sýnir þróun útlána móðurfélaga stóru bankanna þriggja til Existu á tímabilinu 2005 til loka september 2008.

Kröfuhafar samþykktu nauðasamninga Bakkavarar seint í mars og fól það í sér að félagið verði tekið af markaði. Það gengur eftir í lok viðskiptadagsins í Kauphöllinni í dag. Þá mun jafnframt verða tilkynnt hvaða fyrirtæki tekur sæti Bakkavarar í Úrvalsvisitölunni. Ekki liggur fyrir hvort það verður íslenskt eða færeyskt félag.

Nokkur viðskipti hafa verið með hlutabréf Bakkavarar fyrir afskráninguna og gengi þess hríðfallið

Heildarútlán stóru bankanna þriggja til tengdra aðila



eftir því sem nær dregur síðasta skráningardeginum. Að afskráningu lokinni munu kröfuhafar Bakkavarar taka fyrirtækið yfir.

Stofnendur Bakkavarar, þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, munu

ekki eiga neitt í félaginu en hafa kost á að eignast um fjórðungshlut eftir fjögur ár. Kröfuhafar hyggjast sömuleiðis taka Existu yfir og liggur fyrir að forstjórum félagsins verður sagt upp.



BAKKAVARARBRÆÐUR Nauðasamningar Bakkavarar voru samþykktir á síðasta hlutfundi félagsins 26. mars síðastliðinn. Eftir hann áttu bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir ekkert í félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bakkavararbræður með opinn tékka

Eigendur Existu höfðu gott aðgengi að lánsfé hjá Kaupþingi fram að hruni. Helmingur af lánveitingum frá 2007 og fram að hruni var til endurfjármögnunar á eldri lánum samstæðunnar. Ekki var beðið um síðustu lánin fyrir hrun.

Bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir og félög tengd þeim virðast hafa haft ágætt aðgengi að lánsfé úr sjóðum Kaupþings, samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Skuldbindingar Existu og tengdra félaga fóru úr 193 milljónum króna í byrjun árs 2007 í 308 milljarða í október ári síðar. Þetta jafngildir 59 prósentu hækkun á tæpum tveimur árum. Fram kemur í skýrslunni að tæpur helmingur fjárens hafi verið nýttur til endurfjármögnunar eldri lána. Síðustu tvö árin, eða frá 2007, fékk félagið iðulega framlengingu á lánnum, skuldbreytingu, viðbótarlán eða aflétt veðum. Allt var það að þörfum Existu hverju sinni.

Höfundar skýrslu rannsóknarnefndarinnar vitna til minnisblaðs Fjármálaeftirlitsins frá í nóvember 2008, mánuði eftir yfirtökuna á bönkunum öllum, að útlánaáætla vegna Existu og Bakkavarar hafi ekki verið tengd saman þrátt fyrir náð eignarhald.

Danski bankasérfræðingurinn Jørn Astrup Hansen gerir athugasemdir við lánveitinguna og segir hana ekki í samræmi við þær reglur sem gilda utan Íslands, svo sem í Danmörku.

Eftir því sem næst verður komist er Lýður enn starfandi stjórnarformaður Existu, sem átti um fjórðungshlut í Kaupþingi fyrir hrun. Exista átti sömuleiðis meirihluta í alþjóðlega matvælaframleiðandanum Bakkavör Group, sem þeir bræður stofnuðu um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Antonious P. Yerolemous, einn helstu eig-

enda Bakkavarar, sat sömuleiðis í stjórn Kaupþings. Hann fékk nokkur hundruð milljóna evra lánafyrirgreiðslu hjá bankanum á sama tíma og eigið fé hans og fyrirtækis hans var neikvætt.

Af öðrum lánnum má nefna lánveitingar til Bakkavararbræðra vegna kaupa á skútu og lán til Lýðs upp á um 2,4 milljarða króna vegna kaupa á íbúðarhúsi í dýru hverfi í London í Bretlandi.

Þetta er þó ekkert einsdæmi um lánveitingar til félaga tengdum þeim Ágústi og Lýði sem nefnd eru í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þar er öðru fremur talið til að á sama tíma og aðgengi að lánsfé varð erfiðara á alþjóðlegum fjármálamörkuðum lánaði bankinn Existu lán upp á þrjátíu milljarða króna í árslok 2007.

Þetta var tíu milljónum meira en félagið hafði farið fram á við lánanevnd bankans og virðist enginn hjá Existu hafa óskað eftir hærri fjárhæð, að því er fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Það sem meira var, lánið var víkjandi. Það þýðir að þeir sem veita slík lán mæta afgangi lendi lántakandi í greiðsluferfiðleikum og getur ekki greitt öllum sem kröfur eiga á hann.

jonab@frettabladid.is

Á næstu dögum verður fjallað um helstu viðskiptablokkirnar á grundvelli skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Flokksstjórnarfundur

í tilefni af útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

Fjölbrautaskólanum í Garðabæ laugardaginn 17. apríl

kl. 10.00–12.30

Málstofur – Lærdómar af rannsóknarskýrslunni

Stöðumat og aðgerðir 2007–2009

Stjórnandi: Jón Þór Sturluson

Áhrif markaðsvæðingar

Stjórnandi: Elfur Logadóttir

Einkavæðing bankanna og afleiðingar hennar

Stjórnandi: Arnar Guðmundsson

Stjórnkerfi og eftirlit

Stjórnandi: Helena Karlsdóttir

Samfélagsleg ábyrgð – síðferði og starfshættir

Stjórnandi: Asgeir Beinteinsson

kl. 13.00

Heiðarlegt uppgjör

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar setur fundinn.

Rannsóknarskýrslan: Lærdómar fyrir stjórnmalasamtök Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspæki við Háskóla Íslands.

kl. 14.00

Kaffihlé

kl. 14.15

Almennar umræður og önnur mál

kl. 16.30

Áætluð fundarlok

Fundarstjóri: Margrét S. Björnsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar



Allir Samfylkingarfélagar velkomnir

www.xs.is

Áhættuskuldbindingar Existu og tengdra félaga*

Banki	Janúar 2007	Október 2008	Breyting
Landsbankinn	16,8	23,8	41%
Kaupþing	151,0	238,9	58%
Clitnir	25,7	44,0	71%
Spron	0,0	2,0	-
Samtals (Samtals í evrum)	193,5 2.045	308,6 2.12	59% 1,1%

* Upphæðir í milljónum króna.

Tengd félög: Ansa, Bakkabræður Holding, Bakkabræður, Bakkavör Group, Exista fjárfestingar, Exista Group (á Mön), Exista Group (hjá Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi), Exista, Exista (hjá Kaupþingi í Lúxemborg), Exista Invest, Exista Trading, Fiskifrættir, Framtíðarsýn, Gætur, Íslenska sjónvarpsfélagið, Lýsing, On-Waves, Sensa, Sirius IT Holding, Síminn, Skipti, Skjárinn, Ufsastaðir, Vátryggingafélag Íslands, Öryggismiðstöðin.

Og nú góðu fréttirnar!

Verðlækkun á veiðigræjum



DAM vöðlutaska. Með öllum vöðlum fæst vönduð vöðlutaska frá DAM á aðeins 3.995 á meðan birgðir endast



Ron Thompson vöðlupakki Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki á hreint ótrúlegu vortilboðsverði.

Alklæðnaður í veiðina á aðeins 24.995



DAM Taslan vöðlur Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. Belti fylgir. Vortilboðsverð aðeins. 8.995



Ron Thompson NyloStretch vöðlur Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. Góður brjóstvasi. Belti fylgir. Frábært vortilboðsverð aðeins 12.995



DAM veiðistangapakki. Glæsileg DAM Quick Stick 10 feta veiðistöng ásamt DAM Quick Finessa veiðihjólí með 9 legum og aukaspólu á frábæru vortilboðsverði. Aðeins 14.995



DAM vöðlupakki DAM neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki á frábæru vortilboðsverði. Aðeins 28.995 og þú ert klár í slaginn



DAM öndunavöðlupakki Vandaðar DAM öndunavöðlur og vöðluskór með filtsóla. Frábært vortilboð. Aðeins 34.995 fyrir vöðlur og skó



Ron Thompson öndunavöðlupakki Ron Thompson Hydrowave vöðlur og vöðluskór með filtsóla. Besta verð í bænum? Vortilboðsverð aðeins 29.995 fyrir vöðlur og skó



SPORTBÚÐIN



VEIÐIHORNID

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050 • Veidihornið • Síðumúla 8 • 568 8410
veidihornid.is • sportbudin.is



ENNEMM / SJA / NM41782

Syngjandi gleði hjá Ringjurum í allan dag.

Við sendum þér tóninn beint í símann.

Farðu inn á farsímavefnum m.ring.is og óskaðu eftir að fá hringitóninn sendan í símann.

Gleði

Tónlist

Ferskir tónar á m.ring.is í hverri viku

Gildir í dag föstudag

Tónlist fyrir 0 kr.



Ringjarar geta náð sér í lagið og hringitóninn **A Hundred Reasons** með **Ólafi Arnalds** og **Hauki Heiðari** úr **Diktu** á farsímavefnum m.ring.is í dag.

Tilboð á m.ring.is – ekki klippa þennan miða út




Stærsti vínahópur á Íslandi



GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI



GERPLUSTELPUR Hópur fimleikastúlkna, meðal annars frá Selfossi og Kópavogi, var á leið á Norðurlandamót í Finnlandi. Gerplustúlkur brugðu á leik fyrir frönsk ungmenni sem voru hér í fjögurra daga vísindaferð.

„All out of luck“ í Leifsstöð

Öskufall frá Eyjafjallajökli lokaði flugvöllum í Englandi og hafði inntökupróf í leiklistarskóla af Hreindísi Ylfa Garðarsdóttur Hólm. Fimleikastúlkur á leið til Finnlands brugðu á leik þrátt fyrir óvissuna.

„Það þýðir ekkert að pirra sig. Þetta eru bara náttúruhamfarir,“ sagði Selma Björnsdóttir söngkona sem var meðal fjölmargra sem ekki komust í flug frá landinu í gær vegna öskufalls frá Eyjafjallajökli.

Um ellefu hundruð manns voru þegar mest lét í Leifsstöð í gærmorgun en fólkinu fækkaði þar jafnt og þétt eftir því sem ljósara varð að flugvellir á áfangastöðum þess í Evrópu myndu haldast lokaðir.

Með Selmu í för var söngkonan unga Hreindís Ylfa Garðarsdóttir Hólm sem var á leið í inntökupróf í leiklistarskóla í London. „Síðasti þrúfundagurinn er á morgun [í dag],“ sagði Hreindís, sem var enn vongóð þar sem hún stóð í röð með Selmu til að láta endurbóka flug sitt.

„Það er ekkert annað hægt að gera en að taka þessu með ró. Hvað á maður að gera annað?“ sagði Selma sem sjálf er á leið í leikstjóranám í Bristol.

„Ég er nú ekki í neinni hættu með það þótt ég hafi reyndar



HREINDÍS YLFA OG SELMA BJÖRNSDÓTTIR Rifu sig upp eldsnemma í flug til London en gripu í tómt eins og margir aðrir sem ætluðu frá Leifsstöð í gær til Evrópu.



HÖFÐI AÐ HALLAÐ Þeir sem voru í tengiflugi frá Ameríku til Evrópu og fastir í Leifsstöð voru orðnir lúnir eftir lengra ferðalag en stefnt var að.

ætlað að nota helgina til að finna íbúð. Þetta kemur aðallega illa við hana sem er að fara í inntökupróf á morgun og þúin að undirbúa sig og borga miða,“ sagði Selma og benti



MONIKA KRUMLOVÁ OG PETR KRUML Þessi tékknesku feðgin höfðu ferðast um Ísland og Grænland og biðu þolinmóð eftir flugi til Kaupmannahafnar þaðan sem þau ætluðu heim til Prag.

á Hreindísi. Um klukkustund síðar höfðu þær bókað flug út á sunnudag og inntökuprófið úr sögunni. Heppnin var ekki með þeim þennan dag.

gar@frettabladid.is

Sumarið er komið í VILLAGE



Vegna breytinga bjóðum við valdar vörur frá HOME ART og VILLAGE með **40-60%** afslætti

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ
-MEÐAN ÞAÐ GEFSFI!

home art

VILLAGE

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI: 530 2915



VARIÐ LAND

TRYGGVI ÓLAFSSON

Nú stendur yfir sýning á verkum Tryggva Ólafssonar í Listasafninu á Akureyri. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 12-17 og stendur til 9. maí 2010.

Í tengslum við sýninguna verður málþing með Tryggva Ólafssyni í dag kl. 13.15 í fyrirlestrarsal Verkmenntaskólans á Akureyri. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

Sýningin er unnin er í samstarfi við Málverkasafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað. Nánari upplýsingar: www.listasafn.akureyri.is



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI



SPRENGIGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI Gosmökkurinn hefur stigið upp í átta kílómetra hæð. Hann er samsettur af örsmáum ögnum sem berast hratt í sterkum háloftavindum. Mökkurinn drepur á flugvélahreyflum á nokkrum sekúndum og „sandblæs“ vélna að utan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Örfínar agnir kyrrsetja flugvélar

Öskuburður frá sprengigosinu í Eyjafjallajökli yfir til Norður-Evrópu hefur raskað lífi milljóna manna um allan heim. Flugmálafyrvöld nýu landa tóku fyrir allar flugsamgöngur innanlands og millilandaflog í gær af öryggisástæðum. Áhrifanna gætir víðar og valda þau fjölbættum vanda sem kostar milljónir einstaklinga milljarða þegar allt er talið.

En af hverju er gripið til svo víðtækra aðgerða í löndum sem liggja í hundruða kílómetra fjarlægð frá Íslandi og átökum náttúrunnar? Skýringin liggur í eðli gossins sem nú er í algleymi í Eyjafjallajökli.

Sprengigos
Sprengivirkni er alltaf mikil í eldgosi þar sem vatn, og ekki síður ís, kemst í beina snertingu við kviku. Efnasamsetning kvikunnar skiptir máli. Ef hún er súr og gasrík þá getur sprengikraftur gossins verið enn meiri en ef kvikan er basísk. Kvikan í Eyjafjallajökulsgosinu hefur ekki verið efnagreind en

margt bendir til þess að hún sé basísk. Helstu rökinn eru að kvikan var basísk í gosinu á Fimmvörðuhálsi.

Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur segir að tvennt hafi áhrif á það hversu mikið fellur af ösku úr eldgosi, seigleiki kvikunnar og hvort kvikan kemst í tengsl við vatn eða ís. Það síðarnefnda á augljóslega við gosið undir Eyjafjallajökli. Þegar kvikan kemst í tæri við ísinn sundrast hún og verður að ösku.

Hafa þer hugfast að gosið í Eyjafjallajökli hefur úr nógu að móða. Toppígurinn, sem gýs nú, er þeir kílómetrar í þvermál, fullur af milljónum tonna af ís sem liggur í 300 metra þykkum stabba í gígnum. Ísinn liggur í gígopinum og halli þess matar eldinn stöðugt.

Hvernig dreifist askan?

Það er misjafnt hversu hátt askan berst. Gosmökkurinn úr Eyjafjallajökli er talinn standa upp í 24 þúsund feta hæð. Þar ríkjast sterkir vestlægir háloftavindar sem bera mökkinn hratt yfir hafið, eins og Sigrún Karlsdóttir, sérfræðingur á Veðurstofu Íslands, útskýrir.


„Askann dreifist með vindum, eins og gefur að skilja, en hún fellur líka út á leiðinni eins og öskufallið á Suðurlandi hefur sýnt. Við höfum séð topp á gosmekkinum í átta kílómetra hæð og sérfræðingur okkar sá mikið magn ösku í um fimm kílómetra hæð við rannsóknir í dag [í gær].“

Ríkjandi vindátt mun breytast lítillega í dag en snúast strax aftur í vestanátt. Því hafa sérfræðingar lýst yfir að þær milljónir sem búast við því að Eyjafjallajökull trufli daglegt líf þeirra aðeins í einn dag eða tvo gætu hafa reynst full bjartsýnar.

Um framtíð gossins er lítið hægt að segja. Fyrst og fremst byggja jarðvísindamenn á reynslu þegar þeir spá fyrir gos og lítil reynsla er af gosi í Eyjafjallajökli.

Páll segir að gosið úr eldstöðinni undir Eyjafjallajökli hafi farið úr heppilegustu stöðu, á Fimmvörðuhálsi, í þá óheppilegustu, þar sem íshellan er þykkust og því von á mestu öskufalli. svavar@frettabladid.is

Áhrif ösku á þotuhreyfil




- Flugvélaframleiðendur telja fátt vera eins skaðlegt fyrir farþegaþotur, og flugvélar almennt, og að fljúga inn í gosmökk eins og þann sem stendur nú upp úr Eyjafjallajökli.
- Fingurðar agnirnar sandblása í raun vélna og skemma ytra lag hennar og gler. Rafkerfi, vökváþrýstikerfi og upplýsingakerfi eru líkleg til að skemmast.
- Aðalhættan sé þó vegna þess að þotuhreyflar vélanna geta ekki starfað eðlilega þegar gosagnirnar berast inn í þá.
- Askann inniheldur örsmáar agnir sem stífla eldsneytisleiðslur. Mikill hiti í hreyflinum bræðir líka agnirnar sem getur takmarkað hreyfigetu fjölmargra smáhluta í flókinni vél eins og hreyfillinn er.

Hundrað dæmi um stórhættu í flugi

- Bandaríska veðurstofan hefur á skrá 102 tilvik um að farþegaþotur hafi lent í gosmekki á tímabilinu 1973 til 2003. Þau eru misalvarleg en flugmálafyrvöld í Bandaríkjunum telja það sæta furðu að engin slys hafi orðið.
- 24. júní 1982 var Boeing 747 þota breska flugfélagsins British Airways á leið frá Kúala Lúmpúr í Malasíu til Perth í Ástralíu. Um borð voru 248 farþegar og 15 manna áhöfn. Um 250 kílómetra suðaustur af Jakarta í Indónesíu flaug þotan inn í gosmökk frá eldfjallinu Galunggung sem er á indónesísku eyrni Jövu. Flughæðin var í veðrahvörfum í 11.300 metrum. Allir fjórir hreyflar þotunnar drápu á sér og hún tapaði fljótt hæð. Eftir ítrekaðar tilraunir tókst að gangsetja hreyflana á ný en þá var þotan í aðeins þriggja kílómetra hæð yfir fjallendi. Þotunni var lent í Jakarta. Áhöfnin var heiðruð fyrir afrekið.
- 15. desember 1989 var Boeing 747-400 þota hollenska flugfélagsins KLM á flugi í 7,6 kílómetra hæð á leið til Anchorage í Alaska. Vélin flaug inn í öskuský frá eldfjallinu Redoubt í Alaska með þeim afleiðingum að það drapst á öllum hreyflum á aðeins fimmtán sekúndum. Það tókst að endurræsa hreyfla þotunnar og lenda henni heilu og höldnu.
- Árið 2000 flaug Douglas DC-8 vél bandarísku geimferðastofnunarinnar inn í öskuský frá Heklu. Varað hafði verið við skýinu en upplýsingar voru það ónákvæmar að vélinni var flogið inn í mökkinn. Skipta þurfti um hreyfla vélarinnar þrátt fyrir að ekki hafi drepist á þeim.

Askann dreifist með háloftavindum



- Oftast reyna flugmenn á stórum farþegaþotum að fljúga rétt yfir veðrahvörfum til að sleppa við ókyrrð sem oft fylgir uppstreymi á hlýju og röku lofti í veðrahvörfinu.
- Veðrahvolf nær frá yfirborði jarðar upp að veðrahvörfum (tropopause) en svo kallast efri mörk veðrahvolfsins.
- Hæð veðrahvarfa yfir Íslandi er oft í um tíu kílómetra hæð.
- Gosmökkurinn úr Eyjafjallajökli liggur hæst í átta kílómetra hæð.
- Berist gosmökkurinn upp í veðrahvörfin getur aska borist um alla jörðina á tiltölulega stuttum tíma.
- Nýjasta dæmi þessa er gos í eldfjallinu Pinatubo á Filippseyjum árið 1991.
- Öflugar sprengingar, sem verða oft og iðulega þegar Hekla eða Katla gjósa, skila gosmekki upp í veðrahvörfin.

MegaStore®

Allar vörur eitt verð

Afmælis dagar laugardag og sunnudag

Smáralind og Glerártorgi Akureyri



Smáralind

GLERÁRTORG

allt á
298 kr

yfir 10.000 vörutegundir

Gos, Svali og sælgæti gefið allan daginn!

Frítt




Gefum, gefum og gefum!!

*meðan birgðir endast



Svali
SVALI SÆLGÆTI

toppur®



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



598

KR.KG

www.bonus.is

FÁÐU ÖLL TILBOÐIN Í BÓNUS SEND TIL ÞÍN Í TÖLVUPÓSTI: SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.BONUS.IS



598

KR.KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



1598

KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLATTUR



398

KR.PK

GRÍMS PLOKKFISKUR 400G



498

KR.KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 664 KR.KG. 25% AFSLATTUR



198

KR.PK

BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK
KARAMELLU OG SUKKULAÐI.



179

KR.STK

BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G



198

KR.STK

DELON HANDSÁPA 500 ML



298

KR.STK

UMBRO STURTUSÁPA 300 ML



1.2 KÍLÓ

479

KR.PK

ALLETIDERS FROSIN JARÐARBER 1200g



298

KR.PK

ALLETIDERS FROSIN BLÁBER 250 GR



398

KR.PK

SMOOTHIE PLASTGLÖS 10 STK M.RÖRI OG LOKI

BÓNUS SMYRILL 300g



NÚ MEÐ
20% AFSLÆTTI
111 kr. dósin

ALLTAF MJÚKUR ÚR ÍSSKÁPNUM

René KAFFIPÚÐAR 36 stk 398 kr.



AÐEINS 11 KR. BOLLINN



98

KR.PK

BRAZZI 1 LTR. APPELSÍNU OG EPLA



229

KR.PK


100 STK. ÞOKAR FYRIR HUNDAURGANG

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BONUS BONUS BONUS BONUS



NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT

Hálfur lambaskrokkur 798 kr.kg. Heilt læri, hálfur hryggur, frampartur í bitum og slag í súpukjöt. Fimm máltíðir fyrir 4 manna fjölskyldu á aðeins ca. 5.500 kr. eða 1120 kr. í mál.



798
KR. KG

ÍSLANDSLAMB 1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN



398
KR. KG

TILBOÐ
FERSKT NÝTT KJÖTFARS
FROSID SPARHAKK



FYRIR
GÓÐA
TANNHEILSU



1598
KR. KG

K.S FROSIN LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



998
KR. KG

K.S FROSID
LAMBALÆRI



1398
KR. KG

K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM



798
KR. KG

BÓNUS FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



698
KR. KG

BÓNUS GRILL KRYDDAÐAR BÓGSNEIÐAR
MERKT VERÐ 998 KR.KG 30% AFSLATTUR



298
KR.STK
REACH
TANNBURSTI
MEDIUM



598
KR. KG

K.S SALTFISKBITAR FROSINIR



898
KR. KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTGRIPAHAKK



1298
KR. KG

BÓNUS NAUTABORGARAR 10 x 120g

BONUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI



GOS Í GRÍMSVÖTNUM Síðast gaus árið 2004 og sömu aðstæður hafa skapast í eldstöðinni nú og þá var.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Búist við fleiri eldgosum á næstunni:

Grímsvötn í startholunum

Þegar eldgosíð í Eyjafjallajökli hófst í fyrradag gerðu aðrar eldstöðvar vart við sig. „Myndarlegur jarðskjálfti varð í Grímsvötnum og sömuleiðis byrjuðu smáskjálftar í Upptypingum,“ segir Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Páll segir þetta mjög athyglisvert, ýmis teikn séu á lofti um að önnur eldgos séu væntanleg á næstu mánuðum eða árum.

Grímsvötn í Vatnajökli séu til dæmis komin í sömu stöðu og þau

18. öldin var lífleg

Ekki er einsdæmi í Íslandssögunni að það gjósi á fleiri en einum stað í einu á Íslandi. Á 18. öld gerðist til að mynda að það gaus á nokkrum stöðum í einu. Þegar Lakagígar gusu þá myndaðist eyja utan við Reykjanes og þegar Mývatnseldar brunnu á fyrri hluta aldarinnar gaus í Öræfajökli og annars staðar í Vatnajökli.

voru í árið 2004 þegar síðast gaus þar. Þar sé bæði há vatnsstaða og þrýstingur í kvikuhólfinu rétt eins og þá var. Þá varð hlaup sem hleypti af stað gosi og má búast við því að sama gerist nú. „Okkur hefur gengið vel að spá fyrir um gos í Grímsvötnum og þar má búast við gosi á næstu tveimur árum,“ segir Páll og bætir við að auðvitað geti verið að það gjósi fyrr, jafnvel á næstu vikum eða mánuðum.

Í Upptypingum, austan við Öskju, eru jarðhræringar og kvikuvirkni í gangi. Jarðfræðingar komust að því á árunum 2007 til 2008 að þar væri kvikuinnskot í neðri hluta jarðskorpu. Svæðið hefur að sögn Páls „minnt á sig öðru hverju síðan þá“ og síðast í fyrradag. Páll segir að þarna gæti eitthvað farið að gerast.

Svo má ekki gleyma Heklu, segir Páll sem minnir á að þessi virkasta eldstöð Íslands hafi gosið á tíu ára fresti um það bil. Hún gaus 1970, 1980, 1991 og 2000.

Kostnaður flugfélaga hleypur á milljónum

Ferðatryggingar falla úr gildi en farþegar, sem eru strandaglópar vegna eldgossins, eiga ríkan rétt gagnvart flugfélagi. Kostnaður hleypur á milljónum.

NEYTENDUR Þær þúsundir flugfarþega, sem ekki komust leiðar sinnar með íslensku flugfélögum í gær vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, eiga rétt á endurgreiðslu eða nýjum farseðlum. Ferðatryggingar gilda hins vegar ekki um tafir vegna eldgosa og náttúruhamfara og tjón, svo sem hótélherbergi eða bílaleigubíla sem ekki er hægt að nýta á áfangastað, fæst því ekki bætt.

Icelandair útvegaði ferðamönnum sem urðu strandaglópar á Keflavíkurflugvelli í gær gistingu og máltíðir. Guðjón Arngrímsson upplýsingafulltrúi segir að þetta sé skylt að gera samkvæmt Evrópureglum um réttindi neytenda.

„Við vitum ekki hvað þetta mun kosta,“ segir Guðjón Arngrímsson upplýsingafulltrúi en kostnaður félagsins væri mikill og hlypi á milljónum.

Kristín Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Iceland Express, segir að farþegar tveggja véla félagsins hefðu orðið strandaglópar en heimild var veitt fyrir flugi þess til Alicante síðdegis í gær.

„Þetta er ekki eitthvað sem menn geta váttryggt sig gegn,“ segir Agnar Óskarsson, deildarstjóri hjá VÍS, um það hvort viðskiptavinir geti fengið bætt tjón vegna þjónustu sem þeir hafa greitt fyrir erlendis en geta ekki nýtt þar sem þeir komast ekki í flug á réttum tíma. Engar tryggingar bæta tjón ferðamanna vegna náttúruhamfara á borð við eldgos, segir Agnar.

peturg@frettabladid.is



ÖVISSA Fjórtnán flugvélar Icelandair og fjórar á vegum Iceland Express eiga áætlaða brottför frá Keflavíkurflugvelli í dag. Raskist áætlan vegna gossins eiga farþegar sem verða strandaglópar ríkan rétt.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Réttur farþega

- Farþegar eiga rétt á eftirfarandi þjónustu frá flugfélögum teffist flug þeirra vegna eldgossins*:
- Endurgreiðslu eða breytingu á flugleið.
- Máltíðir og hressingu í samræmi við lengd tafarinnar.
- Hótelgistingu ef farþegi þarf að bíða eina eða fleiri nætur eftir fari.
- Flutningi milli flugvallar og gístaðstöðu.
- Að auki skal bjóða farþegum að hringja tvö símtöl eða senda skilaboð „um fjarrita eða bréfsíma eða með tölvupósti þeim að kostnaðarlausu“.
- Flugfélögum ber að taka tillit til þarfa hreyfihamlaðra og fylgdarmanna þeirra og einnig til þarfa fylgdarlausra barna.
- Ef farþegar fá ekki þessa þjónustu frá flugrekanda og þurfa að greiða fyrir hana sjálfir geta þeir krafist flugrekanda um endurgreiðslu.

*skv. reglugerð nr. 261/2004

Áhrif gossins er áfall fyrir ferðaðjónustu og ferðamannalandið Ísland:

Þetta er grafalvarlegt ástand

FERÐAÞJÓNUSTA „Þetta er grafalvarlegt ástand,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaðjónustunnar, um áhrif gossins á íslenska ferðaðjónustu.

Erna segir að bein áhrif gossins á ferðaðjónustuna séu gríðarleg, miklar tekjur tapist þegar allt flug fellur niður. Talið er að hver erlendur ferðamaður noti um 300.000 krónur meðan á dvöl hér stendur en erfitt er að meta tekjutapið. Það er vitaskuld háð því hversu lengi þetta ástand varir. „Við bíðum eins og aðrir og sjáum hvað verkast vill,“ segir Erna.

Margir sáu gosið á Fimmvörðuhálsi sem túristagos og stórkostlegt sjónarspil, sem laðaði erlenda ferðamenn að landinu. Hið gagnstæða er nú uppi á teningnum.

Hvorki Erna né Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, töldu tímabært að ræða áhrif gossins og tafanna á ímynd Íslands sem ferðamannalands. „Þetta er áfall,“ segir Erna.

- pg



FERÐAÞJÓNUSTAN LAMABIST Ferðamenn komust hvorki til landsins né frá því í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Páll Einarsson prófessor segir jarðvísindamenn byggja á reynslu:

Lítið hægt að segja um gosið

„Um framtíð gossins er lítið hægt að segja,“ sagði Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við HÍ, í gærdeg. Fyrst og fremst byggja jarðvísindamenn á reynslu þegar þeir spá fyrir um gos og nánast engin reynsla sé af gosi í Eyjafjallajökli. Eina gosið sem talsvert er vitað um sé gosið 1821. „Og það er takmarkað sem hægt er að læra af einu gosi. Eldfjall er því marki brennt að það breytist í gosum og næsta gos verður í breyttu eldfjalli.“

Gosið árið 1821 stóð í meira en ár og það var talsvert öskufall í því. Það hætti öðru hverju og byrjaði svo aftur. Páll segir mjög




PÁLL EINARSSON jarðfræðingur.

líklegt að gosið standi töluvert lengur, það hafi til dæmis færst í aukana í gærmorgun. Hins vegar sé þekkt að gos hætti skyndilega.

„En þetta er hluti af lengri atburðarás sem hófst síðasta sumar. Ef það hættir skyndilega á þessum stað er líklegt að það taki sig upp annars staðar.“ Páll segir að gosið úr eldstöðinni undir Eyjafjallajökli hafi farið úr heppilegustu stöðu, eina staðnum þar sem er íslaut á þessum slóðum, í þá óheppilegustu, þar sem íshellan er þykkust og þar með mest hættu á hlaupi og von á mestu öskufalli.


- sbt



SÉRFRÆÐINGAR Í HJÓLBÖRÐUM

LÁTTU OKKUR SJÁ UM DEKKIN FYRIR ÞIG

15. APRÍL
NAGLANA
AF!




HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA / WWW.N1.IS

Meira í leiðinni

ÓDÝRT ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!

EXPO - www.expo.is



4.590

ÓDÝRT

Vnr. 15400050
Eldhústæki
ARMATURA FERRYT
eldhústæki.



4.350

ÓDÝRT

Vnr. 15400045
Handlaugartæki
ARMATURA FERRYT
handlaugartæki.

24.990

ÓDÝRT

Vnr. 13001515
Salerni
HUIDA salerni
með S-stút
og seta með
dempara.



Vnr. 13001595
Handlaug 5.990
HUIDA handlaug í borð, 485x485 cm.



Vnr. 13164751
Rúlluholdari 2.590
MF ONE salernisrúlluholdari.



Vnr. 15710120
Sturtubarki 790
ISA sturtubarki, 150 cm.



Vnr. 15720424
Handúðari 1.190
ISA handúðari, ein stilling.



Vnr. 15400030
Sturtutæki 15.990
ARMATURA CLASS sturtutæki, hitastýrt.



Vnr. 15400025
Baðtæki 17.900
ARMATURA CLASS baðtæki, hitastýrt.

GROHE

Vnr. 13001530,
15338528/58,
15338565SH


Salerni
HUIDA veggengt
salerni með setu.
GROHE innbyggður
kassi og GROHE
skjöldur.

45.900



Vnr. 13309654
Salernisseta 3.990
ENSTO salernis-
seta, plast, hvít.

Fæst í BYKO Kaupþúni



Vnr. 13609500-10
Baðinnrétting 22.990
Baðinnrétting, handlaugarskápur
40 cm, 40 cm handlaug og spegill
40X120cm. Hvít, svört eða dókk eik.

Fæst í BYKO Kaupþúni



Vnr. 13609515-22
Baðinnrétting 39.990
Baðinnrétting, handlaugarskápur 90 cm,
90 cm handlaug og spegill 40X90 cm.
Eik eða svört eik.

Pú getur valið um
eik eða svarta eik
á baðinnréttinguna



GROHE

Vnr. 15334237
Sturtuset 29.990

GROHE PRECISION sturtuset, hitastýrt
sturtutæki, sturtustöng, sturtubarki
og handúðari.




Vnr. 15726947
Sturtuset 3.990
ISA sturtustöng,
sturtubarki og
handúðari.



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

Opnunartíma og síma verslana má finna á www.BYKO.is



GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

Samgönguráðherra skoðaði aðstæður:

Vel heppnuð aðgerð

„Þessi aðgerð, að rjúfa hringveginn til að bjarga Markarfljótsbrúnni, heppnaðist fullkomlega. Hér hefur verið unnið mikið og



VIÐ MARKARFLJÓT Kristján Möller samgönguráðherra og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri voru ánægðir með vel heppnaðar aðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gott verk,“ sagði Kristján Möller samgönguráðherra þegar hann virti fyrir sér aðstæður á veginum við Markarfljótsbrúna um hádegisbil í gær.

„Það er magnað að sjá þetta – hversu hátt upp flóðið hefur náð,“ sagði ráðherrann, á meðan hann fylgdist með starfsmönnum Suðurveks ýta fyrstu stóru hlössunum af jarðvegi upp í gatið á veginum.

Með Kristjáni í för var Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. Að hans sögn hleypur tjónið á svæðinu sem Vegagerðin ber kostnað af líklega á tugum milljóna – að stærstum hluta vegna rofsins á veginum.

Kristján segir það ódýra aðgerð, miðað við áhættuna af því að brúin yfir Markarfljót eyðilegðist. Slíkar skemmdir hefðu getað kostað upp undir milljarð, að hans sögn. - sh



SKRIFAÐ Í ÖSKUNA Lítið mál var fyrir Hauk og Höddu að skrifa skýra stafi í öskulagið á bílhúddinu daginn eftir öskufallið. Til marks um mökkinn þá var áin fyrir neðan bæinn langt því frá sjáanleg meðan á öllu stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hélt að konan væri frá Suður-Ameríku

Ferðabændur á Hrífunesi horfðu á gosmökkinn æða í átt að bænum í fyrra kvöld. „Svo bara dimmdi,“ segir konan. Allt var þakið ösku, sem vindurinn feykta að stórum hluta í burtu. Skil nú hvað móðuharðindi þýða, segir bóndinn.

„Nú skilur maður loksins hvað orðið móðuharðindi þýðir,“ segir Haukur Snorrason, ferðabóndi í Hrífunesi í Skaftártungu. Haukur og kona hans, Hadda Björk Gísladóttir, sem hafa síðan í fyrra rekið ferðabjónustu á bænum í hjáverkum, voru komin að Hrífunesi á miðvikudag og ætluðu að verja einum degi í viðhald á húsinu og snúa svo heim. Ferðin varð hins vegar lengri en til stóð.

„Við vorum að grilla þegar við sáum koma svart ský í áttina að bænum,“ segir Hadda. „Svo bara


dimmdi. Það var komið kolniðamyrkur klukkan hálf átta.“ Ekki hafi séð til sólar og aska hafi þakið allt. „Það var komið myrkur hjá okkur tveimur tímum fyrr en í Hveragerði,“ bætir Haukur við og skellir upp úr.

„Ég hélt að konan væri frá Suður-Ameríku þegar hún kom inn með grillpinnana,“ segir hann. „En svo var þetta bara sama konan.“

Hjónin voru innlyksa austan Markarfljóts ásamt nokkrum iðnaðarmönnum þegar blaðamann

og ljósmyndara bar að garði og höfðu verið frá því að vegurinn við Markarfljótsbrúna var rofinn um miðjan dag á miðvikudag. Þá stefndi þó í að þau kæmst heim daginn eftir.

Haukur segir að túnin við bæinn hafi verið orðin grá af ösku í gærmorgun en vindurinn hafi síðan feykta stórum hluta af henni í burtu aftur. Hjónin sjá ekki fram á nokkurt tjón, að því gefnu að öskufallið á þessum slóðum verði ekki mikið meira. stigur@frettabladid.is



■ Dreifing öskunnar úr Eyjafjallajökli um miðjan dag í gær.

Reynir í Vík hefur aldrei áður upplifað svartamyrcur á sólskinsdegi:

Eins og á allt annarri plánetu

„Það var eins og maður væri kominn á aðra plánetu,“ segir Reynir Ragnarsson í Vík, sem var á ferð um Mýrdal í gærmorgun með jarðvísindamönnum að taka sýni úr gosöskunni.

„Ég hef aldrei áður upplifað svona svartnættismyrcur á sólskinsdegi.“ Reynir segir að utan við mökkinn hafi dagsbirtan verið sérkennileg og óraunveruleg. „Árnar virtust svartar,“ segir Reynir.

Hann er fyrirverandi lögregluvarðstjóri og vegavinnuverkstjóri í Vík og hefur jafnan verið að störfum við hlaup og hamfarir í Skaftafellssýslum síðustu áratugi. Fáir eru því vanari akstri í sandstormum og stórviðrum á þessu svæði. „Þetta er ólíkt öllu sem ég hef áður séð,“ segir Reynir Ragnarsson. - pg



SÝNI TEKID Vísindamenn sáu varla handa sinna skil þegar þeir tóku sýni af vegi við Vík í Mýrdal. MYNDIR/REYNIR RAGNARSSON



Krakkajóga

Ný 4. vikna krakkajóganámsskeið hefst 19. apríl hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.



2-4 ára » mánudagar klukkan 16:30-17:00

5-7 ára » miðvikudagar klukkan 16:30-17:00

8-10 ára » föstudagar klukkan 16:30-17:00

Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

Stórhöfði 17
(gengið inn um Veggspor)

Verð aðeins 5.000 kr.
Nánari upplýsingar á
jogastudio.org

Í gær, 15. apríl
rann út frestur
til að skipta út
nagladekkjunum

Skiptu á sumardekkinn strax í dag.



SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 • Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

OPIÐ: Virka daga 8-18, laugardaga 9-13

SÁLUMESSA MOZARTS verður flutt í Langholtskirkju í kvöld klukkan 20. Vox academica syngur og hljómsveitin Jón Leifs Camerata, spilar undir stjórn Hákonar Leifssonar. Einsöngvarar eru Þóra Einarsdóttir, Ingunn Ósk Sturludóttir, Gissur Páll Gissurarson og Kristinn Sigmundsson.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

Tilvalið fyrir
árshátíðina!

Allt í steik

endar mánudaginn 19. apríl

4ra rétta seðill frá 4.990 kr.

1 KRYDDLEGIN KLAUSTURBLEIKJA með rússneskri pönnuköku, dilljóma og piparrótarsósu

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA með Madeira og grilluðum humarhólum

VELDU MILLI FJÓGURRA ADALRÉTTA

FISKUR DAGSINS ferskasti hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar **(4.990 kr.)**

3 BEIKONVAFINN OG FYLLTUR FASANI með polentu og kóngasveppasósu **(5.590 kr.)**

RIB EYE með kartöfluturni, Bearnaisesósu og steinseljurótarmauki **(6.590 kr.)**

NAUTALUND með grænmetismósaík og blönduðum skógarsveppum **(7.590 kr.)**

4 SÚKKULÆDIFRAUÐ með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Ásthildur féll fyrir bláskel með aioli og frönskum í Brussel fyrir tíu árum. Uppskriftin að réttinum er á síðu 3.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stykkishólmsbláskel í bjór

Frá Stykkishólmi, heimabæ Ásthildar Sturludóttur, kemur bláskel og bjór sem hún matreiðir á belgiska vísu. Bláskelina segir hún tilvalinn veislumat sem gaman sé að borða í góðra vina hópi.

Ásthildur Sturludóttir, verkefnisstjóri aldarafmælis Háskóla Íslands og matarpenni á Pressunni, hefur óbilandi mataráhuga. „Ég á gott safn matreiðslubóka og les þær spjaldanna á milli. Matargerð er samt langt frá því að vera geimvísindi og hefur flestallt verið prófað áður. Ég reyni hins vegar að ljá því sem ég geri persónulegan blæ og breyti og bæti eftir smekk.“

Ásthildur segist þó lítið gefin fyrir vesen. „Það kemur hins vegar fyrir að ég prófi rétti með háan vesenis-stuðul en það er ekki þar með sagt að ég geri þá aftur. Eins held ég mig aðallega við mat og læt aðra að mestu um bakstur. Ég reyni þó stundum að baka og ætti að taka viljann fyrir verkið en læt þó oftast bjóða mér í ferm-

ingarveislu ef ég þarf á hnallþóru að halda.“

Ásthildur er ættuð úr Stykkishólmi og þótti rakið að gefa uppskrift frá heimaslóðum sínum. „Fyrirverandi nágranni minn úr Hólminum er að rækta bláskel en hún er dæmi um vel heppnað atvinnuþróunarverkefni á landsbyggðinni. Hólmarar brugga líka bjórinn Jökul sem fer vel í söði.“ Ásthildur ber bláskelina fram á belgíska vísu með Sauce Andalouse og frönskum en þá samsetningu smakkaði hún fyrst í Brussel árið 2000.

„Í sömu ferð smakkaði ég Mojito í fyrsta skipti og rennur það mér seint úr minni. Þetta er einkennisréttur staðarins og skal engan undra enda hrikalega gott. Ég

krydda sósuna með grænmeti en það má líka nota saffran, sinnep eða annað sem hugurinn girnist.“

Ásthildur segir bláskelina upp-lagðan partímat sem gaman er að borða. „Soðið eitt og sér er síðan eins og besta súpa. Yfirleitt baka ég frönskurnar með en eftir að hafa smakkað þær djúpsteiktur hjá bróður mínum fyrir skömmu kemur ekkert annað til greina.“ Að sögn Ásthildar er maturinn borðaður með puttunum. „Það má alveg vera hæfilegur subbuskapur í kringum svona mat enda þoli ég ekki tilgerð í matargerð. Ég get samt alveg verið þjöttuð en er ekki týpan sem sker út tailenskar rósir.“

Uppskriftina að Stykkishólmsbláskelinni er að finna á síðu 3.

vera@frettabladid.is

Tröllla
trefjar

NINGGS

NÝR HEILSURÉTTUR

Rétturinn samanstendur af rauðum hrísgrjónum sem eru næringar- og trefjaríkustu grjón sem völ er á, íslensku lífrænt ræktaðu bygg, heilum höfnum ásamt kjúklingi, eggjum og grænmeti, kryddaður með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

Stórhöfða
Suðurlandsbraut
Hlíðasmára
Sími 588 9899
www.nings.is



Litill 890kr. Stór 1290kr.

EKKERT salt
ENGINN sykur



Handverksmarkaður RAUÐA KROSSINS 17. apríl

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur handverksmarkað laugardaginn 17. apríl kl. 11-16 í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð. Selt verður handverk sjálfbóðaliða deildarinnar, sauma- og prjónavörur, kökur og annað föndur. **Einnig verður handverk frá Mósambík til sölu**, skartgripir, box, töskur, batik-myndir og fleira. Auk þess verður hægt að kaupa sumargjafir fyrir yngstu kynslóðina.

Allur ágóði rennur til verkefna innanlands.

Nemendur MK í áfanga um sjálfbóðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Tilvalið að kaupa sumargjafir og styrkja gott málefni í heiminum

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur



Tækin í eldhúsinu eru frá Rönning nema uppþvottavélin sem er í skáp undir hliðarglugganum. Hún er frá Fönix. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úr dimmu eldhúsi í bjart

Yndislegar páskaliljur í blóma við útidyrnar og hvít gólfmotta í anddyrinu gefa tóninn þegar gengið er inn á heimili Sólveigar Guðlaugsdóttur skrifstofumanns og Ingvars Kristinssonar kælítækniameistara.

„Við tókum alla neðri hæðina í gegn árið 2006, brutum niður vegg og breyttum gömlum sól-skála í stofu með glerþaki. Þá skiptum við um allt í eldhúsinu og opnuðum það út í borðstofuna, við það jókst birtan“ byrjar Sólveig er hún lýsir endurbótunum sem þau hjónakornin gerðu á heimili sínu. Meðan á þeim stóð segir hún eiginlega ekki hafa verið búandi í húsinu. „Við vorum hér samt og það lá við að við færum á stígvélum að rúmstokknum,“ segir hún hlæjandi. Erfitt er að mynda sér slíkt ástand þegar lítið er yfir heimilið nú.

Sólveig segir eiginmanninn helsta arkitekt að breytingum eldhússins. „Hann fór með sínar teikningar í fyrirtækið Heimilið í heild, fagfólkið þar útfærði svo innréttingarnar eftir þeim, flutti þær inn og sá um uppsetninguna. Kristinn Már, sonur okkar, lokaði hins vegar gamla innganginum í eldhúsið og bjó til nýjan, lagði parketið á gólfið, tók niður loftið í



Sólveig er ánægð með eldhúsið eftir breytingarnar.



Eyjan, sem afmarkar eldhúsið frá borðstofunni er miðpunkturinn, að sögn Sólveigar.

eldhúsinu og lagði hönd á plóg við lýsinguna.“

Sólveig segir eldhúsið hafa verið mjög lítið í upphafi, fyrri eigendur hafi verið búnir að stækka það um nokkra fermetra en innrét-

ingin hafi verið fremur dökk og með fulningum. „Við fórum úr dimmu eldhúsi í bjart,“ lýsir hún brosandi og segir jafn æðislegt að vinna þar og útlitið gefur til kynna. *gun@frettabladid.is*



Kr. 11.970.-

Kr. 9.340.-

Kr. 7.320.-

Kr. 5.590.-

Kr. 6.420.-

Al Dente pottar með loki

Life & List
SMÁRALING
Sími 544 2140



Er eldhúsið þitt vel skipulagt?



www.hegas.is

HEGAS ehf.
...allt fyrir trúnaðinn

Hellich
INTERNATIONAL

Vandaðar íslenskar innréttingar

Íslendingar eru kröfuharðir. Þeir velja vandaðar innréttingar, enda býr lengi að fyrstu gerð. Við hjá trésmiðju GKS tókum að okkur allt tréverk innanhúss og klárum verkin frá tilboði til uppsetningar, allt eftir þínum óskum.



Hafðu samband og við klárum málið með þér.

Gæði - Kunnátta - Sveigjanleiki



Trésmiðja GKS ehf • Funahöfða 19 • Sími 577 1600
Netfang: gks@gks.is • Veffang: www.gks.is

GKS

Kartöflur er best að geyma við 4-5 gráðu hita, dæmigerðan ísskápshita. Þá er öndun í kartöflunum hægari og minni líkur á skemmdum. Æskilegt rakastig við geymslu er 75 til 90 prósent.



visindavefur.is



Stök vegggljós geta komið ansi skemmtilega út fyrir ofan vinnuáðstöðu í eldhúsi. Þetta er með glansandi áferð og kallast Ball. ILVA, Korputorgi. Verð: 5.995 krónur.



Karafa úr bláu gleri. IKEA, Kaupþúni 4. Verð: 1.290 krónur.

Spagettimælir fyrir nákvæma fólkið. Epal, Skeifunni 6. Verð: 2.550 krónur.



Fagurbláir tónar

Fátt er skemmtilegra en að leika sér með fylgihluti í eldhúsinu og gæða herbergið lífi með fallegum litatönunum. Fréttablaðið valdi af handahófi nokkra fallega hluti úr bláu línunni inn í draumaeldhúsið.

Blár er ekki sama og blár en í dag skiptir það engu máli því flestir bláir tónar eru í tísku. Best er ef hægt er að blanda saman nokkrum tönunum af bláum,



FÄRGRIK-skál á ljómandi finu verði. IKEA, Kaupþúni 4. Verð: 295 krónur.

svo sem djúpbláum, túrkísbláum, sægrænbláum, ljósbláum og jafnvel fjólubláum. Þannig má skapa góðan heildarsvip en samt spila úr fleiri litum en tveimur. Blár litur fer einkar vel við viðarinnréttingar og hvítar sprautulakkaðar innréttingar.

- jma



Gamlar innréttingar er ekki úr vegi að lakka með ljósbláum lit. Flügger, Stórhöfða er dæmis með fallega bláa litatóna.

STYKKISHÓLMSBLÁSKEL Í JÖKLI MEÐ BELGÍSKUM ÁHRIFUM

Uppskriftir Ásthildar Sturludóttur fyrir 5

Sauce Andalouse (klassískt aioli, kryddað með grænmeti)

- 1 eggjarauða
- 2 tsk. sinnep
- 1 hvítlauksgeiri
- 2,5 dl olía (ekki ólívuolía)
- 1 msk. hvítvínседик eða sítrónusafi
- 2 msk. tómaturé (tæplega)
- 2 msk. fínt hakkaður skalottlaurur
- 1 msk. fínt hökkuð græn paprika
- 1 msk. fínt hökkuð rauð paprika
- 1 msk. sítrónusafi
- Salt

Þeytið eggjarauðu, sinnep og hvítlauk saman. Bætið olíunni út í í mjórrí bunu. Bætið edikinu við og hrærið vel. Bætið grænmeti við og látið standa í ísskáp í um klukkustund.

Franskar
5 bökunarkartöflur (eða ein á mann)
Grænmetisolía til djúpsteikingar.

Kartöflur skornar í þunna báta. Látnar liggja í köldu vatni. Skiptið oft á vatninu uns það hættir að vera



hvítt. Þerrið kartöflurnar vandlega. Hitið olíu í djúpsteikingarpotti. Steikið kartöflurnar í um það bil fjórar mínútur (í nokkrum skömmtum). Færið þær í ofnskúffu og setjið eldhúspappír í botninn. Látið biða í 30 mínútur. Hitið olíuna á ný og djúpsteikið kartöflurnar þar til þær eru gullinbrúnar. Færið með gataspaða upp á fat með eldhúspappír og látið mestu olíuna drjúpa af. Saltið.

Bláskel
1½ kg bláskel frá Bláskel í Stykkishólmi (fæst í Fylgífiskum)
100 g smjör

- 1 stór laukur, fínt hakkaður
- 2 selleristönglar, saxaðir
- 1 dós niðursoðnir saxaðir tómatar
- Safinn síaður frá.
- 3 hvítlauksrif, pressuð
- 2 tsk. tímían
- 1 lárviðarlauf
- 1½ flaska af Jökli (bjór)
- 2 msk. rjómi
- 1 msk. sinnep
- 6 msk. söxuð steinselja, helst flatblaða
- Salt og pipar

Skolið bláskelina. Hitið smjör í potti. Þegar smjörfroðan er horfin er laukurinn, hvítlaukurinn og sellerið steikt. Hrærið vel í. Bætið tómötum út í og kryddið. Látið sjóða í um það bil 5 mínútur. Bætið bjórnum hægt og rólega út í. Setjið skelina út í og hristið pottinn vel. Setjið lokið þétt á og sjóðið í u.þ.b. tíu mínútur eða þar til skelin hefur opnast. Hakkið steinseljuna. Hrærið rjóma og sinnepi saman og berið þetta fram með skelinni, kartöflunum, Sauce Andalouse og brauði.



FATASKÁPAR

NÝIR TÍMAR - FERSK FORM
FRÍFORM kitchn
ÞEGAR ÞIG VANTAR INNRETTINGU
HREINT OG KLART

BETRA BAÐ

ÞVOTTAHÚS



20% Mán. - föst. kl. 9-18
Laugard. kl. 11-15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

REYFARA KAUP AF LAGER Á LÆGRA VERÐI

NÚ BJÓÐUM VIÐ ALLAR INNRETTINGAR (ELDHÚS, BAÐ, ÞVOTTAHÚS, FATASKÁPA) TIL AFGREIÐSLU AF LAGER EÐA MEÐ STUTTUM FYRIRVARA, MEÐ 20% AFSLÆTTI

nettoline

www.friform.is



» Það er ekki að ástæðulausu að þeytarinn og önnur áhöld frá Rösle eru með fimm ára ábyrgð – þau eru einfaldlega óþreytandi. Þetta gróna þýska fyrirtæki hefur framleitt hágæða eldhúsaáhöld úr stáli í nær hundrað ár og er reynslunni ríkara. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is





REIÐIMESSA verður haldin í Grafarvogskirkju í kvöld klukkan 20. Um er að ræða guðsþjónustu þar sem fólk ber reiðina á borð fyrir Guð og hvert annað. Litið er til Biblíunnar til að sjá hvernig reiðin getur birst í trúarlífi manneskjunnar.

Nýkomið mikið úrval af vönduðum inniskóm úr leðri og með skinnfóðri.



Teg. 2171
Stærðir: 36-42
Litur: Svart
Verð: 10.900,-



Teg. 3714
Stærðir: 36-42
Litir: rautt og svart
Verð: 10.900,-

Sími 551 2070.
Opíð mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur



Gunnar Kvaran og Friðjón Hallgrímsson eru umsjónarmenn Harmonikumeistarans 2010. Skyldulögin sem keppendur leika eru My Bonnie, Fragrant Flowers og Babuschka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LAGERSALA

Góðir skór - gott verð

Takkaskór
besta verðið
í bænum?

Mikið úrval af nýrri vöru á alla fjölskylduna



Stærðir 31-46

kr. 5.495.-

Opíð virka
daga 12-18
laugardag og
sunnudag 12-16

XENA

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

Harmonikan alltaf vinsæl

Keppnin Harmonikumeistarinn 2010 verður haldin á morgun í Tónlistarskóla Garðabæjar. Friðjón Hallgrímsson umsjónarmaður segir harmonikuna bjóða upp á margt sem önnur hljóðfæri gera ekki.

„Harmonikan er jafn vinsæl nú og hún hefur alltaf verið, ekki síst hjá unga fólkinu, enda býður hún upp á ýmislegt sem önnur hljóðfæri gera ekki. Harmonikan er mjög alhliða og með henni er hægt að halda uppi heilu balli, sem kannski er erfitt með einungis trommum eða gítar,“ segir Friðjón Hallgrímsson, sem ásamt Gunnari Kvaran er umsjónarmaður Harmonikumeistarans 2010. Keppnin fer fram í Tónlistarskólanum í Garðabæ, við Kirkjulund 11, klukkan 14 á morgun.

Það er Samband íslenskra harmonikuunnenda (SÍHU) sem stendur fyrir Harmonikumeistarinum, en þetta er í fyrsta sinn sem sambandið stendur fyrir slíkri keppni. Áður höfðu verið haldnar tvær

slíkar keppnir, fyrst árið 1938 og svo árið 1999.

Svo skemmtilega vill til að í fyrstu keppninni, sem haldin var í Gamla bíói, bar þrettán ára gamall Reykvikingur, Bragi Hlíðberg, sigur úr býtum og var það upphafið á löngum og glæstum ferli. Bragi, sem nú er 86 ára gamall, er einn dómara í Harmonikumeistarinum 2010 ásamt þeim Einarí Guðmundssyni, Sigurði Alfonsyni og German Khlopin. „Bragi er í fullu fjöri og er enn að spila inn á plötur og leika fyrir áheyrendur. Hann er hress og ferskur,“ segir Friðjón.

Keppt er í þremur aldursflokkum: tólf ára og yngri, þrettán til sextán ára og sautján ára og eldri. Fjórtán keppendur eru skráðir til leiks og spila þeir eitt skyldulag í

hverjum flokki og annað verk að eigin vali.

Friðjón telur nokkuð merkilegt að fleiri slíkar keppnir hafi ekki verið haldnar hingað til, miðað við miklar vinsældir harmonikunnar hjá landsmönnum. „Svona keppnir eru daglegt brauð erlendis, þar sem frammistöður eru dæmdar eftir tækni, túlkun og fleiri atriðum, nokkurs konar alþjóðlegum staðli. Kennt er á harmoniku um allt land og við Íslendingar eignum mikið af hæfileikafólki á þessu sviði, sem skilar sér væntanlega í keppninni,“ segir Friðjón.

Þess má geta að annað kvöld verður slegið upp dansleik með úrvals harmonikuleikurum í Breiðfirðingabúð klukkan 21.30.

kjartan@frettabladid.is



SPENNANDI
SUMAR 2010

MC PLANET
opíð
mán.-fim 12-18, fös. 12-16, lau. lokað
Sími 694 7911
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.

Stórveisla hestamanna, Fákarn og fjör, verður í Top Reiter-reiðhöllinni á Akureyri á morgun klukkan 20.30. Fyrir um daginn verður stóðhestakynning í reiðhöllinni klukkan 13. Um kvöldið er svo stórdansleikur í höllinni. Hestaáhugamenn á Akureyri ættu því að hafa nóg að gera þann daginn.



www.eidfaxi.is

5 ára afmæli

20% AFSLÁTT AF ÖLLUM vörum

Opíð verður 11:00 - 18:00 á föstudag og laugardag.

Léttar veitingar og kristall í boði.
Komdu og fagnadu með okkur.



tvö 3 lif

Hollasmári 1 - P. 517 8500
www.tvoflif.is

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTIR

16. apríl 2010

RISASKAMMTUR AF ANDAGIFT

Tónlistarparið Kristín Bergsdóttir og Samúel Jón Samúelsson segir frá vetrardvöl í Brasilíu



POP-UP-VERSLUN UM HELGINA + FATASTÍLL HILDAR HERMANNS +
VORLITIR Í FÖRÐUN + FULLKOMINN FÖSTUDAGUR UNU KRISTJÁNSDÓTTUR

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ



Kr. **117.950**

Acer Aspire 5542-304G50MN

- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300
- 4GB DDR2 667MHz minni
- 500GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár 1366x768
- ATI Radeon HD 4200 PCI-Express skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD±RW Dual Layer DVD og CD skrifari
- Windows 7 Home Premium

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



acer

núna

* nýtt um helgina

GÍSLI GALDUR

Á föstudagskvöldið ætla ég í eins árs afmæli með tveimur snótum en á laugardagskvöldið ætla ég að spila á pabba helgi ásamt Benna b-ruff á Kaffibarnum. Á sunnudaginn ætla ég svo að slaka á í ró og næði.



Allt um plötur í Havarí

Skemmtileg dagskrá mun eiga sér stað á morgun í versluninni Havarí í Austurstræti. Dagurinn er helgaður plötubúðum og hátíðin er sett klukkan 14 af Einari Erni Benediktssyni. Að því loknu spilar hljómsveitin Tonik og svo ræða Haukur S. Magnússon, ritstjóri Reykjavík Grapevine, og Halldór Ingi Andrússon úr Plötubúðinni sálugu stöðu plötubúðarinnar í dag. Klukkan sextán leika Sóley og hljómsveit svo lög af nýttkominni plötu, Theater Island.



Þetta HELST

Pop-Up á Sólun

Á laugardaginn verður enn og aftur opnuð Pop-Up-verslun, en þessir skemmtilegu viðburðir hafa verið afar vinsælir og kjörin leið fyrir



hönnuði til að selja vörur sínar án álagningar milliliða. Að þessu sinni er Pop-Up-markaðurinn á Kaffi Sólun milli kl. 12 og 17 og þeir hönnuðir sem taka þátt eru

A.C. Bullion, Anna Soffía, Dýrindi, Eight of Hearts, Elva, Hlín Reykdal, IBV, Sonja Bent og Varius. Fólki er góðfúslega bent á að koma með reiðufé þar sem engir posar eru á staðnum.

Aurum færir út kvíarnar:

Ný hönnunarverslun í gamla Hans Petersen

Á laugardaginn opnar ný og spennandi hönnunarverslun í húsinu þar sem Hans Petersen var í tugi ára. „Þegar Hans Petersen ákvað að flytja starfsemi sína kviknaði hjá okkur hugmyndin um að láta gamlan draum rætast og opna hönnunarverslun í miðborg Reykjavíkur þar sem annað væri á boðstólum en verið hefur hingað til,“ útskýrir Helga G. Friðriks, markaðsstjóri Aurum. „Það verður opnað á milli Aurum og stóra rýmishins þar sem Hans Petersen var. Aurum verður óbreytt en hinum megin verðum við með spennandi vörur til sölu frá erlendum hönnuðum, allt frá skartgripum upp í húsgögn.“ Meðal þess sem

Okkur langaði að leita aðeins út fyrir landsteinana og vera með eitthvað aðeins öðruvísi en gengur og gerist.

verður fáanlegt í Aurum verða dönsku Helgo-vörurnar, skemmtileg kínversk hönnun sem kallast Jia og notast við bambus og keramik, franskir skartgripahönnuð-



Langaði að vera með eitthvað öðruvísi Nýtt og stærra Aurum opnar í Bankastræti 4 á laugardaginn og selur vörur eftir spennandi erlenda hönnuði. Hér eru þær Helga Friðriks og Guðbjörg Ingvars í versluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ir sem kallast Les Nereides og gera mjög nýstárlega hluti, falleg hollensk barnaleikföng og frönsk húsgögn frá Ibride en þau eru í laginu eins og dýr. „Okkur lang-

aði að leita aðeins út fyrir landsteinana og vera með eitthvað aðeins öðruvísi en gengur og gerist, og líka aðallega að selja hönnunarvöru á viðráðanlegu verði,“ segir

Helga. Auk þess stendur til að vera með áfrep fyrir hönnuði sem eru að þróa vörurnar sínar í Aurum. „Það yrði þá nokkurs konar stökkpallur að byrja hjá okkur.“ - amb



Vertu velkomin(n)!
SALON REYKJAVÍK

Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is



Bleikt sumar
Eitt af fjórum litapallettum frá Mac fyrir voríð en hinar eru hunangs, plómu og kórallitað.

Spennandi vorlitir frá Mac:

Fjögur tælandi litbrigði

Það er ávallt spennandi að sjá hvaða nýjungar snyrtivörufrirtækið Mac býður upp á en fyrir voríð kemur línun „Spring Colour Forecast“. Um er að ræða breiða línu sem ætti að henta öllum konum því hún kemur í fjórum litatönnum: hunangslitu, plómlitu, kórallitu og bleiku. Sérfræð-

ingarnir hjá Mac segja: „Veldu þér skap, ákveddu hvernig þú vilt haga þér. Finndu spána þína og fylgdu ástríðunni með fjórum nautnafullum litasögum.“ Í hverri litalínu er að finna æðislega glimmeraugnskugga, varaliti og gloss, naglalökk, kinnaliti og meira að segja ilmvötn. - amb

augnablikið



HRESS Fyrirsætan Kate Moss lék á als oddi á góðgerðasamkomunni Mummy Rocks í Lundúnum fyrir skömmu.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Valgarður Gíslason Ritstjóri Anna M. Björnsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Ný húsgögn!

Vorum að taka upp gæsileg
borðstofuhúsgögn
og litríkan borðbúnað

20% afsláttur af borðstofuborðum

borð 39.900,-
nú **31.920,-**



stóll 7.990,-
nú **6.392,-**

2.990,-



2.590,-



890,-



390,-



5.990,-



1.690,-



3.490,-

NÝ
Glæsileg
mósaik
garðhúsgögn



borð 24.900,- stóll 11.990,-



borð 19.900,- stóll 11.990,-



borð 19.900,- stóll 10.900,-



the
PIER

kemur stöðugt á óvart
www.pier.is



Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

RISASKAMMTUR AF ANDA

Tónlistarparið Kristín Bergsdóttir og Samúel Jón Samúelsson sneri nýlega aftur heim frá Brasilíu, þar sem svörtum dögum íslenska skammdegisins var eytt í skínandi sól og blússandi sambasveiflu.

**Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason**

Sammi og Kristín eru enn með sól í hjarta á rigningardegi í Reykjavík og hafa ekkert á móti því að rifja upp nokkra gullmola úr Brasilíuferðinni. Það fyrsta sem kemur upp í hugann er þegar þau stigu á brasilíska jörð í janúar, þar sem stóð yfir heitasta sumar í fimmtíu ár. Fyrsta „áfallið“ var að komast að því að engin loftkæling var í íbúðinni þeirra.

Sammi: Þetta var svolítið myndið, því Kristín fékk valúmtöflur fyrir flugið og hafði tekið töflu númer tvö rétt fyrir landingu...

Kristín: Ég er sko hrædd við að fljúga og fæ innilokunarkennd. Þetta var í fyrsta skipti sem ég fæ róandi, en ég var bara svo kvíðin fyrir þetta langa flug.

Sammi: Já, þannig að ég varð dálítið pirraður, þegar konan var að sýna okkur íbúðina, við það að bráðna úr hita og engin loftkæling. Og ég var svo hissa yfir því hvað Kristín var svakalega slök. „Þetta er frábært,“ sagði hún bara brosandí. Daginn eftir var hún samt alveg sammála mér um að við gætum ekki verið þarna án loftkælingar.“

Kristín: „Hún kom samt ekki fyrr en í þriðju viku. Þannig að fyrstu vikuna vorum við út úr heiminum, að kafna úr hita og öll bitin í spað!“

ÁRALANGUR DRAUMUR

Það var engin tilviljun að þau völdu Brasilíu, en þangað hefur Kristínu dreymt um að fara lengi.

Kristín: Ég hef lengi verið ástfangin af brasilískri tónlist. Fyrir fjórum árum fór ég svo í hálf tónlist til Stokkhólms í skiptinám. Þar kynntist ég tónlistarmönnum frá Brasilíu og þá gerðist eitthvað inni í mér. Fyrir rúmum tveimur árum ákvað ég svo nákvæmlega hvenær við myndum fara. Og það gekk bara upp.

Sammi: Þetta er góður tími til að fara í burtu. Bæði er ekkert mikið að gera í tónlistinni og svo er þetta ekki mest spennandi tíminn – jólin búin, myrkur úti og allir í Visa-þunglyndi. Ég væri til í að vera alltaf í burtu annað til þriðja hvert ár á þessum tíma.

Kristín tók lokaverkefnið sitt úr Listaháskólanum með sér til Brasilíu, en þaðan útskrifast hún úr tónsmíðum í vor. Sammi tók líka með sér vinnu, þó hann hafi leyft umhverfinu og fólkinu sem þau kynntust að trufla sig heilmikið.

Sammi: Þegar maður er í svona spennandi umhverfi nennir maður ekki alveg að vera inni að vinna. Ég ætlaði að nota tímann úti til að skipuleggja upptökun með Big Bandinu mínu, sem við vorum í í síðustu viku. En ég er svolítill svona „last minute“ maður. Í staðinn fóru allir páskarnir í þetta hjá mér. Upptökurnar gengu samt bara vel og platan á að koma út í júní.

Kristín komst hins vegar á ágætt skrið með ritgerðina og fékk risa-

Músikalskt par Kristín og Sammi eru strax farin að undirbúa næstu ferð til Brasilíu. Þar eyddu þau fyrstu mánuðum ársins og fylltust andagift sem nýttist þeim vel í fjölda tónlistarverkefna sem fram undan eru hjá þeim á næstunni.



skammt af andagift fyrir tónverknið sitt, sem hún er að leggja loka hönd á.

Kristín: Það verður flutt 6. maí í Þjóðmenningarhúsinu, með 20 manna hljómsveit – strengjasveit, blásarasveit, söngvara, slagverki, hörpu og rafbassa.

KLIKKUÐ KJÖTKVEÐJA

Kristín og Sammi kynntust mörgu tónlistarfólki úti í Brasilíu, sem kom þeim út úr túristapakkanum og inn í kultúr „venjulega“ fólksins. Það kom sér sérstaklega vel þegar kjötkveðjuhátíðin hófst, en þá fengu þau að vita hvaða tónleikar væru hvar, hvaða götupartí þau yrðu að fara í og hvaða staði þau ættu að forðast.

Sammi: Við kynntumst þarna sambahljómsveit sem spilar öll miðvikudagskvöld, á uppáhaldsstaðnum okkar sem við kölluðum alltaf Kaffibarinn. Þau gáfu okkur fullt af tipsum um hvert við ættum að fara á karnivalinu.

Kristín: Það var skemmtilegt að upplifa karnivalið. Það var ótrúlega klikkað en samt mikil ró yfir öllu og allir í sátt og samlyndi.

Sammi: Þjóðfélagið lokar bara í nokkra daga og almenningur fær að eiga göturnar. Það var fallett.

Kristín: Mamman, pabbinn, unglingsarnir, amma og afi, og litlu börnin líka, öll saman úti að labba alla nóttina...

Sammi: Ég upplifði þetta eins og

blöndu af þjóðhátíð í Eyjum, Eurovision, Gay Pride, 17. júní, jólnum og gamlárskvöldi, allt saman í einni klessu, fimm daga í röð, allan sólarhringinn.“

ÓMETANLEG LÍFSREYNSLA

Það er greinilegt að þau kunna bæði tvö að meta Brasilíu, svo mjög reyndar að þau eru þegar farin að undirbúa næstu ferð út.

Sammi: Mér fannst þessi ferð ótrúlega góð reynsla, bæði listrænt séð og til að endurmeta lífs-gildin. Í Brasilíu er mikið ríkidæmi en líka mikil fátækt. Þarna sá ég betur hvað við höfum það ótrúlega gott hérna. Þegar ég geng út úr íbúðinni okkar á daginn eru ekki sofandi börn á götunni fyrir framan húsið. Maður á að hugsa sig tvisvar um áður en maður fer að væla yfir því hvað maður hefur það slæmt hérna.“

Kristín: Ég vissi alltaf að þetta yrði spennandi ferð, en ég hefði ekki getað ímyndað mér hvað ég átti eftir að kynnast mörgum spennandi hlutum. Þess vegna erum við sko strax farin að plana næstu ferð. Mig langar að fara með íslenskum tónlistarmönnum út og kynna þá fyrir mínum vinum úti og taka upp árangurinn.

Sammi: Það verður bara þegar við erum búin að safna smá pening...

Kristín: Já, já, í fyrsta lagi eftir tvö ár en vonandi innan fimm ára.

Mig langar að gera svona mixtúru, eins og þeir segja úti og eru svo hfrifnir af – að blanda saman áhrifunum. Mig langar að fá Tropicalia-sveitina mína með mér...

Sammi: En þú ert ekkert búin að segja þeim að þú ætlir að fara með þeim til Brasilíu. Það gæti verið erfitt fyrir þau að lesa um það í blaðinu!

Kristín: Jááá, ég veit það. Ég þarf bara að ræða þetta við þau. Það eru alveg nokkrir hérna sem hafa jafn brennandi áhuga og ég á brasilískri tónlist. Ég er viss um að þeir væru til í að koma með.

LEIÐIRNAR LIGGJA SAMAN

Sammi er líka með ýmis áform í gangi, en auk þess að gefa út plötu er hann að undirbúa þriggja daga afró-fönk hátíð í sumar, með rjómanum af þeim íslensku tónlistarmönnum sem eru í tónlist með afrískar rætur. Í millitíðinni, nánar tiltekið í maí, fer hann á heimstónlistarhátíðina Natjazz í Bergen í maí með Big Bandinu, þar sem fram koma margir af uppáhalds tónlistarmönnum Samma.

Ekki nóg með það, þá er hljómsveitin hans, Jagúar, með tónleika í Hvíta húsinu á Selfossi í kvöld. Maður veltir því fyrir sér hvort þau Sammi og Kristín geti nokkurn tímann komið sér saman um úr hvaða heimsálfu tónlistin sem sett er á fóninn heima hjá þeim kemur.

FULLT AF NÝJUM VÖRUM



**Kjólar frá
7.990 kr.**

Allir sem versla fyrir
8.000 kr. eða meira
fá hálsklút.

Við erum á fyrstu
hæðinni í Firði.

MINÐ

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073
Erum með opið á lau.
kl. 11-16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

VELDU BESTU MYNDINA Á
VÍSIR.IS
ÞÚ GÆTUR UNNIÐ
VEGLEG VERÐLAUN!

**græna
ljósið**



GALA

CRAZY HEART
UN PROPHÉTE
DAS WEISSE BAND

HEIMURINN

BLACK DYNAMITE
THE LAST STATION
THE MESSENGER
MOON
NOWHERE BOY
RUDO Y CURSI
TRIAGE
THE YOUNG VICTORIA

MEISTARAR

FANTASTIC MR. FOX
HACHIKO: A DOG'S STORY
THE IMAGINARIUM
OF DR. PARNASSUS
ONDINE

MIDNÆTTI

TRASH HUMBERS
UNTIL THE LIGHT TAKES US

UMHVERFIÐ

THE COVE
THE END OF THE LINE
FOOD, INC.
THE LIVING MATRIX

VERULEIKINN

BURMA VJ
DIALOG
VIDEOCRACY

BÍÓDAGAR 2010

16. APRÍL - 6. MAÍ Í REGNBOGANUM

BÍÓDAGAR 2010

16. apríl - 6. maí í Regnboganum · 24 gæðamyndir frá öllum heimshornum



GALA



CRAZY HEART

Bridges hlaut Óskarsverðlaun sem fallin kántristjarna í mynd sem hefur rakað til sín verðlaunum og tilnefningum.

Jeff Bridge, Maggie Gyllenhaal
Leikstjóri: Scott Cooper
Drama · 112 mín. · Leyfð · Ísl. texti · USA



UN PROPHÉTE

Ungur arabi er sendur í franskt fangelsi þar sem hann kemst fljótt til valda. Tilnefnd til Óskarverðlauna sem besta erlenda myndin.

Tahar Rahim, Niels Arestrup
Leikstjóri: Jacques Audiard
Drama · 155 mín. · 16 ára · Ens. texti · FRA



DAS WEISSE BAND

Meistari Michael Haneke kemur hér með meistarastykki sem tilnefnd var til tveggja Óskarsverðlauna.

Sýnd í Háskólabíói, daglega 23. - 29. apríl.
Christian Friedel, Ernst Jacobi
Leikstjóri: Jacques Audiard
Drama · 144 mín. · 12 ára · Ísl. texti · ÞÝS

HEIMURINN



BLACK DYNAMITE

Bráðfyndin mynd sem gerir grín að gömlu blaxploitation myndunum en er á sama tíma sjálf ein slík.

Michael Jai White, Arsenio Hall
Leikstjóri: Scott Sanders
Gaman · 90 mín. · 16 ára · Ísl. texti · USA



THE LAST STATION

Leo Tolstoy barðist við að finna jafnvægi milli frægðar og ríkidæmis annars vegar og andúðar á efnisgæðum hins vegar. Tvær Óskarstilnefningar.

Christopher Plummer, Helen Mirren
Leikstjóri: Michael Hoffman
Drama · 112 mín. · Leyfð · Án texta · USA



THE MESSENGER

Kröftug mynd um þá sem hafa það hlutverk að færa ættingjum fallinna hermanna slæmu fréttirnar. Harrelson var tilnefndur til Óskarsverðlauna

Woody Harrelson, Ben Foster
Leikstjóri: Oren Moverman
Drama · 112 mín. · 12 ára · Ísl. texti · USA

MEISTARAR



MOON

Sam Rockwell leikur Sam Bell, sem hefur verið aleinn og yfirgefnur í geimstöð nokkurri í hátt í þrjú ár og það er farið að taka sinn toll.

Sam Rockwell, Kevin Spacey
Leikstjóri: Duncan Jones
Drama · 97 mín. · 10 ára · Ísl. texti · USA



NOWHERE BOY

Bráðskemmtileg og hjartnæm bresk mynd um æsku John Lennon. Kvikmyndin var tilnefnd til fjögurra Bafta verðlauna.

Aaron Johnson, Kristin Scott Thomas
Leikstjóri: Sam Taylor Wood
Drama · 98 mín. · 10 ára · Ísl. texti · UK



RUDO Y CURSI

Teymið á bak við „Y tu mamá también“ sameinast í stórskemmtilegri mynd um bræður sem berjast á knattspyrnuvællinum.

Gael García Bernal, Diego Luna
Leikstjóri: Carlos Cuarón
Drama · 103 mín. · 12 ára · Ísl. texti · MEX

MEISTARAR



TRIAGE

Eiginkona stríðsfréttaljósmyndara reynir að komast að því af hverju eiginmaður hennar sneri heim frá síðasta verkefni án kollega síns.

Colin Farrell, Jamie Sives, Paz Vega
Leikstjóri: Danis Tanovic
Drama · 99 mín. · 16 ára · Ísl. texti · IRL



THE YOUNG VICTORIA

Vönduð mynd framleidd af Martin Scorsese um fyrstu ár Victoríu sem drottning en hún var krýnd 18 ára.

Emily Blunt, Rupert Friend, Paul Bettany
Leikstjóri: Jean-Marc Vallée
Drama · 105 mín. · 12 ára · Ísl. texti · USA



FANTASTIC MR. FOX

Snillingurinn Wes Anderson kemur hér með stórskemmtilega brúðmynd sem var tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna.

George Clooney, Meryl Streep
Leikstjóri: Wes Anderson
Fjölskylda · 87 mín. · Leyfð · Ísl. texti · USA

MEISTARAR



HACHIKO: A DOG'S STORY

Lasse Hallström og Richard Gere gera hér einstaklega hjartnæma mynd byggða á sannri japanskri sögu um vináttu manns og hunds.

Richard Gere, Joan Allen, Sarah Roemer
Leikstjóri: Lasse Hallström
Drama · 93 mín. · Leyfð · Ísl. texti · USA



THE IMAGINARIUM OF

DOCTOR PARNASSUS

Ferðaleikhús gefur áhorfendum sínum mun meira en þeir áttu von á. Terry Gilliam leikstjóri Heath Ledger í sinnu síðustu mynd.

Johnny Depp, Heath Ledger
Leikstjóri: Terry Gilliam
Drama · 123 mín. · 12 ára · Ísl. texti · USA



ONDINE

Colin Farrell leikur írskan sjómann sem bjargar konu á reki í sjónum. Hún kallar sig Ondine og virðist minnislaus. Neil Jordan leikstjóri.

Colin Farrell, Tony Curran, Stephen Rea
Leikstjóri: Neil Jordan
Drama · 111 mín. · 12 ára · Ísl. texti · IRL

MIDNÆTTI



TRASH HUMBERS

Harmony Korine er mættur aftur, nú með mynd um gamalt fólk sem riðlast á ruslagámum. Eitthvað sem allir hafa beðið eftir, er það ekki?

Paul Booker, Dave Cloud, Chris Crofton
Leikstjóri: Harmony Korine
Hryllingur · 78 mín. · 18 ára · Ísl. texti · USA



UNTIL THE LIGHT TAKES US

Heimildarmynd um hugmyndafræði og ansi sjokkerandi sögu svartþungarokksins (black metal) hjá frændum okkar í Noregi.

Varg Vikernes, Fenriz og Harmony Korine
Leikstjóri: Rupert Murray
Heimildarm. · 85 mín. · 14 ára · Án texta · USA



THE END OF THE LINE

Sláandi heimildarmynd um áhrif ofveiði samtímans á höf heimsins. Hér er sýnt fram á að á næstu 50 árum gætu fiskistofnarnir þurrkast út.

Charles Clover og fleiri
Leikstjóri: Rupert Murray
Heimildarm. · 85 mín. · Leyfð · Án texta · UK

UMHVERFIÐ



THE COVE

Sérþjálfaðir og hátæknivæddir umhverfissinnar afhjúpa ljótan sannleik í vik nokkurri í Japan. Vann Óskarinn í ár sem heimildarmynd ársins.

Joe Chisholm, Mandy-Rae Cruikshank
Leikstjóri: Louie Psihoyos
Heimildarm. · 92 mín. · Leyfð · Ísl. texti · USA



FOOD, INC

Sláandi, stórkemmtileg og einkar fróðleg heimildarmynd um matvælavinnslu samtímans og áhrif hennar á líf okkar og heilsu.

Gary Hirshberg, Michael Pollan
Leikstjóri: Robert Kenner
Heimildarm. · 94 mín. · Leyfð · Ísl. texti · USA



THE LIVING MATRIX

Hér eru afhjúpaðar nýstárlegar hugmyndir um þann flókna vef ólíkra þátta sem ákvarða heilsu okkar og líðan.

Adam Dreamhealer, Arielle Essex
Leikstjóri: Greg Becker
Heimildarm. · 85 mín. · Leyfð · Ísl. texti · USA


VERULEIKINN



BURMA VJ

Ungur hugrakkir borgarar í Burma leggja líf sitt að veði við gerð þessarar mögnuðu heimildarmyndar sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta heimildarmynd ársins.

Leikstjóri: Anders Østergaard
Veruleikinn · 84 mín. · 12 ára · Ísl. texti · DAN



DIALOG

Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, var í gær tepptur í New York þar sem hann hafði sótt leiðtogafund fyrr í vikunni. „Það er lítið við þessu að gera, svo ég þarf að vinna í New York í dag,“ sagði Stoltenberg hinn rólegasti í gær í viðtali við norska dagblaðið VG.

„Valdamesti maður Noregs er nú gjörsamlega valdalaus,“ segir á vefsíðu blaðsins. Óvíst er hvenær Stoltenberg kemst heim, en þar bíða hans fjölmörg verkefni. -gb

Röskun á flugi í Svíþjóð: Fjölga þurfti rútuferðum

Í Norður-Svíþjóð þurfti eins og víðar að hætta öllu sjúkraflogi í gær, hvort heldur var með þylum eða flugvélum, vegna öskunnar frá Íslandi. Fólki sem þarf að komast undir læknishendur þarf því að fara með sjúkrabílum.

Þá urðu fyrirtæki í ferðaþjónustu í Svíþjóð vör við að pöntunum fjölgaði mjög í gær þegar allt flug hafði verið fellt niður. Í staðinn pantar fólk sér far með rútu.

„Við erum vanir að ráða við helgarumferðina,“ er haft eftir blaðafulltrúa rútuþjónustufyrirtækisins Swebuss á vefsíðum sænska dagblaðsins Expressen. Hann segir fyrirtækið auðveldlega ráða við að auka þjónustuna verulega með stuttum fyrirvara. -gb

Tölvuvandi Landsbjargar: Vefsíðan biluð en annað í lagi

Vefsíða Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur legið niðri frá því á þriðjudag. Það hefur talsverð áhrif á starfsemi skrifstofu félagsins en hefur ekki áhrif á boðun björgunarveita eða starfsemi á vettvangi, segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi félagsins.

Tölvuforrit Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem notað er til að halda utan um verkefni björgunarveita á landinu öllu, er hluti af öðru tölvukerfi og hefur það ekki orðið fyrir truflunum.

Ólöf vonast til þess að þessum tæknilegu vandamálum verði kipt í lag á næstunni. -bj

Um 350 tonn af fiskafurðum fara með flugfragt á erlenda markaði á viku:

Naumlega tókst að senda fisk til Liège

ÚTFLUTNINGUR Í gærmorgun tókst að senda fragt vél til Liège í Belgíu með 37 tonn af fiski af þeim um 50 tonnum sem til stóð að flytja út. Ekki var hins vegar hægt að millilenda í Englandi, eins og venja er, heldur þurfti að flytja átta tonn með flutningabílum frá Liège til kaupenda á Bretlandseyjum.

Íslenskur sjávarútvegur á mikið undir því að flugsamgöngur komist sem fyrst í eðlilegt horf. Um

350 tonn af ferskum fiskafurðum fara í flugfragt frá landinu í hverri viku.

„Við erum ýmsu vanir í þessum bransa,“ segir Svavar Þór Guðmundsson, forstjóri Sæmarks, eins stærsta útflytjanda landsins á ferskum fiski. Hann segir ekki óvenjulegt að fragtflug raskist vegna veðurs og að leysa þurfi ýmis vandamál frá degi til dags. Nokkurra daga röskun af þessu tagi sé

ekki stórmál. „Eins og er getum við brosað út í annað,“ segir Svavar.

Hjá Icelandair Cargo fengust þær upplýsingar að héðan fari nú fragt vélar í viku og er fiskur um 95 prósent af útfluttri fragt.

Einnig er talsvert flutt út með farþegaflugum, þar á meðal í vélum sem fóru til Amsterdam og Frankfurt í gærmorgun og til Ameríku en flug þangað hélt áætluð síðdegis í gær. -pg



FLUGFRAGT Útflytjendur ferskra fiskafurða eru vanir því að þurfa að bregðast við truflunum á flugi vegna veðurs.

TREK

KRAKKAHJÓLIN

eru komin...

MEIRI HREYFING - MEIRI ÁNÆGJA



stelpuhjól

TREK MYSTIC 12"
Vandað og sterkt barnahjól með brettum, keðjuhlíf og standara. Fyrir stelpur á aldrinum 2-5 ára
Litir: Bleikt
Verð kr. 22.990.-



strákahjól

TREK JET 12"
Vandað og sterkt barnahjól með brettum, keðjuhlíf og standara. Fyrir stráka á aldrinum 2-5 ára
Litir: Svart/blátt
Verð kr. 22.990.-



stelpuhjól

TREK MT60
Vandað og sterkt barna-álhjóla fyrir stelpur á aldrinum 5-9 ára. Með 6 girum, girhlíf, keðjuhlíf og standara. Handbremsa að framan og aftan
Litir: Ljósblátt - **Verð kr. 39.990.-**



strákahjól

TREK MT60
Vandað og sterkt barna-álhjóla fyrir stráka á aldrinum 5-9 ára. Með 6 girum, girhlíf, keðjuhlíf og standara. Handbremsa að framan og aftan
Litir: Blátt - **Verð kr. 39.990.-**



stelpuhjól

TREK MYSTIC 16"
Vandað og sterkt barnahjól með brettum, keðjuhlíf og standara. Fyrir stelpur á aldrinum 3-6 ára
Litir: Fjólublátt, bleikt
Verð kr. 25.990.-



strákahjól

TREK JET 16"
Vandað og sterkt barnahjól með brettum, keðjuhlíf og standara. Fyrir stráka á aldrinum 3-6 ára
Litir: Svart/rautt, blátt/hvitt
Verð kr. 25.990.-



strákahjól

TREK MT220
Vandað og sterkt 24" álhjóla. Fyrir aldurinn 8-12 ára. 21 girar með keðjuhlíf, girhlíf og standara. Handbremsa að framan og aftan, sérhannaðar fyrir litla fingur og hægt að stilla hæð á pedulum Stíllanlegt stýri.
Litir: Svart, rautt/hvitt
Verð kr. 45.990.-



stelpuhjól

TREK MT220
Vandað og sterkt 24" álhjóla. Fyrir aldurinn 8-12 ára. 21 girar með keðjuhlíf, girhlíf og standara. Handbremsa að framan og aftan, sérhannaðar fyrir litla fingur og hægt að stilla hæð á pedulum Stíllanlegt stýri.
Litir: Fjólublátt, ljósblátt
Verð kr. 45.990.-



strákahjól


TREK JET 20"
Vandað og sterkt barnahjól með brettum, keðjuhlíf og standara. Fyrir stráka á aldrinum 5-8 ára Fótbremsa og handbremsa að framan
Litir: Orange/svart, blátt/hvitt
Verð kr. 29.990.-



stelpuhjól

TREK MYSTIC 20"
Vandað og sterkt barnahjól með brettum, keðjuhlíf og standara. Fyrir stelpur á aldrinum 5-8 ára Fótbremsa og handbremsa að framan
Litir: Bleikt, ljósblátt
Verð kr. 29.990.-

SANYL PAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ALFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

VERSLAÐU HEIMA
NET
VERSLUN
www.orninn.is

SAMA VERÐ UM LAND ALLT
NETVERSLUN - WWW.ORNINN.IS OG FÁÐU HJÓLID SENT HEIM...
Gildir um land allt nema höfuðborgarsvæðið

Hjól fyrir alla fjölskylduna!
ÖRNINN

Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verkstæði Sími 588 9891

Visa-, Euro greiðslur
Opíð alla laugardaga 10-16

Hjóna-hraðþjónusta - Viðgerðir
Pantaðu tíma á netinu - www.orninn.is

Þjóðin stendur með þeim sem glíma við afleiðingar eldgoss og flóða.

Óblíð náttúra

En á ný hafa náttúruöflin minnt Íslendinga rækilega á tilvist sína. Og reyndar rifjað upp fyrir hálfum heiminum að Íslendingar búa á meðal óútreiknanlegri eldfjalla. Hamfarir af völdum eldsumbrota hafa sett mark sitt á Íslandssöguna. Afleiðingarnar hafa stundum orðið skelfilegar, eins og í Móðuharöndinum 1783-1785 þegar fimmtungur landsmanna týndi lífi og fjórir fimmtuhlutar alls búsmala féllu.

Eldgosið í Eyjafjallajökli jafnast sem betur fer ekki á við Skaftárelda, en hefur engu að síður haft áhrif á daglegt líf margra landsmanna. Næst eldfjallinu hafa hundruð manna þurft að rýma heimili sín í tvígang og munu á næstunni þurfa að búa við þá óvissu, sem fylgir stöðugum flóðum úr jöklinum á meðan gýs. Bændur hafa sums staðar orðið fyrir miklu tjóni vegna flóðanna og margir hafa áhyggjur af áhrifum öskufalls á búpening og grassprettu.

Ferðaáætlanir þúsunda manna hér á landi hafa raskast. Um alla Norður-Evrópu og víða úti um heim eru milljónir manna strandaglópar vegna öskuburðar frá Eyjafjallajökli, sem hindrar allt farþegaflug.

Eldgosið á Fimmvörðuhálsi var meinlaust túristagos sem skilaði tekjum í kassa ferðaþjónustunnar en nú stefnir gosið í jöklinum hagsmunum ferðaþjónustunnar í vor og sumar í hættu. Enginn veit hversu lengi gosið mun standa. Það gætu orðið margar vikur eða mánuðir. Síðast gaus í Eyjafjallajökli með hléum í upp undir tvö ár. Haldi gosið áfram að trufla flugumferð er hætta á að margir ferðamenn taki ekki þá áhættu að bóka Íslandsferð.

Hagsmunir fleiri atvinnugreina eru í húfi; þannig treysta ýmis fyrirtæki á reglulegan útflutning með flugi og vita nú ekki hvernig fer fyrir viðskiptasamböndum.

Allt eru þetta að sjálfsgöðu smámunir hjá mannlífnum, sem geta verið í hættu þegar eldfjöllin rumska. Æðruleysi og frábært samstarf íbúa, lögreglu, björgunarsveita og almanna-varna hefur enn sem komið er orðið til þess að allir nágrannar Eyjafjallajökuls hafa komist í öruggt skjól áður en jökulvatnið ryður sér leið frá eldfjallinu.

Það er kannski svölitið víðeigandi að þegar þjóðin var í miðju kafi að meðtaka boðskap rannsóknarnefndarinnar, sem varpaði ljósi á hvernig græðgi, hégómi og vanhæfni manna olli efnahagslegum hamförum á Íslandi, skyldi náttúran minna svona eftirminnilega á mátt sinn. Smæð mannsins gagnvart náttúruöflum rifjast þá kannski upp fyrir einhverjum, sem nutu þess að virðast stórir í krafti afreka sinna í fjármálaheiminum.

Við skulum þó hafa hugfast að sem þjóð erum við margfalt betur í stakk búin að takast á við afleiðingar náttúruhamfara en við vorum fyrr á öldum. Og þjóðin mun standa þétt við bakið á þeim, sem glíma við afleiðingar eldgosa og flóða.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Saklaus

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er stóryrtur um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Að því leytnu til bregst hann ekki þjóðinni. Ég gerði ekkert rangt, er kjarninn í máli hans. Og margt af því sem sagt er um mig er bull og vitleysa. Ólafur segir það til marks um sakleysi sitt að ekki sé minnst á hann í sjö fyrstu bindum skýrslunnar sem séu hin eiginlega skýrsla. Sú staðhæfing er í besta falli hlægileg.



1 - 7

Í bindunum sjö er fjallað um aðdraganda og orsakir falls bankanna og eðli máls samkvæmt er sjónum fyrst og fremst beint að gjörðum eigenda þeirra og helstu stjórnenda. Ólafur Ragnar var hvorugt. Einnig er fjallað um stefnu og athafnir stjórnvalda. Forsetinn tilheyrir ekki stjórnvöldum. Endurskoðun og eftirliti eru gerð skil. Ólafur Ragnar hafði enga aðkomu að þeim þáttum.

Tittlingaskítur og lærdómur

Bindi átta, þar sem fjallað er um forsetann í sérstökum kafla, tekur til siðferðis og starfshátta. Þar og hvergi annars staðar á umfjöllun um forsetann að vera. Ólafur Ragnar hengir sig í tittlingaskít þegar hann reynir að bera blak af sjálfum sér og gefur ekkert fyrir þann lærdóm sem helstu sérfræðingar þjóðarinnar í siðfræði telja að draga megi af framgöngu hans í aðdraganda bankahrunsins. Nú er að sjá hvort þeir sem fara með völdin séu sömu skoðunar. Hvort þeir telji að setja beri forsetaembættinu reglur, hvað sem skoðunum Ólafs Ragnars líður. bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



Skot sem geigar

Samgöngur



Gísli Gíslason
stjórnarformaður Spalar

Sigurður Gunnarsson skotveiðimaður Svikur að lífeyrissjóðalánum til Hvalfjarðarganga í grein í Fréttablaðinu 15. apríl og segir þar að „ástæðan fyrir því að ekki er fyrir löngu búíð að borga upp Hvalfjarðargöng er sú að lán lífeyrissjóða til þeirrar framkvæmdar voru með okurvöxtum“. Þetta skot geigar hjá veiðimanninum og það svo um munar.

Íslenskir lífeyrissjóðir keyptu skuldabréf sem Spölur, eigandi væntanlegra Hvalfjarðarganga, gaf út. Þetta var fyrsta fjárfesting lífeyrissjóðanna í einkaframkvæmd og það í skuldabréfum sem hvorki voru með ríkisábyrgð né tryggð með veði í fasteignum. Vextir á lánunum voru vissulega háir en lífeyrissjóðirnir þurftu eðlilega að tryggja vel hagsmuni sína og síns fólks. Aldeilis fráleitt er að kenna lánskjörin við okur. Fyrir Spöl skipti hins vegar meginmáli að lífeyrissjóðirnir skyldu sýna þá framsýni að brjóta ísinn og taka yfirleitt þátt í þessu mikla fjárfestingarverkefni. Afstaða þeirra hafði mikil og góð áhrif á aðra fjárfesta, ekki síst þá erlendu. Auðvelt er að færa rök fyrir því að án stuðnings forystumanna í íslensku lífeyrissjóðakerfi hefðu Hvalfjarðargöng tæplega orðið að veruleika á sínum tíma.

Ég er viðkvæmur fyrir því að skotum sé beint að lífeyrissjóðunum á forsendum sem veiðimaðurinn gefur sér og get upplýst hann og aðra um að Spölur greiddi upp upphaflegu lífeyrissjóðalánum strax haustið 2004. Félagið hefur síðan nokkur ár til að greiða niður önnur lán sín eða til 2018, lögum samkvæmt. Þar á meðal eru lífeyrissjóðalán sem komu til sögunnar við skuldbreytingu hjá Speli 2005 á verulega lægri vöxtum en þekkjast nú um stundir.

Allt er málið því í eðlilegum farvegi og hið eina sem fór ekki eins og til var stofnað var að Spölur gat leyft sér að láta vegfar- endur njóta þess frá upphafi að umferðin um göngin væri mun meiri en ráð var fyrir gert og þar með tekjustreymi til félagsins. Veggjaldið átti að fylgja verðlagi en hefur aldrei gert það. Gjaldið er þannig stórum lægra en ef það hefði tekið vísitölhækkunum á hverjum tíma.

Ekkert bendir til annars en að Spölur verði skuldaust félag 2018 og þeir sem stuðluðu að Hvalfjarðargöngum geti horft yfir farinn vegg, býsna ánægðir með sín verk. Ég þakka lífeyrissjóðum fyrir þeirra hlut og framsýni. Það ættu skotveiðimenn líka að gera.

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉL: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HVAÐ FINNST ÞÉR? WHAT DO YOU THINK? CO O TYM SĄDZISZ?

Miðberg, félagsmiðstöð ÍTR í Gerðubergi 1, Breiðholti
sunnudaginn, 18. apríl · Sunday, 18 April · w niedzielę, 18. kwietnia
klukkan · between · w godzinach 14–17

FRAMTÍÐARÞING UM MÁLEFNI INNFLYTJENDA

Allir velkomnir sem vilja hafa áhrif á stefnumótun í málefnum innflytjenda í aðdraganda kosninga til sveitarstjórna

OPEN DISCUSSION MEETING ABOUT IMMIGRATION ISSUES

Everyone who wants to have an impact on immigration policies in the upcoming municipal elections are welcome

OTWARTE SPOTKANIE POŁĄCZONE Z DYSKUSJĄ O PROBLE-

MACH OBCOKRAJOWCÓW NA ISLANDII ODBĘDZIE SIĘ
Wszyscy, którzy chcieliby mieć wpływ na politykę imigracyjną w nadchodzących wyborach samorządowych, są mile widziani

Ávörp flytja · We will hear from · Spotkanie poprowadzą:

DAGUR B. EGGERTSSON, ÁRNI PÁLL ÁRNASON, BARBARA KRISTVINSSON

NÁNARI UPPLÝSINGAR FOR MORE INFORMATION WIĘCEJ SZCZEGÓŁÓW POD ADRESEM www.xs.is

Gagnkvæm virðing

Málefni innflytjenda

Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi



Barbara J. Kristvinsdóttir
formaður Landnemans



Í dag eru 22.644 innflytjendur á Íslandi eða 9% af þjóðinni. Ísland er fjölbreytt fjölmenningsamfélag. Þá staðreynd er ekki hægt að

hunsa. Fólk getur rökrætt um það hvort það sé jákvætt eða ekki, hvort innflytjendalög séu of ströng eða ekki. En ekkert breytir því að við búum í heimi sem skreppur sífellt saman og er byggður af ferðafæru fólki.

En þó þessar staðreyndir liggi fyrir nægja þær ekki til að móta farsælt fjölmenningsamfélag, þar sem allir hafa jöfn tækifæri; réttindi og ábyrgð allra eru viðurkennd og virt og allir taka virkan þátt í samfélaginu. Farsælustu fjölmenningsamfélögin eru þau sem tryggja að allir geta notið sín.

Spurningin er: hvers konar sam-

félag viljum við? Viljum við samfélag sem hvetur innflytjendur og gerir þeim kleift að taka virkan þátt? Ef svarið er já, verðum við að horfa til almannaþjónustu og stefnu stjórnvalda. Ef við viljum að innflytjendur axli meiri ábyrgð þurfum við stefnu sem verndar réttindi þeirra og barna þeirra, verndar búsetu þeirra, hvetur til þátttöku, auðveldar sameiningu fjölskyldna, hvetur til umsóknar um ríkisborgararétt og síðast en ekki síst þurfum við stefnu sem berst gegn mismun. Þessar stefnur og framkvæmdir þurfa að vera á öllum stigum samfélagsins, hjá ríkisstjórn, í sveit-

arstjórn, í skólum, atvinnulífi – alls staðar.

Á Evrópuráðsþingi um aðlögun, haldið í Vichy árið 2008, samþykktu aðildarríkin að „til að ná árangri kallar aðlögunarferlið á einlæga fyrirhöfn gestgjafalandsins og hins opinbera sem og innflytjendanna sjálfra til að stuðla að gagnkvæmri virðingu“.

Við spyrjum því: erum við að gera allt sem við getum? Fjölmenningsarsetur, Jafnréttishús og Alþjóðahús leggja sitt af mörkum en er það nóg? Þjónustan er dreifð og það er engin reglugerð sem segir nákvæmlega til um hvaða þjónustu sveitar-

félögin verða að bjóða upp á. Fjöldi stofnana sem tengjast aðlögunarferlinu er gífurlegur. Það er skortur á samstarfi milli opinberra þjónustu og einkageirans og skrifræðið er flókið.

Reykjavíkurborg er því miður að glata forystu sinni í innflytjendamálu með deyfð og áhugaleysi þeirra sem fara fyrir stjórn borgarinnar og það er alvarlegt mál.

Ef við vinnum ekki bug á þessum hindrunum munu þær flækja aðlögunina sem gæti þýtt að innflytjendur verði fastir á jaðri samfélagsins. Þannig samfélag viljum ekki á Íslandi.

Kæri karlmaður

Kynbundið ofbeldi

Pórdís Elva Þorvaldsdóttir
áhugakona um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi



Kæri íslenski karlmaður. Bréf þetta er ritað af vinkonu þinni og aðdáanda, sem á maka, son, föður, bræður, frændur og vini í þínum röðum.

Þú hefur verið mér hugleikinn undanfarið. Stundum velti ég skoðunum þínum fyrir mér. Kannski ertu ánægður með gengi landsliðsins í handbolta en óánægður með gengi íslensku krónunnar. Eða kannski fylgistu lítið með íþróttum og fjármálafréttum? Kannski finnst þér íslenska sumarið of stutt og pólitíkin of tækifærissinnuð. Eða kannski telur þú stjórnmalin í góðum farveg? Og sumarið í hæsta máta passlegt?

Í öllu falli tel ég mig vita að þér er ekki sama í hvernig landi þú býrð.

Stundum velti ég fjölskylduástandum þínum fyrir mér. Kannski áttu konu og börn. Eða kannski ertu alsæll með að vera einhleypur? Kannski áttu systur. Jafnvel móður á lífi? Þú átt að minnsta kosti frænkur, hvort sem þú ert náinn þeim eða þekkir þær eingöngu þegar þú lest barmmerkið þeirra á ættarmótum.

Í öllu falli tel ég mig vita að þér er annt um þína nánustu og þeirra hag.

Stundum velti ég gildum þínum fyrir mér. Kannski álturðu fjölskylduna vera undirstöðu lífsins. Kannski finnurðu hamingjuna á framabrotinu. Kannski treystirðu æðri máttarvöldum fyrir örlögum þínum. Eða kannski trúirðu því að hver sé sinnar gæfu smíður?

Í öllu falli tel ég mig vita að þú trúir á getu mannsins til góðra verka og grundvallar mannréttindi allra einstaklinga.

Ég velti fyrir mér hversu upplýstur þú ert um ólíka stöðu kynjanna í samfélagi okkar. Kannski

veistu að Ísland er ofarlega á blaði á heimsvísu þegar kynjajafnrétti er annars vegar. Kannski veistu að þrátt fyrir það viðgengst sífjaspell, nauðganir, barsmiðar og mismunur gegn konum hérlendis. Kannski grunar þig að allt að því þriðja hver íslensk kona sé beitt kynferðisofbeldi á lífsleiðinni. Eða kannski hefurðu lítið leitt hugann að þessum efnunum?

Í öllu falli tel ég mig vita að þú líðir ekki kynbundið ofbeldi í neinni mynd.

Sé gengið út frá því að þér sé ekki sama í hvernig landi þú býrð, að þér þyki vænt um þína nánustu og sért hlynntur grundvallar mannréttindum, vaknar spurningin hvers vegna þú, kæri íslenski karlmaður, ert jafn lítið sýnilegur í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og raunber vitni. Undanfarin ár hafa verið haldnir ótal viðburðir, vel auglýstir og öllum opnir, sem eru liður í þessari baráttu. Það hefur verið hending ein ef sést hefur til karlmanns á þessum samkomum. Þó er kynbundið ofbeldi ekki kynbundið vandamál. Ofbeldi gegn konum er ofbeldi gegn áður nefndum frænkum, dætrum, mæðrum, vinkonum, eiginkonum, kærustum og systur, og þar með mannréttindamál sem kemur öllum við.

Kæri íslenski karlmaður. Vertu velkominn um borð. Þú getur hafist handa strax. Þann 16. apríl er málþingið Þögl þjáning haldið á Akureyri á vegum Jafnréttisstofu. Sama dag opna samtökin Aflíð dyr sínar fyrir gestum og gangandi og kynna starfsemi sína. Einnig má minnast á Öðlinginn 2010 (sjá nánar á www.odlingurinn.is) en allur ágóði átaksins rennur til samstöðufundar gegn kynbundnu ofbeldi þann 25. október næstkomandi í miðbæ Reykjavíkur. Þér er hér með boðið. Allstaðar í heiminum þar sem þjóðfélagi hefur verið skipt í tvo hópa og öðrum þeirra mismunad, hefur þurft samstillt átak beggja aðila til að koma á jafnrétti. Þín er ekki bara óskað í baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi, þín er þörf.

LAGERÚTSALA

MATVARA, HREINLÆTISVÖRUR,
SNYRTIVÖRUR OG MARGT FLEIRA

Allt að 80% afsláttur

GERIÐ FRÁBÆR KAUP Í SUNDABORG 5

FÖSTUDAGINN 16. APRÍL KL. 12:00 -17:00 • LAUGARDAGINN 17. APRÍL KL. 11:00 -14:00

UPPBOÐ

á ýmsum munum

Vörumiðstöð Samskipa, laugardaginn 17. apríl kl. 12.00

Uppboðið verður haldið af sýslumanninum í Reykjavík í aðstöðu vörumiðstöðvar Samskipa, Kjarlavorgi 7-15, Reykjavík. Aðkoma að húsnæði Samskipa: Gengið er inn um dyr nr. 33 hjá vöruafgreiðslu inn á svæðið. Bílastæði eru fyrir framan húsið.

Meðal þess sem boðið verður upp eru hurðir, skápar, borð, ýmiskonar húsgögn, dekk og felgur, garðhúsgögn og garðvörur, grill, byggingarefni, glerrúður, fatnaður, hárskraut, skór, heimilistæki, varahlutir í mótörhjóli, álnavörur, sængur, koddar og margt fleira.

Einungis peningar eða debetkort eru tekin gild sem greiðsla, hvorki ávisanir né kreditkort.

Greiðsla við hamarshögg.

AÐALRÆÐISMANNSSKRIFSTOFA
LÝÐVELDISINS PÓLLANDS Í REYKJAVÍK

Með hryggð og sorg tilkynnum við að þann 10. apríl 2010 átti sér stað einn mesti harmleikur í sögu Póllands. Forseti Lýðveldisins, Lech Kaczyński lést í flugslysi við Smolensk ásamt eiginkonu sinni Maria Kaczyńska þegar þau voru á leið til minningarathafnar sem marka átti þau tímamót að 70 ár voru liðin frá Katyn-morðunum. Einnig létust fulltrúar æðstu stjórnvalda Póllands, háttsettir embættismenn pólska ríkisins og pólska hersins, aðrir fulltrúar í pólsku sendinefndinni, sem og meðlimir áhafnar.

Í kjölfarið hefur forseti pólska þingsins hr. Bronislaw Komorowski, sem gegnir nú embætti þjóðhöfðingja, boðað til þjóðarsorgar í Póllandi.

Þann 17. apríl kl. 12:00 verður haldin minningarmessa í Landakotskirkju við Túngötu, tileinkuð fornarlömbum slyssins.

Starfsmenn aðalræðismannsskrifstofu Póllands í Reykjavík

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

46%
afsláttur



KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR, MAGNBAKKI

1.588 kr/kg

áður 2.941 kr/kg

Verið velkomin og

LAMBAFILLET
MEÐ FITU FROSID



2.598 kr/kg

áður 3.331 kr/kg

BBQ GRÍSARIFJABITAR



40%
afsláttur

899 kr/kg

áður 1.498 kr/kg

GRÍSAKÓTELETTUR OG
GRÍASNITSEL
Í RASPI



37%
afsláttur

1.196 kr/kg

áður 1.898 kr/kg

OFNSTEIK
MEÐ DÖNSKUM BLÆ



34%
afsláttur

1.483 kr/kg

áður 2.247 kr/kg



SVÍNALÆRISSNEIÐAR
GRILL



30%
afsláttur

979 kr/kg

áður 1.398 kr/kg



SVÍNABÓGSNEIÐAR
GRILL



30%
afsláttur

769 kr/kg

áður 1.098 kr/kg



GLÓALDIN APPELSÍNUSAFI
1 ltr.



199 kr/stk

áður 249 kr/stk

HRÍSKÖKUR
MEÐ SÚKKULAÐI
4/PK



175 kr/pk

áður 219 kr/pk

MATARKEK & MJÓLKURKEK
500 gr



259 kr/pk

NAUTAMÍNÚTUSTEIK FERSK

40%
afsláttur



1.979 kr/kg

áður 3.299 kr/kg

gerið góð kaup í Nettó

**SKORTA
TÍMABIL**

GRÍSAKÓTELETTUR
REYKTAR, GRILL

30%
afsláttur

1.259 kr/kg

áður 1.798 kr/kg



GRÍSAKÓTELETTUR
GRILL

30%
afsláttur

1.259 kr/kg

áður 1.798 kr/kg



VÍNARTERTA

35%
afsláttur

389 kr/stk

áður 599 kr/stk



SALATRÆKJA
500 gr

549 kr/pk



ÚRVALSRÆKJA
500 gr

649 kr/pk



PERUR
COMICE, 1 kg

50%
afsláttur

149 kr/kg

áður 298 kr/kg



NÓA PIPPÍS &
NÓA KONFEKTÍS
0,5 ltr.

296 kr/stk

áður 549 kr/stk



46%
afsláttur



Tilboðin gilda 15. - 18. apríl eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
ER 59 ÁRA Í DAG.

„Ég er alveg óþolandi Hafn-
firðingur. Alltaf
talandi um hvað Hafnar-
fjörður sé æðislegur.“

Björgvin Halldórsson hefur
verið söngvari í hljómsveit-
um á borð við Flowers, Ævin-
týri, Hljóma, Brimkló og HLH-
flokkinn. Hann var valinn
poppstjarna ársins árið 1969.



PETTA GERÐIST: 16. APRÍL 1957

Árbæjarsafn verður að veruleika

Um miðja síðustu öld vaknaði áhugi á því að varðveita sögu elstu byggðar Reykjavíkur. Nýtt húsnæði Þjóðminjasafns Íslands var tekið í notkun 1950 og í kjölfarið á því hafið áttak til þess að safna merkjum forngrípum. Fjórum árum síðar var Skjala- og minjasafn Reykjavíkur stofnað til þess að halda utan um þá muni sem söfnuðust. Um þetta leyti var Árbæjarhverfi ekki byggt heldur var þar gamalt bóndabýli sem komið var í eyði. Þennan dag árið 1957 samþykktu bæjar-
yfirvöld að fríða Árbæ og næsta nágrenni hans og gera að almenningsgarði.

Árbæjarsafn er útisafn og auk Árbæjar eru þar yfir 20 hús, sem mynda torg, þorp og sveit. Flest hús hafa verið flutt úr miðbæ Reykjavíkur. Í Árbæjarsafni er leitast við að gefa hugmynd um byggingarlist og lífnaðarhætti í Reykjavík og á



sumrin má þar sjá húsdýr og mannlíf fyrri tíma.

Fyrir utan fjölda sýninga og viðburða í safninu er hægt að kaupa kaffiveitingar í Dillonshúsi, minjagripum og póstkort í miðasölunni í húsinu Laugavegi 62 og gamaldags slikeri í kramhúsum, bollapör og kandís í krambúðinni í húsinu Lækjargötu 4.

MERKISATBURÐIR

- 1899 Franska spítalaskipið St. Paul strandar við Meðal-land.
- 1915 Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélags Íslands og jafnframt fyrsta vélknúna millilandskipið sem smíðað var fyrir Íslendinga, kemur til Reykjavíkur.
- 1919 Mahatma (Mohandas) Gandhi skipuleggur dag föstu og bæna til að mót-mæla fjöldamorðum Breta á indverskum mót-mælendum í Amritsar.
- 1954 AA-samtökin á Íslandi eru stofnuð. Þau starfa í deildum um allt land.

tímamót

timamot@frettabladid.is



GEFUR ABC BARNAHJÁLPINNI Guðrún Margrét Pálsdóttir tekur við fjárframlaginu úr hendi Ágústs Arnar.

Styrkir fátækan fimm ára dreng

Ágúst Örn Ingason stofnaði síðu á Facebook í október á síðasta ári og hét því að ef 15.000 skráðu sig á hana fyrir 21. mars myndi hann gefa ABC barnahjálp 50.000 krónur af fermingarpengunum sínum. Áskorunin fór eins og eldur í sinu um Facebook-heiminn og mikill fjöldi manns lét velþóknun sína í ljós. Að lokum höfðu alls 27.587 manns skráð sig.

Nýlega stóð Ágúst Örn við heit sitt og mætti á skrifstofu ABC barnahjálpar með 50.000 krónurnar. Hann ákvað að nota peninginn til að styrkja fimm ára gamlan dreng frá Filippseyjum sem heitir Alene Antoni og býr í borginni Bacolod á Filippseyjum þar sem ABC barnahjálpar rekur skóla fyrir fátæk börn. Fjárhæðin dugur til að kosta skólagöngu Alene í tæp tvö ár.

- gun



STÓRAFMÆLI MERKRAR KONU Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, fagnaði 80 ára afmæli sínu í gær. Afmælisdagurinn var annasamur því auk þess að taka á móti gestum í veislu var Vigdís útnefnd heiðursborgari Reykjavíkurborgar og heiðursdoktor við deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Hugvísindasvið HÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

VIDGÍS FINNBOGADÓTTIR: HEIÐURSBORGARI OG HEIÐURSDOKTOR

Annasamur afmælisdagur

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, varð áttæð í gær. Þá var þess jafnframt minnst að þrjátíu ár voru liðin frá því að Íslendingar kusu sér kvenkyns forseta í lýðræðislegum kosningum, fyrstir allra þjóða. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær lögðu margir hönd á plóg til að gera afmælisdaginn sem glæsilegastan og steiktu ættingjar Vigdísar í Gnúpverjahreppi meðal annars kleinur fyrir veislugesti.

Afmælisdagurinn var annasamur hjá Vigdís því fjölmargir vildu heiðra hana á þessum merkisdegi. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur, reið á vaðið í gærmorgun þegar borgarráð samþykkti tillögu hennar um að gera Vigdís að heiðursborgara Reykjavíkur. Kór frá Sólheimum heimsótti síðan Vigdís á heimili hennar við Aragötu og söng fyrir hana afmælisönginn en Vigdís kunni ákaflega vel að meta sönginn og faðmaði hvern og einn í þakklætisskyni.

Dagskráin hélt áfram þegar Vigdís var síðan sæmd heiðursnafnbót við deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við hugvísindasvið Háskóla Íslands. Að þeirri athöfn lokinni var haldið út í stóra sal Háskólalabíós þar sem sérstök hátíðardagskrá hófst til heiðurs Vigdís, en henni var bæði sjónvarpað beint og útvarpað. Meðal þeirra sem lofuðu verk og störf Vigdísar voru Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti dagskrána.

Þegar ávörpum var lokið hófst síðan vegleg dagskrá í tali, tónum og myndum undir listrænni stjórnun Kolbrúnar Halldórsdóttur. Fram kom að dagskráin væri afmælisgjöf til Vigdísar frá þremur listamönnum og samtökum sem Vigdís hafði unnið hvað mest með. Vigdís sjálf ávarpaði síðan sam-



TVÉR BRAUTRYÐJENDUR Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra heiðraði Vigdís með nærveru sinni á afmælinu. Jóhanna er fyrsti kvenkyns forsætisráðherra landsins. Vigdís var sem kunnugt er fyrsta konan í heiminum sem kjörin var lýðræðislega í embætti þjóðhöfðingja.

komuna að þeirri dagskrá lokinni. Í kjölfarið var efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu undir yfirskriftinni Varðveisla framtíðar: Sjálfbærni tungumáls, menningar og náttúru. Meðal

ræðumanna á þeirri ráðstefnu voru Marthi Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og Irina Bokova, framkvæmdastjóri UNESCO.

freyrgigja@frettabladid.is



Hugheilar þakkir sendum við þeim sem sýndu okkur samúð og vinarbug við fráfall og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

Önnu Guðmundsdóttur

María Helgadóttir

Helgi Helgason

Inga Lára Helgadóttir

Björk Helgadóttir

Guðmundur Rúnar Helgason

Inga Á. Guðmundsdóttir

Þorsteinn Guðmundsson

ömmubörn og langömmubörn.

Friðrik G. Gunnarsson

Ólafur Haukur Jónsson

Sigurður Hauksson



Elskulegur faðir okkar,

Gunnar Magnús

Bjarnason

viðskiptafræðingur,

Eiðistorgi 1,

lést á heimili sínu mánudaginn 12. apríl. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Arna Björk Gunnarsdóttir

Bjarni Magnús Gunnarsson.

UMHVERFISVÆN MATVÆLAVINNSLA: OPNUÐ Í HVERAGERÐI Í DAG

Kínverjar vilja íslenskt þykki

„Þetta er þykki í algjörum hágæðaflokki unnið úr því hráefni sem fellur til frá útgerðum og landbúnaði,“ segir Egill Sigurðsson, sem ætlar ásamt Björgvini Mýrdal matreiðslumeistara, að opna umhverfsvæna matvælavinnslu við hátíðlega athöfn í gömlu slökkvistöðinni Hveragerði í dag klukkan 18.

Að sögn Egils byggist hugmyndin á því að sjóða nauta- og kjúklingsbein, humar og fleira niður í gufuknúnum pottum og búa til þykki sem er ætlað til útflutnings, en þeir félagar fengu hugmyndina og ákváðu að hrinda henni í framkvæmd vegna verkefnaskorts í kreppunni.

„Þetta var akkúrat fyrir ári. Þá var ég nýtskrifaður úr námi í alþjóðavíðskiptum og hótélrekstri í Sviss og ekki um auðugan garð að gresja á íslenskum atvinnumarkaði eftir hrun og eitthvað hafði hægst um hjá veisluþjónustu sem Björgvin rak. Við ákváðum því að stilla saman strengi og nýta þekkingu okkar og reynslu til að fara út í rekstur. Fyrst datt okkur í hug að hefja súpugerð en sú hugmynd þróaðist smám saman út í framleiðslu á þykki með áherslu á fínna hótél og veitingastaði,“ rifjar Egill upp.

Félagarnir leituðu víða eftir fjárveitingu en komu alls staðar að lokuðum dyrum. „Við byrjuðum með ekkert í höndunum og fengum okkar nánustu til að hjálpa til við að byggja upp starfseminna. Síðan þá hafa ýmsir, svo sem grænmetisbændur, útgerðar- og kjötíðnaðarmenn, komið til samstarfs og nýlega fengum við fyrsta styrkinn til vörubróunar,“ segir hann og þakkar að auki sýndan stuðning frá bæjarstjóra og bæjarstjórn Hveragerðis og einnig hús-



FRUMKVÖBLAR Björgvin Mýrdal og Egill Sigurðsson í húsakynnum gömlu slökkvistöðvarinnar í Hveragerði þar sem matvælavinnslan verður opnuð í dag.

MYND/ÚR EINKASAFNI

eiganda gömlu slökkvistöðvarinnar þar sem matvælavinnslan er til húsa.

Ýmsir erlendir aðilar hafa þegar sýnt framleiðslunni áhuga, að sögn Egils og þá meðal annars vegna umhverfissvæna vinnsluáferða. „Hvorki eru notuð rotvarnarefni né olía til að knýja framleiðsluna áfram eins og tíðkast erlendis, heldur er þykkið soðið í gufuknúnum pottum, Army Standard Chicaco-pottum frá 1953 sem voru áður notaðir í eldhúsi hersins í Keflavík,“ útskýrir hann og bendir á að vegna aðferðanna hafi fyrirtækinu til dæmis borist nokkrar fyrirspurnir frá Peking.

„Kínverjar vildu fá 13 milljónir lítra senda út, en það gekk nú ekki alveg þar sem miðað er við 84 þúsund lítra framleiðslu á ári. Ætli við hefðum ekki þurft Bauhaus undir vinnsluna okkar til að geta annað þeirri eftirspurn, en þegar við gerðum Kínverjunum ljóst að um munaðarvöru væri að ræða sættu þeir sig við miklu minni skammt,“ segir hann og bætir við að þessar góðu undirtektir bæði erlendis og hérlendis, þar sem varan verður einnig seld til hótela og veitingahúsa, sýni svo um munar að menn með góðar hugmyndir eigi aldrei að láta deigan síga þótt á móti blási.

road@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Magnús Guðmundsson,
fv. verkstjóri, Blikahöfði 7, Mosfellsbæ,

andaðist á líknardeild K5 Landakoti miðvikudaginn 7. apríl. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju 19. apríl kl. 13.00.

Sigurros Anna Kristjánsdóttir

Agnar Magnússon	Hólmfríður Skarphéðinsdóttir
Snorri Magnússon	Ólafía E. Gísladóttir
Smári Magnússon	Rut Magnúsdóttir
Magnús Rúnar Magnússon	
Sigurros Anna Magnúsdóttir	Sveinbjörn Guðlaugsson
Hólmfríður G. Magnúsdóttir	Örlygur Atli Guðmundsson
Ármann Magnússon	Kristín E. Reynisdóttir
Reynir Magnússon	Hrund Birgisdóttir
Hjörtur Magnússon	Hrafnhildur Eva Ingibergsdóttir

og barnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður og mágs,

Sveins Bjarka Sigurðssonar

Goðheimum 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við senda hjúkrunarfræðingum hjá Karitas og öllum þeim sem önnuðust hann á Landspítalanum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær sérstakar þakkir fyrir þann mikla heiður sem Sveini var sýndur við útför.

Ragna Eiríksdóttir

Alexander Freyr, Sólveig Embla og Ásta Eir Sveinsbörn	
Sigurður Þórir Sigurðsson	Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir
Rúnar Sigurðsson	Stefanía Ragnarsdóttir
Erlendur Eiríksson.	



Faðir minn og vinur okkar

Michael Hinrik Willcock

andaðist á Öldrunarheimili Akureyrar þann 29. mars sl. Útför hans fer fram frá Höfðakapelli föstudaginn 23. apríl kl. 11 f.h.

Lorraine Roy Cross og aðrir aðstandendur.



Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Haraldar Þórðarsonar

Boðagrandu 2a, Reykjavík.

María Áslaug Guðmundsdóttir

Þórður Haraldsson	Þórdís Harðardóttir
Áslaug Haraldsdóttir	Matthew Berge
Stefán Haraldsson	Guðrún Indriðadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Kær kona mín, móðir okkar og amma,

Sigrún Ragnarsdóttir

frá Flatey á Skjálfanda, Flókagötu 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 30. mars. Útförin var 9. apríl. Þökkum sýnda samúð.

Gestur, Ragna, Eyrún og Ásgeir Tómas.



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

María Skúladóttir

síðast til heimilis að Skjólí Kleppsvegi 64,

verður jarðsungið mánudaginn 19. apríl kl. 15.00.

Birgir Óttar Ríkhartsson Ásta Gréta Samúelsdóttir barnabörn og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Helga Möller,

Siglufríði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Siglufrjarðar 8. apríl. Útförin fer fram frá Siglufrjarðarkirkju laugardaginn 17. apríl klukkan 14.

Björgvin Jónsson
Steinunn Jónsdóttir
Brynja Jónsdóttir
Salbjörg Jónsdóttir

Haldóra Pétursdóttir
Freyr Sigurðsson
Hallgrímur Jónsson
Sigurður Vilmundsson

ömmubörn og langömmubörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Einars Þorsteinssonar

Gullsmára 5.

Sæunn Mýrdal Sigurjónsdóttir
Steinunn I. Einarsson
Þorsteinn Einarsson
Þórir Einarsson
og fjölskyldur.

Halldór Runólfsson
Guðrún H. Eiríksdóttir
Guðrún Aradóttir



Sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

Tryggvi Ragnarsson

Gránufélagsgötu 7 Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar mánudaginn 12. apríl.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Stefán Ragnarsson.



Kærar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs sonar okkar, föður, tengdaföður, afa, sambylismanns og bróður,

Gylfi Gunnarsson

rafeindavirkjameistari, Hraunbæ 132, 110 Reykjavík.

Elsa Árnadóttir
Haukur Gylfason
Briet Alda Hauksdóttir Olsen
Guðrún Sigurðardóttir
Valgerður Gunnarsdóttir
Guðjón G. Magnússon
Auður S. Magnúsdóttir
Ragna J. Magnúsdóttir

Magnús Ragnarsson
Margrét M. Olsen
Kristinn Sigurðsson
Jón Bjarni Geirsson

ÞRÆLMAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR

10. HVER
VINNUR!

THE CRAZIES

ÓTTAST, SKALTU
NÁGRANNANN

FRUMSÝND 16. APRÍL

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL VCV
Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
MIÐA Á MYNDINA!

FULLT AF GLÆSILEGUM VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR - TÖLVULEIKIR
DVD MYNDIR,
GOS OG MARGT FLEIRA



Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

Hugsað til kartöflubænda

BAKPANKAR
Páls
Baldvins
Baldvins-
sonar

Þessa dagana eru kartöflubændur þungstígir. Óskulag er lagst á garðana austurfrá og enn ekki ljóst hvaða áhrif efna-samsetning öskunnar hefur á yfirborðslag moldarinnar. Utan öskufallssvæða eru kartöflubændur að gíra sig upp og farnir að huga að útsæði vorsins. Köld jörðin býður brátt upp á ruðning, mólendin gömlu munu að venju ýta upp grjóti sem liggur í djúpinu og leitar upp þegar frostið býðir og klakinn fer úr jörð. Sandgarðarnir þurfa sína endurnýjun og þar sem ræktun hefur staðið lengi djúpum rótum verða menn að flytja skákir svo jarðvegurinn standi undir jarðeplaráekt að gagni. Kartöflurækt er kúnt. Ekki vilja menn sitja uppi með gríðarleg grös og ekkert undir. Og allt byggist þetta á upphafinu: almennilegu útsæði.



NÚ BÝ ég svo vel að eiga þokkalegt útsæði. Geymslur undir útsæði eru vandamál nú til dags og líkastil þarf maður að finna sér hól og gera sér geyslu. Hitastig jafnvel á köldustu stöðum er of hátt og ekki má heldur frysta.

OG SVO eru það tegundirnar: kartöflumenn vita að það er ekki sama kartafla og kartafla. Helga, Gullauga, Rauðar – svo ekki sé talað um exótískar sortir eins og þær bláu eða möndlulaga kartöflur: allt


eru þetta spennandi tegundir. Að ógleymdum Bintje, Eyvindi og Premier. Og fyrr en varir detta áhugasamir ofan í litteratúrinn og svo er tekið að skiptast á ráðum: þælingar geta orðið miklar og kalla á huggulegheit í spjallinu, kökur, kaffi og kúntspásur. Það er smuga að komast í skipti og þá er eins gott að eiga eitthvað til skiptanna, menn láta ógjarnan poka af útsæði nema fá eitthvað fyrir sinn snúð. Ef í þrautir rekur má fara í bankafyrirtækin á grænmetismarkaði nú eða þá sem enn standa uppréttir á hlaupareikningnum og með báða fætur á jörðinni í eiginfjárstöðu í öðrum fyrirtækjum og kaupa sér útsæði. Þá býður mörkin andandi af jarðgufum. Við sem höfum aðgang að skika erum mikið að hugsa þessa dagana. Tíðindin að austan kunna að þýða felli í kartöflurækt innanlands og þá er spurning hvort sveitarfélög utan öskusvæða hafa vit á að opna stór garðflæmi innan sinna marka til að hefja stórfellda kartöflurækt á vegum almennings.

MARGT bendir raunar til að búhyggjur finni sér spildu: nú þegar samdráttur er að aukast innanlands er um að gera að fólk finni sér verkefni við hæfi og fátt er hollara en að rækta ofan í sig, jarðeplin, rófur og annan jarðargóða, reyta arfann á fjörum undan háum grösom og loks finna fögnuð við að tína upp úr moldinni glóandi eplin.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Tónleikar fyrir börnin ungu

Í dag þyrpast börn á leikskólaaldri í Háskólabíó og kynnst glænýrri sögu um hetjuna Maximús Músíkús sem segir frá því þegar músin kemst í tónlistarskóla og kynnist þar ýmsum nýjum fyrirbærum, hljóðfærum af ýmsu tagi. Í hverju horni tónlistarskólans er æft og börnin eru öll afar spennit og kát því þeirra bíður sú þraut að spila með heilli sinfóníu.

Heimsókn leikskólabarna hófst með tvennum tónleikum í gær og á morgun gefst foreldrum tækifæri til að sækja Sinfóníuna. Með hljómsveitinni koma fram ungir og efnilegir einleikarar og hópar tónlistarnema sem leika með hljómsveitinni,

en inn á milli hljóma dillandi dansar þar sem Sinfóníuhljómsveitin er í aðalhlutverki. Sögumaður er Valur Freyr Einarsson leikari og Daníel Bjarnason heldur um tónsprotann.

Tveir félagar Sinfóníuhljómsveitarinnar, Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari, skópu Maximús og eru enn að senda hann í ný ævintýri. Fyrsta bókin




og geisladiskurinn um Maximús Músíkús nutu gríðarlegra vinsælda. Auk þess að hljóta fjölda verðlauna hefur bókin nú verið gefin út á mörgum tungumálum. Þess má einnig geta að stórar erlendar sinfóníuhljómsveitir hafa sett Maximús Músíkús á dagskrá hjá sér. Á morgun gefst svo öllum kostur á að heyra og sjá þetta nýja ævintýri en haldnir verða tvennir fjölskyldutónleikar kl. 14 og 17. Hægt er að nálgast miða í miðasölu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og á sinfonia.is.

- pbb

NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá bókaforlaginu Söllu skáldsagan Hlustarinn eftir Ingibjörgu Hjartardóttur. Hlustarinn er þriðja skáldsaga hennar, en áður



hafa komið út Upp til sigurhæða og Þriðja bókin. Árið 1949 var fjölmargt verkafólk flutt frá Þýskalandi til að vinna á sveitabæjum á Íslandi. Fólkið átti að starfa hér í eitt ár en örlögin höguðu því þannig að margar kvenanna giftust annaðhvort bóndanum eða bóndasyninum og settust þær að víða um land. Nær sextíu árum seinna verður saga þessa landnáms viðfangsefni Helgu í BA-ritgerð í sagnfræði. Á sumardaginn fyrsta fer hún norður í land til að spjalla við Súlu, sem er ein fárra eftirlifandi þjóðverja úr þessum hópi. Er ritgerðin ef til vill yfirsíkin fyrir heimsókn hennar til Súlu? Hvaða leyndarmál búa undir yfirborðinu?

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 16. apríl 2010

→ Tónleikar

20.00 Samkór Kópavogs, Kór Menntaskólans við Sund og hljómsveit flytja tónverkið **Vopnaði maðurinn** eftir velska tónskáldið Karl Jenkins, í Lindakirkju við Uppsali í Kópavogi.

20.00 Margrét Eir heldur tónleika í **Miðgarði í Skagafirði** þar sem hún flytur lög úr söngleikjum ásamt Matti Kallio og Ágústi Ólafssyni.

20.30 Brasilíska söngkonan **Jussam Dejah** verður með tónleika ásamt píanóleikaranum Agnari Má Magnússyni á Brasília Resturant við Skólavörðustíg 14.

20.30 **Bubbi Morthens** heldur tónleika í Edinborgarhúsinu við Aðalstræti á Isafirði. Húsið opnar kl. 20. **Enginn aðgangseyrir.**

21.00 **Grapevine Grassroots** kvöld á Hemma og Valda við Laugaveg 21. Fram koma Loji, Ljósvaki og Just Another Snake Cult. **Enginn aðgangseyrir.**

22.00 Móri, Messias MC og Seppi verða á **Sóðomu Reykjavík** við Tryggvagötu.

22.00 Rúnar Þór og **Gylfi Ægisson** verða með tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.



→ Sýningar

Þórgunnur Guðgeirsdóttir (Hogga) hefur opnað myndlistarsýningu í sal Vinstri grænna að Hamraborg 1 í Kópavogi. Opnið alla daga kl. 15-19.

→ Fyrirlestrar

12.00 Heiða Jóhannsdóttir, kvikmynd- og menningarfræðingur, flytur erindið „Sjálfsmynd í kastljósi fjölmíðla: Svíðsetning þjóðar í tengslum við leiðtogafundinn 1986.“ Fyrirlesturinn fer fram í hátíðarsal Reykjavíkúakademiunnar á Hringbraut 121.

→ Bió dagar

Græna ljósið stendur fyrir Bióddögum í Regnboganum við Hverfisgötu, 16. apríl-6. maí. Nánari upplýsingar á midi.is og www.graenaljosid.is.


Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettbladid.is.

Outlet

Vorum að fylla búðina af vörum...

60-80%

afsláttur



Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

outlet, vintage & one off, Laugavegur 86-94, sími 552 6067

NÝTT Í BÍÓ!

JACKIE CHAN
AD NAÐNA ER AUÐVELT
AD PASSA ÞORN EN ERÞITT!
SPY NEXT DOOR
SÍMI 564 0000

THE CRAZIES
PHEILINGJANNA - PENNÚPHILLIP
ÓTTAST, SKALTU
NAGRANNA!
LUXUS

**BRÁSKEMMTILEGUR GAMANHASARMYND UM
HJÓN 4 FLÓTTA Í BULLANDI VANDRÆÐUM!**

DATE NIGHT
SÍMI 462 3500

CLASH OF THE TITANS
3D

**BIÓDAGAR græna ljósið
2010**
16. APRÍL - 6. MAÍ Í REGNBOGANUM
24 GÆÐAMYNDIR FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM

DREKANN
SÍMI 564 0000

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

THE CRAZIES	kl. 8-10:15	16	THE SPY NEXT DOOR	kl. 5:50-8	L
THE CRAZIES LUXUS	kl. 5:45-8-10:15	16	CLASH OF THE TITANS 3D	kl. 5:30-8-10:30	12
THE SPY NEXT DOOR	kl. 3:40-5:50-8	L	DEAR JOHN	kl. 8-10:20	L
DATE NIGHT	kl. 6-8-10	10	KÓNGAVEGUR	kl. 5:45-8-10:15	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5:40-8-10-20	12	LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 10:10	14
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	kl. 3:40-5:50	L	THE GOOD HEART	kl. 5:50	10
AD TEMJA DREKANN SINN 2D	kl. 3:40	L			
NANNY MCPHEE	kl. 3:40	L			
BOUNTY HUNTER	kl. 10:15	7			

facebook.com/smarabio

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

DATE NIGHT	kl. 8-10	10
PRECIOUS	kl. 6	12

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

HACHIKO: A DOG'S STORY	kl. 6 íslenskur texti	L
NOWHERE BOY	kl. 6 íslenskur texti	10
CRAZY HEART	kl. 8-10:15 íslenskur texti	L
UN PROPHÈTE	kl. 6-9 enskur texti	16
IMAGINARIUM OF DR. PHAR...	kl. 8 íslenskur texti	12
BLACK DYNAMITE	kl. 8 íslenskur texti	16
TRIAGE	kl. 10 íslenskur texti	16
THE LAST STATION	kl. 10:15 enskur texti	L
TRASH HUMBERS	kl. 00 íslenskur texti	18
THE COVE	kl. 6 íslenskur texti	L

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

THE CRAZIES

JACKIE CHAN
AD NAÐNA ER AUÐVELT
AD PASSA ÞORN EN ERÞITT!
SPY NEXT DOOR

DATE NIGHT

SÝNINGARTÍMAR

THE CRAZIES	kl. 6, 8 og 10	16
THE SPY NEXT DOOR	kl. 4	L
DATE NIGHT	kl. 6, 8 og 10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 8 og 10	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	kl. 4-3D - ISL TAL	L
NANNY MCPHEE THE BIG BANG	kl. 3:40	L

ÍSLENSKT TAL

SVALASTA MYND ÁRSINS ER KOMIN!

KICK ASS
SHUT UP, KICK ASS.
EMPIRE - Chris Hewitt

**FRÁBEREIVINTÝRAMYND STÚTFULL AF
SPENNU HASAR OG FLÖTTUM TÖLVUBRELLUM**

CLASH OF THE TITANS
3D

DRAGON
3D

HOT TUB TIME MACHINE

ÁLFABAKKA

KICK ASS	kl. 3-5:30-8-8:10-10:30-10:50	14
KICK ASS	kl. 4-6:30-9:40	L
CLASH OF THE TITANS	kl. 5:40(3D)-8(3D)-10:30(3D)	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	M/isl. Tali kl. 3:40(3D)	L
AD TEMJA DREKANN SINN	M/isl. Tali kl. 3:40-5:50	L
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 3:40-5:50-8-10:10	12
WHEN IN ROME	kl. 3:40-5:50	L
THE BLIND SIDE	kl. 8	10
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 10:30	12

KRINGLUNNI

KICK ASS	kl. 5:50-8:10-10:40	14
CLASH OF THE TITANS 3D	kl. 8:10(3D)-10:30(3D)	12
CLASH OF THE TITANS	kl. 5:50-10:30	12
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 3:50-8:10	12
AD TEMJA DREKANN 3D	M/isl. Tali kl. 3:50(3D)-6(3D)	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 3:50(3D)	L

SELFOSSI

HOT TUB TIME MACHINE	kl. 5:50-8-10:10	12
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 8	12
CLASH OF THE TITANS	kl. 10:10	12
AD TEMJA DREKANN SINN	M/isl. Tali kl. 5:50	L

**SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR
MÉRKTAR MEÐ APPELSNUGULU OG
KR. 950 Á 3D MÉRKT GRÆNU**

**ÞÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG
UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118**



FALLINN FRÁ
Haukur Viðar úr
Morðingjunum
segir fráfall Peters
Steele áfall fyrir
drungarokksheim-
inn. Steele var af
Íslenskum ættum.

Íslandsvinur látinn

Söngvarinn Peter Steele lést á miðvikudag. Hann var af íslenskum ættum. Haukur Viðar Alfreðsson, rokkspækingur og meðlimur Morðingjanna, hefur lengi fylgst með Steele.

aðdáandi Type-O-Negative, þó að hann hafi ávallt haft gaman af Steele. „Þetta er gaur sem ég hafði meira gaman af sem týpu heldur en tónlistinni hans,“ segir Haukur. „Mér þótti vænt um hann, en Type-O-Negative er ekkert rosalega öflugt band. Ég hef samt alltaf gefið þeim séns í gegnum tíðina.“

„Þetta eru alveg ömurlegar fréttir,“ segir Haukur Viðar Alfreðsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Morðingjanna. Peter Steele úr hljómsveitinni Type-O-Negative lést á miðvikudag. Dánarorsök er talin vera hjartabilun, en hann var 48 ára gamall. Steele átti rússneskan föður, en móðir hans var af íslenskum ættum. Steele kom oft til Íslands og lét hafa eftir sér í viðtali að hann dreymdi um að setjast að á landinu og byggja sér hús í skógi. Haukur Viðar er ekki mikill

Spurður hvort fráfall Steeles sé mikið áfall fyrir þungarokksheiminn svarar Haukur að bragði: „Ég held að þetta sé miklu meira áfall fyrir drungarokksheiminn.“ Haukur á eiginhandararitun Steeles sem félagi hans fékk á Íslandi, hvar annars staðar? „Kunningi minn rakst á hann í Kringlunni – fyrir utan Hard Rock að ég held. Þetta hefur verið í kringum 2000,“ segir Haukur. „Hann gaf mér hana í afmælisgjöf. Ég verð að finna hana. Ég veit ekki alveg hvar hún er.“ atlifannar@frettabladid.is

ELDGOSIÐ

Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrá-
stjóri Stöðvar 2, er
fastur í Cannes ásamt
starfsmönnum frá
RÚV. Dagskrárstjóri Skjás
eins slapp naumlega til
Kaupmannahafnar
en verður eflaust
innlyksa þar vegna
eldgossins í Eyjafjallajökli. Öll voru
þau á kaupráðstefnu sjónvarps-
stöðva í frönsku borginni.

Breskir tónlistarmenn sem voru á leiðinni til Kaliforníu og ætluðu að spila á Coachella-hátíðinni urðu strandaglópar á Heathrow vegna eldgossins. Í þeim hópi voru Íslandsvinirnir í The Crips sem urðu að yfirgefa flugvélina sína eftir að hafa komið sér notalega fyrir þar.

Skoskur farþegi komst í heimsfréttirnar þegar hann lýsti því yfir, í beinni útsendingu á Sky, að hann hataði Ísland. Þess ber að geta að umræddur Skoti var ekki í viðtali heldur ákvað að gerast boðflenna og lýsa þessu yfir.


Margrét Þórhildur Danadrottning ætlaði að halda upp á afmælið í gær og í dag. En hirðin hafði ekki séð það fyrir að Eyjafjallajökull myndi eyðileggja þau plön því flugsamgöngur milli Norðurlandanna lömuðust. Flest kóngafólkið varð því að tilkynna um seinkun og ferðast með lest nema Dóttir Moussaieff, en Ólafur Ragnar varð hins vegar að bíða.

Breska ishokkiliðið sem ætlaði að búa sig undir heimsmeistararnótið gat ekki flogið til Slóveníu og allt útlit var fyrir að liðsmenn yrðu að eyða 26 klukkustundum í rútu.

Kentonline.co.uk sagði frá raunasögu Rachel Semadini sem ætlaði í brúðkaup til bróður síns á Ítalíu. Hún komst hins vegar ekki frá Heathrow vegna eldgossins. Semadini segir í vefmiðlinum að hún sé alveg miður sín því þetta hafi verið þriðja tilraun bróðurins og tilvonandi mágkonunnar til að halda brúðkaup. Hinum tveimur var frestað vegna þess að barn var í vændum.

Pattinson finnur ástina

Nú er talið að leikarinn Robert Pattinson og Gossip Girl-stjarnan Leighton Meester séu að stinga saman nefjum. Meester hætti nýverið með kærasta sínum, en Pattinson hefur hingað til verið orðaður við leikkonuna Kristen Stewart. Nýlega sást til Pattinsons þar sem hann yfirgaf heimili Meester í New York snemma að morgni og sögðu sjónarvottar að hann hefði flýtt sér út úr húsinu inn í bíl sem beið fyrir utan. „Leighton og Rob hafa átt í stuttu sambandi og eyða miklum tíma í að senda hvort öðru smáskilaboð. Hún talar við Rob næstum daglega og finnst þetta frábært,“ var haft eftir vini Meesters.



Á FÖSTU? Er Leighton Meester að hitta leikarann Robert Pattinson?
NORDICPHOTOS/GETTY

Óð-hala-ringla!

Myndskreytt kvæðabók sem kætir alla lesendur.

Glæsileg og stórskemmtileg sem þú lest aftur og aftur og aftur!

Loksins fáanleg að nýju

PÓRARINN ELDJÁRN
ÓÐ HALA RINGLA
SIGRÚN ELDJÁRN
gerði myndirnar

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

BIRNA Lagersala

Allt að 80% afsláttur
Hátún 6a

Opnunartími

Föstudaginn 15 Apríl 11-19

Laugardaginn 16 Apríl 11-18

Sunnudaginn 17 Apríl 13-17

Athugið aðeins í þessa 3 daga!

Nýtt kortatímabil



BIRNA
concept shop

Skólavörðustígur 2
S: 445-2020

Nýjar vörur

Nýtt kortatímabil

BIRNA

www.birna.net

> Fáum kannski fleiri leiki við Frakka

Það var létt yfir Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara á blaðamannafundinum í gær. Þjálfarinn benti góðlátlega á að lokun flugvallar í heiminum þyrfti ekkert endilega að vera svo slæm fyrir landsliðið. Það þýddi að Frakkar yrðu hér lengur og því væri hægt að spila fleiri æfingaleiki við þá. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSI, greindi einnig frá því að þegar Ísland bauðst til þess að halda riðið U-20 ára liðsins komu efasemdir frá Evrópu vegna eldgossins á Fimmvörðuhálsi. Einar tjáði þeim að þetta væri bara túristagos og því yrði allt í lagi. Hann hafi verið minntur hressilega á þau ummæli í gær.

sport
sport@frettabladid.is



SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON: SEGIR ÍSLAND PURFA AÐ FINNA LAUSNIR GEGN FRÖKKUM TIL AÐ NÁ LENGRA

Þetta er verðugt verkefni og rúmlega það

„Þetta er það sem allir vilja. Fá besta liðið í heiminum hingað til að spila á móti,“ segir landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson. Ísland mætir Frakklandi í tveimur vináttulandsleikjum í Laugardalshöll um helgina. Sá fyrri verður í kvöld en hinn á morgun.

„Maður hefur heyrt að miðasala gangi vel og líklega uppselt á báða leikina. Það er bara þannig sem maður vill hafa það. Þetta eru kærkomnir leikir því þetta franska lið hefur verið okkur til vandræða á síðustu stórmótum. Þetta er eina liðið sem við höfum ekki náð að ryðja úr vegi. Ef við ætlum okkur enn stærra hluti en hingað til verðum við að finna lausnir til að hægt sé að vinna þá. Við munum nota þessa leiki til að sjá hvað er hægt að gera á móti þeim.“

Snorri segir að þótt íslenska liðið muni fara af krafti í þessa leiki sé annað andrúms-



loft í æfingaleikjum. „Þetta er ekki sama tilfinning eins og að spila á stórmóti. Við erum engu að síður að spila á Íslandi og það er eitt það skemmtilegasta sem við gerum. Það gefur manni alltaf mikið að spila fyrir framan troðfulla höll hér heima.“

Snorri segir ekki hægt að mótmæla því að Frakkland sé besta liðið í heiminum í dag. „Frakkar eru handhafar allra titlanna sem hægt er að hafa á sama tíma. Þetta er eina liðið sem hefur náð því og það talar bara sínu máli. Þetta er verðugt verkefni og rúmlega það.“

Fleiri æfingaleikir bíða síðan íslenska liðsins í sumar. Danir koma þá á heimsókn og strákarnir ferðast til Brasilíu og leika gegn heimamönnum. „Svona á þetta að vera hjá landsliði. Við þurfum að spila leiki og halda áfram að prófa okkar leik og bæta okkar leik. Síðustu ár hafa verið góð hjá okkur en við finnum það að við viljum meira og getum meira,“ segir Snorri Steinn.



Snæfell sendi meistarana í frí

Snæfell er komið í lokaúrslit Iceland Express-deildar karla eftir sigur á Íslandsmeisturum KR, 83-93, í vægast sagt skrautlegum leik. Snæfell mætir Keflavík í lokaúrslitunum sem hefjast á mánudaginn kemur.



FÁ LÍKLEGA FRÍ Einar Gunnarsson landsliðsþjálfari og Ólafur Guðmundsson verða líklega ekki í eldflunni um helgina.

Undankeppni U-20 ára liða:

Frestað um einn dag

HANDBOLTI Undankeppni EM hjá U-20 ára landsliðum karla átti að fara fram hér á landi um helgina og hefjast í dag.

Vegna röskunar á flugsamgöngum er ljóst að ekkert verður spilað í dag enda eru erlendu liðin föst í Kaupmannahöfn.

Það mun svo skýrast í hádeginu í dag hvort af mótinu verður. Komist liðin til landsins í dag þurfa þau að spila tvo leiki á laugardegi og einn á sunnudegi.

Ef þau aftur á móti komast ekki til landsins þarf að finna nýja tímasetningu á riðilinn.

- hbg

KÖRFUBOLTI Um 2.000 áhorfendur í DHL-höllinni í gær fengu heldur betur fyrir peninginn er Snæfell afgreiddi Íslandsmeistara KR í þriðja sinn í röð í DHL-höllinni. Snæfell vann því einvígið, 3-2, og sigrarnir þrjár komu allir í KR-heimilinu.

Gestirnir úr Stykkishólmi voru miklu betra liðið í þrjá leikhliða og hreinlega yfirspilaði KR sem átti ekkert svar við frábærum leik Hólmara. Snæfell leiddi með 20 stigum, 53-73, er einn leikhliði var eftir og flestir héldu að dagskránni væri lokið. Þá risu meistararnir úr öskustónni og stóðu fyrir einhverri rosalegustu endurkomu sem undirritaður hefur séð lengi.

KR hitti úr hverju einasta skoti sínu, spilaði magnaða vörn og gestirnir virtust algjörlega vera að fara á taugum. Þegar heilar þrjár mínútur voru eftir var munurinn aðeins tvö stig, 80-82.

Þá slöknaði allt í einu á KR-liðinu, það náði ekki að taka loka-skrefið og komast yfir. Snæfell sýndi síðan mikla yfirvegna á lokamínútum, þrátt fyrir mótlætið, og Pálmi skoraði körfu sem létti af þeim pressunni. 80-84 og Snæfell kláraði svo leikinn á vítalínunni á meðan KR-ingar voru aftur orðnir ískaldir.

Svakalega stoltur

„Ég get eiginlega ekki lýst því hvernig mér líður. Mér líður alveg æðislega og ég er svakalega stoltur,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, löðursveittur og eldrauður í framan eftir leikinn. „Púlsinn fór aðeins upp, ég við-



ÁTTI STÓRLEIK Sigurður Þorvaldsson var frábær í liði Snæfells í DHL-höllinni í gær, skoraði 28 stig og hitti úr 16 af 17 vítum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

urkenni það. Ég er líka sem betur fer með önnur fót með mér. Það veitir ekki af,“ sagði Ingi en það vakti athygli margra að hann

skyldi ekki taka leikhlé þegar KR var farið að anda ofan í hálsmálið á hans liði. „Ég tók Phil Jackson á þetta.

Treysti mínum leikmönnum. Ég vissi að þeir myndu ekki hitta 20 skotum í röð og ég var með töffara inn á vellinum. Eg róaðist þegar Pálmi setti niður körfuna þegar allt virtist vera frosið.“

Ingi Þór var aðstoðarþjálfari KR í fyrra og hann var sagður hafa áhuga á að taka við KR-liðinu af Benedikt Guðmundssyni. Sá áhugi var að sögn ekki gagnkvæmur og Ingi endaði því í Hólminum. Það hlýtur því að hafa verið sætt fyrir hann að vinna.

Fór ekki í neinum illindum

„Ég fór ekkert í neinum illindum frá KR. Ég hef verið í KR allt mitt líf og á félaginu allt að þakka. Ég sé ekki eftir að hafa tekið þessu starfi í Hólminum og fyrir mig persónulega er þetta mjög stór sigur. Það segir mér að ég gerði rétt,“ sagði Ingi Þór stoltur.

Páll Kolbeinsson, þjálfari KR, var að vonum hundsvektur. „Við gátum ekki neitt í þrjá leikhliða og ég hef enga skýringu á því. Ég vil meina að við höfum samt mætt tilbúin en það gekk ekkert upp hjá okkur. Það er náttúrulega síðan fyrir neðan allar hellur að tapa öllum heimaleikjunum í þessari rímmu,“ sagði Páll sem var að stýra KR-liðinu í síðasta skipti.

Verður ekki þjálfari áfram

„Ég verð formaður meistaraflokksráðs næsta ár en ekki þjálfari. Það stóð aldrei til. Sigurður Ingimundarson átti að taka við liðinu en fór til Svíþjóðar. Því steig ég inn. Nú hefst bara leit okkar KR-inga að nýjum þjálfara.“

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT

Iceland Expresss karla

5. leikur í undanúrslitum

KR-Snæfell 83-93 (43-54)
Stig KR: Morgan Lewis 17, Brynjar Þór Björnsson 15, Skarphéðinn Freyr Ingason 15, Pavel Ermolinskij 14 (13 fráköst, 7 stoðs.), Finnur Atli Magnússon 8, Tommy Johnson 5, Fannar Ólafsson 4, Jón Orrí Kristjánsson 3, Darri Hilmarsson 2.
Stig Snæfells: Sigurður Þorvaldsson 28 (9 frák.), Martins Berkis 16, Hlynur Bæringsson 15 (9 fráköst, 3 varin skot), Jón Ólafur Jónsson 12, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 9, Sean Burton 8 (8 stoðs.), Emil Þór Jóhannsson 5.

BREYTTUR SUNNUDAGSSEÐILL

Vegna breytinga hjá Svenska spel er Sunnudagsseðillinn annar en í prentaðri leikskrá. Réttur seðill er svona:

EVROÞUBOLTTINN 18.-19. APRÍL 2010

	1	X	2
1 Portsmouth – Aston Villa		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2 Atalanta – Fiorentina		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3 Bari – Napoli		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4 Cagliari – Palermo		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5 Catania – Siena		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6 Lazio – Roma		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7 Sampdoria – Milan		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
8 Halmstad – GAIS		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9 Gefle – Örebro		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10 Häcken – Mjällby		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
11 Kalmar FF – AIK		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12 Trelleborg – Brommapojkarna		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
13 Bor. Dortmund – Hoffenheim		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

15. LEIKVIKA

SÖLU LÝKUR 18. APRÍL KL. 12.00



Ísland og Frakkland mætast í fyrri vináttulandsleik sínum í Höllinni í kvöld: Frakkar eru eitt besta lið sögunnar

HANDBOLTI Ísland og Frakkland mætast í vináttulandsleik í Laugardalshöll í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 20.15. Þetta er fyrri vináttuleikur þjóðanna því þær mætast aftur á morgun á sama stað klukkan 16.00.

Frakkar eru ríkjandi heims-, Evrópu-, og ólympíumeistarar en ekkert annað landslið hefur náð slíkum árangri í sögunni.

„Ég er búinn að leggja yfir þessu í fleiri vikur. Bæði að skoða okkar leik á EM og svo auðvitað leik franska liðsins. Við þurfum að gera betur en við höfum gert í síðustu stóruleikjum. Við verðum að nálgast þá meira og mér finnst við hafa tapað of stórt á móti þeim og leikirnir hafa farið frá okkur á mjög stuttum köflum. Á EM töpum við leiknum á fyrstu tíu mínútum síðari hálfleiks eftir að allt var í járnun í fyrri hálfleik. Það er ég óhress með og við þurfum að læra af,“ segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari en hvað þarf liðið helst að bæta?

„Við megum ekki taka of mikla óþarfa áhættu eins og vafasamar



HRESS Það var létt yfir Guðmundi landsliðsþjálfara í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

línusendingar til að mynda. Þeir hirða slíkt upp og það þýðir mark í kjölfarið. Síðan þurfum við að skila okkur hraðar til baka. Við verðum að vera mjög vakandi er við komum til baka að mæta þeim,“ segir Guðmundur en hann leggur einnig mikla áherslu á að stöðva Nikola.

„Við þurfum að taka betur á honum og stöðva hann. Hann fékk að skora allt of auðveld mörk gegn okkur síðast. Mér fannst við líka

gefa eftir of snemma í leiknum. Við verðum að hafa meiri trú.“

Guðmundur mun einnig breyta sóknarleikum aðeins fyrir leikina tvo og ætlar að prófa í það minnsta þrjú ný leikkerfi gegn Frökkum. Guðmundur mun einnig spila 5/1 vörn með Ásgeir Örn fremstan þar sem Guðjón Valur spilar ekki vegna meiðsla.

„Við erum að nýta þessa leiki til þess að læra á þá og einnig að sjálfsögðu að þróa okkar leik svo við séum með réttu svörin á móti þeim. Það er líka mikilvægt sálfræðilega að vinna þá svo við sjáum að þeir séu ekki ósigrandi.“

Margir vilja meina að þetta franska lið sem hingað er komið sé besta handboltalandslið sögunnar.

„Þetta er eitt besta lið sögunnar og engu öðru landsliði hefur tekist að vinna alla stóra titlana í röð. Ég myndi segja að þetta lið og lið Sovétmanna á sínum tíma séu þau tvö landslið sem skara fram úr. Sovétmenn voru frábærir, vel þjálfaðir og með góðar leikaðferðir. Þetta eru líklega álíka lið en franska liðið hefur náð lengra.“

- hbg

BT



Fyrir fermingarbörn ...og alla hina líka!

SAMSUNG Samsung 32" LEB455C4W

- * Upplausn: 1366x768 (720p)
- * Dýnamísk skerpa: High Contrast
- * Viðbragðstími: 8ms
- * Háskerpumóttakari
- * Samsung DNle myndvinnsluvél
- * SCART, VGA, HDMI(3), Component, Composite, Optical, Antenna.

32"

• 129.999
• 139.999

SAMSUNG Samsung 37" LEB555A5W

- * Upplausn: 1366x768 (720p)
- * Dýnamísk skerpa: High Contrast
- * Viðbragðstími: 8ms
- * Háskerpumóttakari
- * Samsung DNle myndvinnsluvél
- * SCART, VGA, HDMI(3), Component, Composite, Optical, Antenna.

37"

• 199.999
• 219.999

SAMSUNG Samsung fartölva

15,6" LED HD 1366 x 768
Intel® Pentium T4300
NvidiaGF 512mb DDR
með CUDA tækni

4Gb DDR3 vinnsluminni
500Gb 5400rpm SATA
300 Mbps Þráðlaust net
1.3 Mpixel vefmyndavél
Windows 7 Home Premium

Flott í leikina!

• 149.999

Nikon Nikon D3000 18-55mm VR

10.2 MP myndflaga - Nikon EXPEED
Mjög breytt ljósnaemissvið ISO 100-1600
Stór og bjartur 3" LCD skjár (230.000 dílar)
Skarpur 11 svæða sjálfvirkur fókus
Tvöfalt rykhreinsikerfi
18-55 mm linsa fylgir - Vegur 485 gr.

Var að lenda!

Rugl verð!

• 109.999
• 139.999

Argosy sjónvarpsflakkari

Margmiðlunarspilari
1TB SATA (16mb buffer)
1080i upscaling
HDMI, RCA, RGB, Coaxial ofl.

HDMI tengi

1TB

• 34.999
• 37.999

Verbatim sjónvarpsflakkari

Margmiðlunarspilari
500GB SATA (16mb buffer)
Ethernet 10/100
RCA, RGB, Coaxial ofl.

500GB

Ethernet 10/100

• 29.999

Nintendo DSi XL

93% stærri skjár

• 37.999

Nintendo Wii

Fylgir

• 47.999

Nintendo Wii svört

Fylgir

• 54.999

Tölvuleikir

• 13.499 PS3
• 5.999 PC
• 8.999 XB-360
• 8.499 PC
• 11.499 PS3
• 7.499 NDS
• 9.999 Wii

3 fyrir 2 á notuðum PS2 leikjum

TAKTU 3 BORGADU FYRIR 2
Við tökum við PS2 - PS3 - Wii og DS leikjum

Inneignarnótur BT gilda einnig í **ORMSSON**

spilað skilað

> Ralph Fiennes

„Ef þú ert fær um að elska einhvern, örlítið meir en þú gerðir í gær þá nýtur þú velgengni því það eina sem skiptir máli í lífinu er fólk.“

**Fiennes fer með aðalhlutverk-
ið í myndinni The Constant
Gardener sem Stöð 2 Bíó
sýnir í kvöld kl. 22.00.**



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON DÝRKAR RANNSÓKNARNEFNDINA

Kvikmyndaréttur rannsóknarskýrslunnar til sölu

Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi bresku kvikmyndarinnar The Queen. Þar fór Helen Mirren á kostum í hlutverki Elísabetar Bretadrottningar á merkilegum tímamótum í lífi bresku þjóðarinnar. Þegar Dána dó. Þótt þjóðþekktir einstaklingar séu yfirleitt skotmörk spaugara þá tókst þessari mynd að hefja sig yfir grínið og í stað þess að líta út fyrir að vera lélegar eftirhermur gæddu leikararnir persónur á borð við Tony Blair og Karl Bretaprins lífi á hvíta tjaldinu.

Hefð hefur skapast fyrir því að vinsælar, íslenskar skáldsögur séu keyptar af kvikmyndagerðarmönnum. Sú bók sem nýtur hvað mestra vinsælda um þessar mundir er Rannsóknarskýrslan en hún kom út í níu bindum í vikunni. Aldrei hefur nokkur bók fengið viðlíka athygli, til hennar er vitnað í hverjum einasta fréttatíma og ummæli helstu forkólfa viðskipta- og stjórnmálalífsins birtast stöðugt á Netinu. Ekki eitthvað sem Arnaldi, Braga eða Sjón hefur tekist.

Mér er því spurn: hvenær ætla einhver hugrakkur kvikmyndagerðar- maður að kalla þau Tryggva Gunnarsson, Sigríði Benediktsdóttur og Pál Hreinsson á sinn fund og óska eftir því að fá að kaupa kvikmyndarétt- inn að þessu magnaða verki.

Þetta gæti verið þáttaröð í reyndar nokkuð mörgum þáttum þar sem einkavæðingunni og yfirtöku ríkisins á Glitni yrðu gerð skil með dramatískum hætti. Og hver myndi ekki vilja sjá leikræna útfærslu af því þegar Björgvin G. og Davíð Oddsson hnakkristust um Evrópumál eða þegar sá síðastnefndi hótaði Tryggva Herbertssyni. Ég held að meistarastykki sé í burðar- liðnum.



PERSÓNUR OG LEIKENDUR Mynd byggð á Rannsóknarskýrslunni yrði algjörlega einstök. Rífrildi Davíðs Oddssonar og Björgvins G. yrði útfært með leikrænum og dramatískum hætti.

FÖSTUDAGUR



► **19.30 F1: föstudagur** STÖÐ 2 SPORT



► **20.00 Wipeout USA** STÖÐ 2



► **20.10 Ísland – Frakkland, beint** SJÓNVARPIÐ



► **20.35 Rules of Engagement** SKJÁREINN



► **21.50 Simmi & Jói og Ham- borgarfabrikan** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

15.55 Leiðarljós (e)

16.35 Leiðarljós (e)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Fyndin og furðuleg dýr (7:26)

17.35 Gæludýr úr geimnum (21:26)

18.00 Leó (4:52)

18.05 Tóta trúður

18.30 Galdrakrakkar (8:13)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

► **20.10 Landsleikur í handbolta** (Ísland - Frakkland) Bein útsending frá leik Íslandinga og Frakka í handbolta karla. Seinni leikur liðanna að sinni verður kl. 16.00 á laugardag.

21.55 Vandráðabarnið (You Ruined My Life) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1987 um dekurrofuna Minervu sem býr hjá Howie frænda sínum í spilavíti í Las Vegas. Kennari er staðinn að svindli í spilavítinu og Howie semur við hann um að taka Minervu í einkatíma. Aðalhlutverk: Soleil Moon Frye, Paul Reiser og Mimi Rogers.

23.30 Varg Veum - Þín til dauðadags (Varg Veum: Din, til döden: Þín til dauðadags) Norsk spennumynd frá 2008. Kona er talin hafa orðið fyrirverandi eiginmanni sínum að bana og einkaspæjarinn Varg Veum reynir að sanna sakleysi hennar. Aðalhlutverk: Trond Espen Seim, Bjørn Floberg, Kathrine Fagerland og Henrik Mestad.

01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

06.10 White Men Can't Jump

08.00 The Truth About Love

10.00 It's a Boy Girl Thing

12.00 The Last Mimzy

14.00 The Truth About Love

16.00 It's a Boy Girl Thing

18.00 The Last Mimzy

20.00 White Men Can't Jump Gam- anmynd með Wesley Snipes og Woody Harrelson í aðalhlutverkum.

22.00 The Constant Gardener Verð- launamynd um ekkjumann sem er staðráð- inn í að finna út hvers vegna ástætur eigin- kona hans var myrt í Keníu. Aðalhlutverk: Ralph Fiennes.

00.05 Out of Sight

02.05 Xanda

04.00 The Constant Gardener

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone- krakkarnir, Gulla og grænjaxlamir, Ellas og Kalli litli kanína og vinir.

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.15 Amnesia (4:8)

11.00 Mercy (1:22)

11.50 Chuck (9:22)

12.35 Nágrannar

13.00 Wildfire

13.45 La Fea Más Bella (156:300)

14.30 La Fea Más Bella (157:300)

15.25 Ríkið (6:10)

15.55 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir og Aðalkötturinn.

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 The Simpsons (15:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborg- anlegu og hversdagsleika hennar.

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasam- ari en nokkru sinni fyrir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

► **20.00 Wipeout USA** Bandaríska útgáf- an af busluganginum botnlausu. Ómeng- uð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist.

20.50 Top Secret Gamannmynd um rok- karann Nick Rivers sem fer til Austur-Þýska- lands til að koma fram á mikilli menningar- háttíð og hefur ekki hugmynd um að háttíð- in er eingöngu haldin til að villa um fyrir fólk þvi skipuleggjandi hennar ætla sér heims- yfirráð.

22.20 28 Weeks Later Hrollvekjandi kvik- mynd sem er sjálfstætt framhald 28 Days Later. Don og fjölskylda hans hafa komist heil á húfi eftir að skelfilegur vírus herjaði á heimsbyggðina. Fljótlega kemur í ljós að veir- an hefur nú snúið aftur og er hættulegri en nokkru sinni fyrir.

00.00 Match Point

02.00 Badasssss!

03.45 First Descent

05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 KR - Snæfell Útsending frá odda- leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

15.45 Almeria - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.

17.25 KR - Snæfell Útsending frá odda- leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

19.05 Inside the PGA Tour 2010

► **19.30 F1: föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbún- ing liðanna fyrir kappaksturinn.

20.00 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

20.30 Meistaradeild Evrópu: Frétt- þáttur Skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

21.00 Ultimate Fighter - Sería 10 Margir af bestu bardagamönnum heims mæta til leiks í þessari mögnuðu íþrótt.

21.50 World Series of Poker 2009

22.40 World Series of Poker 2009

23.35 Poker After Dark

00.20 Poker After Dark

01.05 Boston - Cleveland Útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

02.55 F1. Kína / Æfingar

05.45 Formúla 1 2010 Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappakstur- inn í Kína.

SPORT 2

enski boltinn

17.00 West Ham - Sunderland Útsend- ing frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.40 Hull - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.20 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni.

20.50 Premier League World Enska úr- valsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

21.20 Premier League Preview 2009/10 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

21.50 PL Classic Matches: Tottenham - Man. Utd., 2001

22.20 PL Classic Matches: Arsenal - Leeds

22.50 Premier League Preview 2009/10

23.20 Chelsea - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

07.25 Game Tívi (12:17) (e)

07.55 Dr. Phil (e)

08.40 Pepsi MAX tónlist

11.55 Game Tívi (12:17) (e)

12.25 Pepsi MAX tónlist

15.40 7th Heaven (21:22)

16.25 Dr. Phil

17.10 Með öngulinn í rassinum (e)

17.40 One Tree Hill (15:22) (e)

18.20 í m A Celebrity... Get Me Out Of Here (5:14) Raunveruleikasæria þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjórnuflíð og þurfa að þraka í miðjum frumskógi.

19.45 King of Queens (17:25) (e)

20.10 Fyndnar fjölskyldumynd- ir (11:14) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot sem koma öllum í gott skap.

► **20.35 Rules of Engagement** (9:13) Russell skorar Jeff og Adam á hólum.

21.00 Djúpa laugin (9:10) Stefnumóta- þáttur í beinni útsendingu. Ástargyðjurnar Ragnhildur Magnúsdóttir og Þorbjörg Marín- ósdóttir hjálpa einstæðum Íslendingum að finna ástina í skemmtilegum leik.

22.00 Parks & Recreation (4:6) (e)

22.25 Leverage (12:15) (e)

23.10 The L Word (12:12) (e)

00.15 Saturday Night Live (14:24) (e)

01.05 King of Queens (17:25) (e)

01.30 Premier League Poker (15:15)

03.10 Girlfriends (8:22) (e)

03.30 Jay Leno (e)

04.15 Jay Leno (e)

05.00 Pepsi MAX tónlist



20.00 Hrafnaþing Heimastjóm INN; Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guð- laugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.

21.00 Golf fyrir alla Nýr golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni hefur göngu sína á INN.

21.30 Grínland Alvöru Íslenskur gaman- þáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Ís- lands.



Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSALA ·

20-50%

**SOLO
ARINELDSTÆÐI
69.900 KR**



**DRAUMEY OG DRAUMFARI
ÍSLENSK HEILSURÚM**

**50% AFSLÁTTUR AF
SÆNGURFÖTUM, HEILSUKODDUM
OG LÖKUM. MEÐAN BIRGDIR ENDAST**

FRÍ LEGUGREINING



**ROYAL HÁGÆÐA
RAFMAGNSRÚM**

**20%
AFSLÁTTUR**



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.20

Auddi og Sveppi

Auddi og Sveppi eru mættir, hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt. Með þeim félögum í kvöld er Magnús Valdimarsson, öðru nafni Maggi Mix, sem sló í gegn á Netinu með skemmtilegum matreiðslumyndböndum sínum. Þátturinn er í opinni dagskrá.



► VÍÐ MÆLUM MEÐ
Djúpa laugin

Skjár einn kl. 21.00

Ástargyðjurnar Ragnhildur Magnúsdóttir og Þorbjörg Marínósdóttir stjórna stefnumótþættinum Djúpa lauginni á Skjá einum. Þátturinn hefur verið með þeim vinsælustu sem stöðin hefur sýnt og völdu áhorfendur Djúpa lauginna sem þáttinn sem þeir vildu helst sjá aftur, í kosningu sem efnt var til á tíu ára afmæli Skjás eins í október 2009.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst	11.03 Samfélagið í nærmynd	18.00 Kvöldfréttir
06.40 Veðurfregnir	12.00 Hádegisútlarpíð	18.16 Spegillinn
06.50 Bæn	12.20 Hádegisfréttir	18.53 Dánarfregnir
07.03 Vitt og breitt	12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	19.00 Endurómur úr Evrópu
07.30 Fréttayfirlit	13.00 Á réttri hillu	20.00 Leynifélagið
08.00 Morgunfréttir	14.03 Gimmi, grúsk og glóriur	20.30 Söngfluglar
08.05 Morgunstud með KK	15.03 Útlarpssagan: Borg	21.10 Hringssól
08.30 Fréttayfirlit	15.25 Þau völdu Ísland	22.05 Veðurfregnir
09.05 Óskastundin	16.00 Síðdegisfréttir	22.10 Orð kvöldsins
09.45 Morgunleikfimi	16.05 Fimm fjórðu	22.15 Litla flugan
10.03 Veðurfregnir	17.03 Viðsjá	23.00 Kvöldgestir
10.13 Sagnaslóð		00.05 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlarp Saga
FM 102,2 Útlarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útlarp Boðun

EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Lois and Clark: The New Adventure (8:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet milli þess sem hann bjargar málum sem Ofurmennið.

18.30 Daily Show: Global Edition Spjallþáttur með Jon Stewart. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

19.00 The Doctors

19.45 Lois and Clark: The New Adventure (8:21)

20.30 Daily Show: Global Edition

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

► 21.50 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan Raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem nú hafa söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkana.

22.20 NCIS (15:25) Spennuþáttaröð um sérsviit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefni eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.

23.05 Southland (3:7) Lögregluþættir sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Þar er glæpatíðnin með því hæsta sem um getur og morð nánast daglegt brauð.

23.50 The Fixer (1:6)

00.40 Auddi og Sveppi

01.10 Fréttir Stöðvar 2

02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.40 Life of Riley 11.05 Allo, Allo! 11.35 The Inspector Lynley Mysteries 12.25 The Vicar of Dibley 12.55 The Weakest Link 13.40 New Tricks 14.30 Allo, Allo! 15.00 Only Fools and Horses 15.30 Blackadder II 16.00 Doctor Who 16.45 The Weakest Link 17.30 My Hero 18.00 Coupling 18.30 Coupling 19.00 The Smoking Room 19.30 Ruddy Hell! It's Harry and Paul 19.55 Little Britain 20.25 The Jonathan Ross Show 21.15 New Tricks 22.05 The Inspector Lynley Mysteries 22.55 The Jonathan Ross Show 23.45 The Smoking Room

DR 1

13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie 15.05 Tagkammerater 15.15 Benjamin Björn 15.30 Det kongelige spektakel 15.40 Timmytid 15.50 Jóhannas husdyr 16.00 Dronningens fødselsdag 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 16.50 Dronningens fødselsdag 18.30 Dronningens fødselsdag 19.00 TV Avisen 19.30 After the Sunset 21.05 Money Train 22.50 Boogie Mix

NRK 1

12.00 Historien om 12.10 Par i hjerter 13.00 NRK nyheter 13.10 Dynastiet 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Bondeknolen 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Forkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.40 Norge rundt 18.05 Lyngbo og Hærlands Big Bang 18.55 Nytt på nytt 19.25 Skavlan 20.25 Detektimen. Sporløst forsvunnet 21.05 Kveldsnytt 21.20 En velutstyrt mann 22.05 En artisthimmel full av stjerner 23.05 Takk Gud, det er fredag! 23.25 Trygdekantoret 23.55 Country jukebox m/chat

SVT 1

12.15 Landet runt 13.00 Antikrundan 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Hannah Montana 15.25 Plus 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturhyeterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Så ska det låta 19.00 Skavlan 20.00 Ransom 22.00 Sverige! 22.30 Millennium. Flickan som lekte med elden



NÝTT
KORTA
TÍMABÍL

Dekk á frábæru verði
VERÐ FRÁ 7.499.-

Fólksbíladekk

Sendibíladekk

Stærðir	Heilsársdekk	Stærðir	Heilsársdekk
165/70R13	7,499 kr.	195/70R15C	16,999 kr.
175/70R13	8,999 kr.	225/70R15C	19,999 kr.
175/70R14	10,799 kr.	205/65R16C	20,999 kr.
185/70R14	11,999 kr.	215/65R16C	21,999 kr.
175/65R14	9,999 kr.		
185/65R14	10,999 kr.		
185/65R15	12,999 kr.		
195/65R15	12,999 kr.		
205/65R15	14,999 kr.		
185/60R14	12,999 kr.		
205/55R16	13,999 kr.		
195/50R15	12,999 kr.		

TILBOÐ Á UMFELGUN

FYRIR VIÐSKIPTAVINI HAGKAUPS

fólksbíll 4.900.- • jepplingur 5.900.-

VDO Borgardekk • Borgartúni 36 (Bakvið Cabin hótél)



50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga 150 ár



„Besti bitinn er maturinn sem konan mín eldar og schnitzel-ið hennar mömmu.“

Ingvar Geirsson verslunarmaður.

Kristján Már fastur og fúll í Finnlandi

„Það er bara skelfilegt að vera hérna, það er það,“ segir Kristján Már Unnarsson, fréttamaður á Stöð 2, en hann er staddur í Finnlandi ásamt samstarfsmanni sínum, Heimi Má Péturssyni, á ráðstefnu norrænna fréttamanna. Kristján fór á kostum í fréttum af eldgosinu á Fimmvörðuhálsi nýverið þar sem hann komst í einstakt návígi við hrikalega krafta úr iðrum jarðar. Kristján er eldri en tvævetur þegar kemur að eldgosum en hann hefur fjallað um sex eða sjö eldgos á sínum fréttamannsferli. „Við erum hérna 25 fréttamenn og það er ekkert rætt um annað, menn hafa áhyggjur af því að komast ekki heim,“ segir Kristján.

Þótt reynsluboltinn vilji gera lítið úr fjarveru sinni þá má greina að honum þyki verra

að standa ekki við Markarfljót eða vera uppi í flugvél með jarðeðlisfræðingum. Því í bakgrunni símtalsins má heyrast lýsingar fréttamanna BBC á eldgosinu og það stendur ekki á aðáuninni þegar myndir frá Eyjafjallajökli líða yfir skjáinn. „Nei, nei, þetta eru svakalegar myndir, vá, þetta er bara aðalfréttin í heiminum,“ segir Kristján og tekur sér smá stund til að drekka í sig þessar hrikalegu náttúruhamfarir sem hafa lamað flugumferð um alla Evrópu.

Kristján minnst þess að fyrsta eldgosid sem hann hafi séð hafi verið Surtseyjargosið, „En þetta gos, eldgosid í Eyjafjallajökli, þetta er sennilega það gos sem hefur fengið hvað mestu athyglina, það er heimsfrægt.“



Í FINNLANDI Kristján Már fór á kostum í umfjöllun sinni um gosid á Fimmvörðuhálsi. Hann er hundfúll yfir því að vera í Finnlandi á meðan eldgosid í Eyjafjallajökli lamar allar flugsamgöngur í Evrópu.

- fgg

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. sléttur, 6. snæddi, 8. berja, 9. tilvist, 11. stöðug hreyfing, 12. flott, 14. digurmæli, 16. hvað, 17. útsæði, 18. kærleikur, 20. fisk, 21. yfirbragð.

LÓDRÉTT

1. líkamshluti, 3. þys, 4. garðplöntu-tegund, 5. miskunn, 7. æxlast, 10. spor, 13. skarð, 15. hemja, 16. rámur, 19. gólfahald.

LAUSN

LÓDRÉTT: 1. háls, 3. ys, 4. gíttíbra, 5. náð, 7. tímngas, 10. far, 13. rof, 15. fræ, 18. ást, 20. ál, 21. stíl.
LÁRÉTT: 2. lygn, 6. át, 8. slá, 9. líf, 11. íð, 12. smart, 14. groðb, 16. ha, 17. bæla, 19. tí.

ÁGÚST JAKOBSSON: FLÚÐI ELDGOSIÐ Í SÍÐUSTU VÉLINNI TIL BARCELONA

Tekur upp auglýsingu með besta fótboltamanni heims


„Ég átti að fara frá Gatwick um morguninn en þar var allt lokað. Ég náði svo einni af síðustu vélunum frá Heathrow. Flugmaðurinn sagði að við hefðum rétt svo sloppið,“ segir Ágúst Jakobsson kvikmyndagerðarmaður.

Ágúst býr í London og náði með herkjum að komast til Barcelona í gær áður en flugumferð stöðvaðist vegna öskufalls frá eldgosinu í Eyjafjallajökli. Ástæða fararinnar er sú að Ágúst er að fara að taka upp auglýsingu með Lionel Messi, besta knattspyrnumanni heims.

„Þetta er auglýsing fyrir kínverskt fjármálafyrirtæki. Ég verð með honum á æfingavelli Barcelona og svo verður framhaldið af auglýsingunni klárað í Peking. Þetta verður nú auðveldur dagur fyrir Messi, hann mætir til mín eftir æfingu og fær að halda boltanum á lofti og leika sér aðeins,“ segir Ágúst.

Ekki mátti miklu muna að Ágúst yrði af þessu draumaverkefni vegna eldgossins á Íslandi. Hann viðurkennir að það hafi verið nokkuð sérstök stund þegar hann kom í flugstöðina í gærmorgun. „Ég trúði þessu ekki þegar ég labbaði inn á Gatwick og sá að allt flug lá niðri vegna eldgoss á Íslandi. Þarna stóð ég í 66° norður úlpunni minni með fánann á erminni og var að spá í hvort ég ætti að fela fánann.“

Ágúst er mikill fótboltaáhugamaður og hefur sem slíkur notið þeirra forréttinda að fá að vinna með mörgum af þekktustu knattspyrnumönnum heims. Hann hefur gert auglýsingar með Ronaldo, Ronaldinho, Zlatan Ibrahimovich og fleirum og fyrir skemmstu gerði hann 3D-auglýsingu fyrir Samsung þar sem nokkrar hetjur úr Chelsea voru í aðalhlutverki. Svo skemmtilega vill til að Ágúst er harður stuðningsmaður Chelsea í enska boltanum. Kvikmyndatökmaðurinn viðurkennir þó að Messi



DRAUMAVERKEFNI

Ágúst Jakobsson tekur upp auglýsingu fyrir kínverskt fjármálafyrirtæki. Í aðalhlutverki er besti knattspyrnumaður heims, Argentínumaðurinn **Lionel Messi** sem leikur með Barcelona. Minnstu munaði að Ágúst kæmist ekki til Barcelona í gær vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Ágúst hefur tekið upp fjölda auglýsinga með þekktum knattspyrnumköppum. Má þar nefna menn á borð við Ronaldo, Ronaldinho og nokkra leikmenn Chelsea.

beri höfuð og herðar yfir aðra fótboltamenn í dag. „Hann er ótrúlegasti knattspyrnumaður í heimi. Hann er bara frá annarri plánetu.“

Aðspurður viðurkennir Ágúst að það geti vissulega verið svolítið sérstakt að vinna með þessum

þekktu köppum. „Já, þetta er oft svolítið skrítið. Um daginn var ég að vinna með öllum Chelsea-gaurunum og daginn eftir var ég kominn á Stamford Bridge til að horfa á leik með þeim. Mig langaði bara að fara niður og heilsa upp á þá aftur.“ hdm@frettabladid.is



FRÉTTIR AF FÓLKI

Auglýsingar símafyrirtækisins Alterna hafa vakið athygli, en fyrirtækið lofar að skapa *alvöru* samkeppni á farsímamarkaðnum á Íslandi. Sjónvarpsauglýsingin hefur vakið sérstaka athygli, en í henni gengur bandarískur maður um Ísland og talar um glatað samkeppnisumhverfi landsins.

Einhverjir þóttust kannast við kauða og er það ekki skrítið; hann heitir **Jeff McCarthy** og hefur leikið í þáttum á borð við Law and Order, Cheers og All My Children.

Tónlistarmenn komust í feitt í gær þegar styrktarsjóðurinn Kraumur úthlutaði styrkjum. Daniel Bjarnason og hljómsveitin FM Belfast fengu feitustu styrkina upp á eina milljón hvor. Peningurinn fer í kynningarstarf og tónleikahald erlendis. Einnig fengu hljómsveitirnar Mammút, Ourlives, Bang Gang, Retro Stefson, Sólstafrir og Seabear góða styrki ásamt fjölmörgum öðrum.

Eins og fram kom í þessum dálki í gær þá verður karlakórinn Fjallabræður á meðal þátttakenda í Poppunkti í Sjónvarpinu þegar ný þáttaröð hefst í sumar. Hinn poppróði Óli Palli af Rás 2 er meðlimur Fjallabræðra og aðdáendur þáttarins bjuggust við að hann yrði í framvarðasveit karlákórsins. Nú hefur hins vegar komið í ljós að Óli fær ekki að láta ljós sitt skína með Fjallabræðrum. Stjórnendur þáttarins, þeir **Felix Bergsson** og Dr. Gunní, settu fjarveru spekingisins sem skilyrði fyrir þátttöku kórsins, enda hefur hann gert það gott í líði atvinnumanna undanfarin ár. Úr herbúðum Fjallabræðra heyrir að þeir séu hvergi bangnir, enda starfaði kórstjórnin Halldór í plötubúð árum saman.

...góðar fréttir fyrir umhverfið

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

VAR AÐ DETTA Í HÚS!

SIGIN GRÁSLEPPA FRÁ DRANGS NESI REYKTUR RAUÐMAGI

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Yesmine í matarferð í Dúbaí

Yesmine Olsson heimsótti Abú Dabí nú í mars á vegum Gourmand World Cookbook Awards til að kynna matreiðslubók sína, Framandi og freistandi – indversk og arabísk matreiðsla.

Yesmine hefur í nógu að snúast því hún er á leið til London til að kynna bókina auk þess sem hún mun kenna Bollywood-dansa á heilsuráðstefnunni Best of the Best sem haldin verður í Svíþjóð í haust.

Aðspurð segir Yesmine að heimsóknin til borgarinnar hafi verið stutt en ánægjuleg. „Ég dvaldi þarna í fjóra daga og þetta var alveg ótrúlega skemmtileg ferð. Þarna voru samankomin ýmis útgáfufyrirtæki og aðrir úr þessum kokkabransa og ég var þarna fyrst og fremst til að kynna mig og bókina. Nú er ég einnig orðin sjóaðri í þessu og mun afslappaðri þannig að ég hef orðið gaman af því að standa þarna og kynna bókina fyrir fólki. Það var líka mjög spennandi að heimsækja Abú Dabí og geta kynnst arabískri matarmeningu betur,“ segir Yesmine.

Hún segist hafa fengið tíma til að skoða sig aðeins um í borginni og heimsótti meðal annars matarmark-



KENNIR ELDAMENNSKU Yesmine eldaði gómsætan mat úr bók sinni fyrir gesti í Abú Dabí.

aði. „Þetta er afskaplega falleg borg með mörgum fallegum byggingum. Ég skoðaði mig um á mörkuðum í frítíma mínum og kom auðvitað heim með fullar töskur af kryddi sem ég þarf núna að prófa mig áfram með. Ég fór einnig á döðlumarkað og það kom mér mikið á óvart hversu margar tegundir af döðlum eru til.“




Hér kemur




Maxímús Músíkús!

Ný bók
og diskur!



Ný bók um tónlistarmúsina Maxímús sem nú lendir í skemmtilegum ævintýrum í tónlistarskóla.

Frábær bók fyrir börn á öllum aldri þar sem lesendur kynnast undraheimi tónlistarinnar á einstakan hátt.



Loksins
fáanleg
aftur!

Komdu á tónleika!

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tvenna fjölskyldutónleika laugardaginn **17. apríl** þar sem Maxímús verður í aðalhlutverki. Á tónleikunum koma fram ungir einleikarar og hljóðfærahópar sem leika með hljómsveitinni. Sögumaður er Valur Freyr Einarsson og hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Póra fótbrotin í Ósló

Póra Tómasdóttir, fyrverandi sjónvarpskona í Kastljósinu, starfar við kvikmyndagerð í Noregi eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu. Hún varð fyrir því óláni í Ósló í vikunni að vörubíll keyrði utan í hana, þar sem hún var að hjóla á sérstakri akrein fyrir reið-



hjólaafólk. Póra fótbrotnaði en slapp að öðru leyti með skrámur. Póra þykir hafa sloppið nokkuð vel þar sem hún hentist undir bílinn í árekstrinum. Það er því ljóst að betur fór en á horfðist.

- afb

Ragnhildur til Björgólfs

Afsökunarbeiðni Björgólfs Thors Björgólfssonar í Fréttablaðinu í gær hefur vakið mikil viðbrögð. Margir gefa lítið fyrir iðrun hans, til dæmis Vilhjálmur Bjarnason, formaður Félags fjárfesta og Jónas Kristjánsson, fyrverandi ritstjóri. Þeir eru báðir vissir um að Björgólfur hafi ekki einu sinni skrifað greinina, heldur Ásgeir Friðgeirsson aðstoðarmaður hans. Björgólfur er hins vegar kominn með nýja hægrí hönd: Ragnhildur Sverrisdóttir, fyrverandi blaðamaður á Morgunblaðinu, sinnir nú upplýsingamálum Björgólfs Thors og Novator. Að sögn Ragnhildar starfar Ásgeir Friðgeirsson þó áfram sem sjálfstæður ráðgjafi Björgólfs Thors.


- bs



Mest lesið **VÍSIR.IS**

- 1 Um 1100 strandaglópar í Leifstöð
- 2 Magnaðar myndir af hlaupinu
- 3 Eldgosið stærsta mál dagsins á Google
- 4 Hríkalegt öskufall við Kirkjubæjarklaustur
- 5 Athugasemd frá Björgólfi Thor Björgólfssyni

73,8%



23,7%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á töluþláð, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 - janúar 2010.

Sumarið er komið í umferð

Sumardekkin færðu hjá okkur!



Vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði

TOYO TIRES



TOYO TIRES:
Hágæða japönsk dekk sem slegið hafa í gegn á Íslandi!

accelera

**Ódýr gæðadekk!
Verð frá kr. 7.990 stk.**



BFGoodrich
Tires



BFGoodrich:
Hágæða jeppadekk



Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23 - Reykjavík - S: 590 2000 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskilóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333